

Ársskýrslur aðildarfélaga

Fyrir aðalfund 24.5. 2025



Í Krabbameinsfélagi Íslands er 20 svæðafélög og 7 stuðningshópar. Félögin gegna öll mikilvægu hlutverki í stuðningi við fólk með krabbamein, fræðslu og forvarnir.

Efnisyfirlit:

Fjöldi félagsmanna í aðildarfélögunum	1
Krabbameinsfélag A-Húnavatnssýslu.....	2
Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis.....	4
Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis	5
Krabbameinsfélag Austfjarða	14
Krabbameinsfélag Austurlands.....	21
Krabbameinsfélag Árnessýslu.....	23
Krabbameinsfélag Borgarfjarðar.....	30
Krabbameinsfélag Breiðfirðinga	35
Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs	36
Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins	38
Krabbameinsfélag Norðausturlands.....	53
Krabbameinsfélag Rangarvallasýslu.....	54
Krabbameinsfélagið Sigurvon	55
Krabbameinsfélag Skagafjarðar	57
Krabbameinsfélag Snæfellsness.....	59
Krabbameinsfélag Suðausturlands.....	63
Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga	64
Krabbameinsfélag Suðurnesja	65
Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu.....	69
Krabbavörn Vestmannaeyjum	71
Brakkasamtökin	75
Brjóstaheill – Samhjálp Kvenna	80
Framför – félag BHKK greindra	82
Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk með krabbamein	87
Ný rödd	98
Perluvinir	100
Stómasamtök Íslands	101

Fjöldi félagsmanna í aðildarfélögunum

Félag	Fjöldi félagsmanna	Fjöldi fulltrúa
Krabbameinsfélag A-Húnavatnssýslu	185	1
Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis	-	1
Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis	1737	6
Krabbameinsfélag Austfjarða	568	3
Krabbameinsfélag Austurlands	218	2
Krabbameinsfélag Árnessýslu	531	3
Krabbameinsfélag Borgarfjarðar	-	1
Krabbameinsfélag Breiðfirðinga	36	1
Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs	-	1
Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins	1191	6
Krabbameinsfélag Norðausturlands	-	1
Krabbameinsfélag Rangarvallasýslu	-	1
Krabbameinsfélagið Sigurvon	-	1
Krabbameinsfélag Skagafjarðar	340	2
Krabbameinsfélag Snæfellsnes	-	1
Krabbameinsfélag Suðausturlands	-	1
Krabbameinsfélag Suður Þingeyinga	-	1
Krabbameinsfélag Suðurnesja	-	1
Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu	-	1
Krabbavörn Vestmannaeyjum	521	3
Brakkasamtökin	188	1
Brjóstaheill – Samhjálp kvenna	100	1
Framför	-	1
Kraftur	1152	6
Ný rödd	21	1
Perluvinir	-	1
Stómasamtök Íslands	350	2
Samtals	7138	51

Krabbameinsfélag A-Húnavatnssýslu.

Stofnað: Á Blönduósi 2.nóvember 1968.

Fjöldi félagsmanna: 185

Stjórn

- Formaður: Sveinfríður Sigurpálsdóttir
- Ritari: Kristín Rós Sigurðardóttir
- Gjaldkeri: Péturína L. Jakobsdóttir
- Meðstjórnandi: Margrét Einarsdóttir
- Meðstjórnandi: Viktoría Erlendsdóttir

Starfsemin

Ársskýrsla 2024

Aðalfundur félagsins var haldinn 13. maí á Apótekarastofu með góðum veitingum. Stjórnin var að hluta til endurkosin frá fyrra ári. Þar afhenti stjórnin þakkarbréf til sóma og dugnaðarkonu en hún seldi töskur og teppi úr bútasaumi og færði okkur afraksturinn sem er vegleg fjárupphæð og til minningar um son sinn. Einstaklingur gaf einnig félaginu góða fjárupphæð seinna á árinu. Upphæð af sölu minningarkorta félagsins á árinu var líka talsverð frá mörgum aðilum. Aðgangseyrir af tónleikum Jólahúna 2023 rann til félagsins sem var einnig mjög höfðingleg gjöf.

Send var út bréflega ályktun um ljósabekkjanotkun ungmenna til Heilbrigðiseftirlits Norðurlandi vestra, heilbrigðisnefndar á Sauðárkróki. Í bréfinu kom fram að börn og ungmenni virðast hafa greiðan aðgang að sólbaðsstofum þrátt fyrir 18 ára aldurstakmörk og fylgdi greinagerð með um hættur af útfjólublári geislun sem er talin helsta orsök húðkrabbameina.

Formaður sótti tvo rafræna formannafundi á árinu til að fræðast um hvað er í gangi hverju sinni hjá aðildarfélögunum sem er mjög með fjölbreyttu sniði hjá mörgum þeirra. Sat einnig aðalfund og málþing KÍ í júní í Rvk. Á þessum fundum komu fram m.a. umræður um sameiningar aðildarféлага eða hópa eftir aðstæðum og slíkar umræður voru einnig á formannafundi sem haldinn var í september, á vegum Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis. Sá fundur samþykkti að það verði stofnaður vinnuhópur í framhaldi af

viðræðunum, sem skili tillögum á næsta formannafundi. Umræður halda því áfram um slíkt. Formanni var boðið að heimsækja Krabbameinsfélag Akureyrar og nágretnis á skrifstofu þess og fékk þar góða kynningu á félaginu þeirra og bæklinga frá KÍ og til upplýsingar um starfsemi þeirra. Skilaboð voru frá formanni í KAON að þeir sem þurfa að fara til SAK á Akureyri til meðferðar á göngudeild séu velkomnir í heimsókn á skrifstofu þeirra en láti vita áður. Við getum látið það berast.

Félagið sá um að úvega bleikar filmur í október, bleika mánuðinum og var stofnun lýst upp í bleiku þ.e. HSN Blönduósi. Blönduóskirkja var lýst bæði að innan og utan, þessi litagleði kom vel út hjá báðum. Og vekur alltaf athygli í myrkrinu. Sendi formaður myndir af þeim til KÍ. Styrkir voru veittir vegna meðferðar félagsmanna sem sóttu um og er dvöldu á sjúkrahótelinu og eða í íbúð Krabbameinsfélags Íslands, En styrkir eru nú veittir eftir starfsreglum félagsins þar um. Stjórnin er þakklát öllum þeim fyrir góðan veittan stuðning, með fjárupphæðum sem okkur voru færðar á starfsárinu og kaup á minningarkortum. Einnig eigum við nóg til af minningarkortum geymd hjá okkur sem ástvinir geta sent til viðkomandi vegna fráfalls og nálgast má þau með aðstoð stjórnar. Líka er hægt að fara inn á krabb.is til að kaupa kort og velja upphæð og í nafn félagsins.

Sveinfríður Sigurpálsdóttir

Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis

Stofnað: 9. febrúar 1969

Ekki barst ársskýrsla.

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis

Stofnað 21. nóvember 1952

Fjöldi félagsmanna 1737

MANNAUÐUR

STJÓRN

Árlega er kosið til stjórnar á aðalfundi Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis. Stjórnin er skipuð sjö stjórnarmönnum, formanni og sex meðstjórnendum. Að auki eru tveir varamenn. Stjórnarseta aðalmanna er tvö ár í senn en eitt ár hjá varamönnum.

Stjórn Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis 2024:

Pétur Þór Jónasson, formaður

Inga Bára Ragnarsdóttir, varaformaður

Hólmar Erlu Svansson, gjaldkeri

Ingunn Eir Eyjólfsdóttir, ritari

Guðmundur Karl Jónsson, meðstjórnandi

Maron Björnsson, meðstjórnandi

Hafdís Sif Hafþórsdóttir, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn eru:

Sólveig Hulda Valgeirsdóttir, 1. varamaður

Katrín Júlía Pálmadóttir, 2. varamaður

STARFSFÓLK

Eva Björg Óskarsdóttir, verkefnastjóri móttöku, kynninga og vefmiðla

Marta Kristín Rósudóttir, verkefnastjóri dagskrár og viðburða

Jenný Valdimarsdóttir, ráðgjafi og verkefnastjóri hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins

SJÁLFBODALIÐAR

Félagið er með nokkra sjálfbóðaliða sem meðal annars halda utan um hópastarf á vegum félagsins. Við erum stolt af þessum flotta hóp og hlökkum til

áframhaldandi samstarfs með þeim. Við þökkum þeim öllum sérstaklega fyrir dýrmæta vinnu fyrir hönd félagsins.

ÞJÓNUSTA OG STARFSEMI

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis var stofnað 21. nóvember 1952. Starfssvæðið er frá Siglufirði í vestri og austur að Stóru Tjörnum í Ljósavatnsskrarði. Skrifstofa félagsins er að Glerárgötu 34, 2. hæð og þar deilir félagið húsnæði með Heilsu- og sálfræðiþjónustunni. Opnunartími á skrifstofu er mánudaga- fimmtudaga frá kl. 10:00-14:00 en hægt er að mæta í viðtöl á milli kl. 09:00-16:00. Félagið veitir fólki sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendum þeirra fjölbreytta þjónustu. Í boði er ýmis fræðsla, ráðgjöf og stuðningur, námskeið, heilsuefling, jafningastuðningur í karla- og kvennahópum og aðrir viðburðir.

SKRÁÐ SAMSKIPTI

Skráð samskipti við félagið voru 2.662 á árinu og fela þau í sér heimsóknarfjölda, símtöl og rafræn samskipti við félagið. Inn í þeim tölum eru ekki viðburðirnir Kótilettukvöld og Bleikt boð í Hofi. Skráð samskipti við félagið árið 2023 voru 2.575 og því var 3.38% aukning milli ára.

Samskipti og aðsókn eftir kyni og aldri

	Kona	Karl	Barn
Janúar	95	93	1
Febrúar	136	121	0
Mars	146	96	0
Apríl	120	114	0
Maí	72	57	0
Júní	84	19	0
Júlí	4	1	0
Ágúst	115	45	0
September	188	91	0
Október	210	102	3
Nóvember	129	93	0
Desember	90	48	0
Samtals	1389	880	4

Sumarlökun: 1. júlí til 5. ágúst.



Fjöldi viðtala á árinu

	Fjöldi
Ráðgjafarþjónustan	319
Eirberg	87
Samtals	406

Samskiptaleiðir við félagið

	Sími	Koma	Rafrænt
Janúar	36	59	18
Febrúar	49	96	31
Mars	60	100	31
Apríl	37	68	8
Maí	32	49	7
Júní	38	36	23
Júlí	0	3	0
Ágúst	46	68	37
September	54	79	20
Október	87	135	58
Nóvember	44	94	23
Desember	39	58	11
Samtals	522	845	267

Sumarlökun: 1. júlí til 5. ágúst.

RÁÐGJAFARÞJÓNUSTAN

Hjá Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis starfaði einn ráðgjafi á vegum Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands. Samstarfssamningur er á milli Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis og Krabbameinsfélagsins sem tryggir faglegan og fjárhagslegan grundvöll fyrir heilbrigðismenntuðum ráðgjafa. Reglulega kom að auki félagsráðgjafi frá Ráðgjafarþjónustunni til Akureyrar til þess að sinna viðtölum.

HÓPASTARF

Sjálfboðaliðar leiða hópana áfram og alltaf er tekið vel á móti nýjum einstaklingum. Hóparnir voru virkir bæði á vor- og haustönn.

- Skapandi handverk og spjall fyrir konur

- Kátir karlar fyrir karlmenn
- Leshópur
- Gönguhópurinn Göngum saman

EIRBERGSPJÓNUSTA

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis hefur verið í samstarfi við Eirberg seinustu ár til þess að hægt sé að bjóða upp á þessa þjónustu á Norðurlandi. Konur sem hafa farið í brjóstnám eða fleigskurð geta pantað tíma í Eirbergspjónustuna. Hjúkrunarfræðingur tekur á móti konunum, veitir ráðgjöf og mælir fyrir gervibrjóstum og ermum til að meðhöndla sogæðabjúg. Aðstaðan er til fyrirmyndar með hjólastólaaðgengi, rúmgóðu viðtalsherbergi og mátunarklefa. Komur í Eirbergspjónustuna á árinu voru 87 talsins.

HEILSUEFLING

Heilsuefling sem félagið býður upp á er í gegnum styrki frá Minningarsjóði Baldvins Rúnarssonar og velunnurum Krabbameinsfélagsins. • Yoga nidra námskeið í samstarfi við Sjálfsrækt allt árið nema yfir sumartímann • Líkamsræktarkort fyrir einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein.

ÁRIÐ Í HNOTSKURN

Vorönn

- Hópastarf fyrir karla
- Hópastarf fyrir konur
- Leshópur
- Göngum saman hópur
- Yoga nidra námskeið hjá Sjálfsrækt
- 25. janúar - Hjálpartækjakynning frá Stuðningsþjónustu Akureyrarbæjar
- 26. janúar - HSN Hornbrekka á Ólafsfirði og HSN á Siglufirði
- 31. janúar - Námskeið fyrir einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein, 3 skipti
- 1. febrúar - Perlað af krafti
- 21. febrúar - Snyrtinámskeiðið Gott útlit - betri líðan
- 5. mars - Fyrirlestur um næringu - Steinar frá KÍ
- 6. mars - Búðarferðir með næringarfræðingi
- 7. mars - Kótiletukvöld
- 16. mars - Til hamingju með að vera mannleg, leiksýning í Hofi
- 3. apríl - Húsavík
- 11. apríl - Fyrirlestur um samúðarþreytu fyrir heilbrigðisstarfsfólk frá Katrínu Ösp
- 13. apríl - Viðburður á Bjargi



- 20. apríl - Hvíldarhelgi í Mývatnsveit
- 22. apríl - Aðalfundur félagsins
- 16. maí - Fyrirlestur Lífið eftir krabbamein - Lóa Björk Ólafsdóttir frá KÍ
- 2. júní - HSN Hornbrekka á Ólafsfirði og HSN á Siglufirði
- 13. júní - Vorferð Skapandi handverk og spjall
- 1. júlí - 5. ágúst - Sumarlökun

Haustönn

- Hópastarf fyrir karla
- Hópastarf fyrir konur
- Leshópur
- Göngum saman hópur
- Yoga nidra námskeið hjá Sjálfsrækt
- 16. ágúst - HSN á Siglufirði
- 24. ágúst - Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka
- 29. ágúst - Viðburður á vegum Akureyrardætra
- 4. september - Námskeið fyrir einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein, 3 skipti
- 12. september - Bjargráð í veikindum - Norðankraftur
- 13. september - Formannafundur aðildarféлага Krabbameinsfélaga Íslands á Akureyri
- 14. september - Stuðningsfulltrúanámskeið frá Krabbameinsfélagi Íslands
- 3. október - Börn með krabbamein, erindi frá Vigdísí Hrönn Viggósdóttir
- 3-5. október - Dekurdagar á Akureyri
- 3. október - Bleikur bás á Glerártorgi
- 4. október - Bleikur bás í Centro
- 6. október - Bleik messa á Húsavík
- 12. október - Sigga Soffía með ljóðalestur í verslun Pennans Eymundsson
- 13. október - Bleik messa í Gleráarkirkju
- 17. október - Bleikur bás í Kistu
- 20. október - Bleik messa í Akureyrarkirkju
- 22. október - Krabbameinstengd þreyta, fyrirlestur með Jennýu Valdimarsdóttur 23. október - Bleiki dagurinn
- 6. nóvember - Mikilvægi hreyfingar, erindi frá Þuríði sjúkrapjálfa
- 8. nóvember - Uppgjör á Bleikum október í Hofi
- 20. nóvember - Karlahittingur með Snæbirni, sérfræðingi í geðhjúkrun

- 27. nóvember - Opið hús á skrifstofunni
- 28. nóvember - Eirberg með kynningu
- 3. desember - HSN á Dalvík

VIÐBURÐIR OG VERKEFNI

DEKURHELGI Í MÝVATNSVEIT

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis bauð upp á Hvíldarhelgi í Mývatnsveit 20.-21. apríl. Í ferðina fóru 22 einstaklingar sem greinst höfðu með krabbamein og/eða aðstandendur. Þátttökugjald var 5.000 kr. á mann. Í ferðinni var innifalin dvöl á Selhóteli í Mývatnsveit í eina nótt með góðum mat, aðgangur í Jarðböðin og fræðsla frá starfsfólki KAON.

KÓTILETTUKVÖLD

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis hélt kótilettukvöld 7. mars í tilefni Mottumars. Viðburðurinn var haldinn á Vitanum Mathús og var dagskráin glæsileg en Sesselía Ólafsdóttir veislustýrði, Hrund Hlöðvers skemmti og Ástarpungarnir lokuðu kvöldinu. Hægt var að kaupa happdrættismiða og mottumarsvarning. Á viðburðinum safnaðist 500.000 kr. til styrktar félaginu. Helstu styrktaraðilar: Vitinn Mathús, Kjarnafæði Norðlenska hf., Innnes, Grand þvottur.

REYKJAVÍKURMARAFON

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka fór fram laugardaginn 24. ágúst en 14 frábærir hlauparar tóku þátt fyrir hönd Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis. Í heildina söfnuðust 2.597.500 kr. sem er það lang mesta sem félagið hefur fengið tengt Reykjavíkurmaraþoninu. Félagið þakkar öllum sem tóku þátt og styrktu kærlega fyrir.

DEKURDAGAR

Dekurdagar eru haldnir á Akureyri í október til þess að lífga upp á bæinn og styrkja Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis. Bærinn verður bleikur með bleikum slaufum í staurum, skemmtilegum viðburðum og tilboðum í verslunum. Í ár söfnuðust um 6,7 milljónir fyrir félagið og hér fyrir neðan eru nokkrir styrkir frá þeim 70 fyrirtækjum sem tóku þátt.

- 500.000 kr. - Samherji
- 138.000 kr. - Kista



- 125.000 kr. - Brynjuís
- 100.000 kr. - Höldur
- 100.000 kr. - Skógarböðin
- 100.000 kr. - Glerártorg
- 70.000 kr. - Múlaveitingar
- 65.000 kr. - Landsbankinn
- 60.000 kr. - Giljaskóli
- 50.000 kr. - Íslandsbanki
- 50.000 kr. - Sportver
- 49.000 kr. - Lottan

UPPGJÖR Á BLEIKUM OKTÓBER

Föstudaginn 8. nóvember var haldinn viðburður í Hofi þar sem félagið lokaði bleikum október. Dagskrá: Streitan, taugakerfið og styrkjandi leiðir - Lóa Björk Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur og ráðgjafi frá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. Slaufar krabbamein kynlífi? - Áslaug Kristjánsdóttir hjúkrunar- og kynfræðingur. Afhending á ágóða söfnunar Dekurdaga. Ljóðaflutningur - Sigríður Soffía Níelsdóttir, hönnuður bleiku slaufunnar og ljóðskáld.

MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

Það er mikilvægt að okkar félagsmenn hafi góðan aðgang að upplýsingum frá félaginu og því er heimasíða félagsins, kaon.is reglulega uppfærð með fréttum ásamt því að allir þeir sem skráðir eru á póstlista félagsins fá tilkynningu þegar ný frétt kemur inn. Öllum fréttum er líka deilt á Facebook síðu félagsins, en þar er einnig deilt margskonar fróðleik og fræðslu. Vefmiðlar á svæðinu, Akureyri.net, Vikublaðið og Kaffið.is voru duglegir að skrifa og birta fréttir í tengslum við félagið. Félagið auglýsti reglulega í Dagskránni ásamt vefmiðlinum Akureyri.net. Félagið opnaði Instagram aðgang þar sem margskonar efni er deilt og með þeim hætti er hægt að ná til fjölbreyttari hóps.

GJAFIR FRÁ FÉLAGINU

- Í byrjun árs afhenti félagið göngudeildinni á SAK þrjá meðferðastóla og þrjú hliðarborð.
- Um vorið gaf félagið sólvarnir í leikskóla á Akureyri og nágrenni fyrir leikskólabörn.

- Um haustið voru keypt tvö sjónvörp og veggfestingar fyrir lyflækningadeild á SAK sem voru sett í herbergi þar sem líknandi meðferð er veitt.
- Í október voru saumuð um 50 bleik koddaver og þau afhent göngudeildinni á SAK.
- Í lok árs var gefinn sófi á almennu göngudeildina á SAK fyrir biðstofuna.

REKSTUR

Starf Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis byggist alfarið á stuðningi einstaklinga og fyrirtækja en stærsti styrkurinn kemur frá Velunnurum Krabbameinsfélags. Félagið er þakklátt öllum þeim sem velja að styrkja félagið og láta gott af sér leiða en Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis er skráð á almannaeftirliti. Heildarvelta félagsins 2024 nam 43,9 milljónum og var afkoma ársins 8,4 milljónir.

FÉLAGSMENN

Ein af grunnstöðum Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis eru félagsgjöldin sem félagsmenn okkar greiða einu sinni á ári. Félagsgjöldin eru 4.800 kr. og koma í heimabanka félagsmanna árlega en hægt er að skrá sig á heimasíðu félagsins, kaon.is. Á árinu 2024 skráðu 70 nýir einstaklingar sig sem félagsmenn. Stjórn félagsins þakkar öllum félagsmönnum kærlega fyrir stuðninginn.

ENDURGREIÐSLUR

Félagið tekur þátt í að niðurgreiða kostnað á íbúðum og dvöl á sjúkrahóteli fyrir sína félagsmenn, á meðan krabbameinsmeðferð stendur. Á árinu greiddi félagið um 3,2 milljónir til 40 einstaklinga fyrir gistikostnað.

VELUNNARAR

Velunnarar eru ómetanlegt bakland Krabbameinsfélags Íslands allan ársins hring. Árlega sækir Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis um styrk sem aðildarfélag í sjóðinn. Félagið fær rekstrarstyrk fyrir allt að 50% kostnaði. Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis fékk árið 2024 styrk upp á 16.529.661 kr.

STYRKIR

Hér má sjá brot af þeim fjölmörgu styrkjum sem félagið fékk á árinu.

- 16.529.661 kr. - Velunnarasjóður
- 6.700.000 kr. - Dekurdagar
- 2.597.500 kr. - Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka
- 2.000.000 kr. - Gústaf Baldvinsson og Þorsteinn Már Baldvinsson styrktu félagið til minningar um Aðalheiði Hafsteinsdóttur sem hefði orðið 65 ára þann 11. ágúst 2024.
- 505.000 kr. - Hörður Óskarsson, Mynthringir
- 500.000 kr. - Lions klúbburinn Vitaðsgjafi
- 500.000 kr. - Minningarsjóður Baldvins Rúnarssonar, heilsuefning
- 430.000 kr. - Akureyrardætur
- 350.000 kr. - Kea sjóðurinn
- 250.000 kr. - Minningar- og líknarfélag Stapa
- 249.565 kr. - Lindex
- 240.861 kr. - Líkamsræktin Bjarg ehf
- 216.500 kr. - Kvenfélagið Hlín
- 150.000 kr. - Píludeild Þórs
- 110.000 kr. - Kvennfélagið Hjálpin
- 100.000 kr. - Níelsdætur sf.
- 100.000 kr. - Bústólpi
- 100.000 kr. - Lions klúbburinn Hængur

Krabbameinsfélag Austfjarða

Stofnað: 1970

Fjöldi félagsmanna: 568

Krabbameinsfélag Austfjarða var stofnað 21. apríl 1970. Félagið hefur verið með virka stjórn og haldið úti öflugum starfi í gegnum tíðina. Markmið félagsins er að endurspegla yfirmarkmið Krabbameinsfélaganna, að fækka þeim sem fá krabbamein, fækka þeim sem deyja af völdum krabbameina og auka lífsgæði krabbameinsgreindra. Félagið styður við bakið á krabbameinsgreindum og aðstandendum á fjölbreyttan hátt. Félagið styrkir krabbameinsgreinda fjárhagslega með því að niðurgreiða aksturs- og gistikostnað meðan á meðferð stendur, sem og að veita þeim fræðslu og stuðning. Félagið heldur úti öflugum fræðslu- og forvarnarstarfi til að hvetja fólk til að vera vakandi fyrir einkennum sem og til að minnka líkur á krabbameinum. Félagið sinnir öflugri hagsmunabaráttu og reynir að vera í góðu sambandi við alla aðila sem koma að krabbameinsgreindum til að berjast á móti þeim ójöfnuði sem hallar á fólk af landsbyggðinni. Félagið er einnig að styrkja baklandið fyrir krabbameinsgreindra á svæðinu með því að styrkja tækjakaup og vinnu við að bæta aðbúnað við krabbameinsmeðferðir á Umdæmissjúkrahúsi Austurlands í Neskaupsstað en einnig með námsstyrkjum til heilbrigðisstarfsfólks sem hefur hug á að sérhæfa sig eða bæta við sig þekkingu í tengslum við krabbameinsmeðferðir.

Stjórn:

Aðalfundur var haldinn 9. apríl 2024

Þá var endurkjörin stjórn félagsins:

- Formaður: Hrefna Eypórsdóttir
- Varaformaður: Jóhann Sæberg Helgason
- Gjaldkeri: Guðmundur Rafnkell Gíslason
- Ritari: Gunnhildur Ósk Sæbjörnsdóttir
- Varamenn: Jóhanna Ríkey Jónsdóttir, Sunna Björg Guðnadóttir
- Framkvæmdastjóri/Starfsmaður er Hrefna Eypórsdóttir

Stjórn fékk umboð aðalfundar til að starfa undir fjögurra manna aðalstjórn þar sem vantar einn inn í stjórn félagsins.

Haldnir voru 3 stjórnarfundir á árinu.

Formannafundir KÍ voru 4.

Fundir með skrifstofum aðildarfélaganna voru 2.

Fundir vegna Styrkleikanna voru 6.

Fundir vegna aðildarfélagakerfis voru 1.

Fundir vegna stýrihóps um framtíðarsýn aðildarfélaganna voru 3.

Starfsemi:

Janúar: Skrifstofan opin, Round table í Fjarðabyggð komu og fengu fræðsluerindi um starf félagsins og um einkenni krabbameina, lífstíl og fleira.

Febrúar: Perluviðburður með Krafti í Nesskaupsstað þar sem við aðstoðuðum við skipulag og undirbúning. Við settum upp og héldum Mottumarslaup 29. febrúar sem var fyrsti viðburður Mottumars. Við fengum til okkar Frímúrara á Austurlandi í súpufund þar sem við kynntum fyrir þeim félagið og starfsemina sem og fræðslu um krabbamein, einkenni og fleira. Formaðurinn fór á fræðsluerindi á LSH um skimanir áhættuhópa vegna krabbameina.

Mars: Mottumars var fjörugur og margir viðburðir en þar ber helst að nefna gönguskíðakennsla og skíðakennsla í Oddsskarði, mottumarsmessa á Reyðarfirði, skipulögð mottumarsganga í bland við æfingar á Fáskrúðsfirði og hádegiserindi um breytingar í mataræði. Þá hélt félagið í samstarfið við Krabbameinsfélag Austurlands erindi fyrir þá sem greinst hafa með krabbamein; Lífið eftir krabbamein sem Lóa Ólafsdóttir, ráðgjafi frá Krabbameinsfélaginu hélt. Við fórum í átak að fjölga félagsmönnum, og Lóa fór með fræðsluerindi í Alcoa. Yfir 350 einstaklingar sóttu viðburðina okkar og við seldum sokka fyrir KÍ fyrir tæplega 900.000 krónur sem við keyrðum út á vinnustaðina sem er mikilvægt upp á sýnileika og samskipti við okkar félagsmenn og skjólstæðinga.

Apríl: Héldum aðalfund félagsins,

Maí: 1.maí hlaup Launafls og Krabbameinsfélags Austfjarða var haldið og er það fjáröflun fyrir félagið en metþátttaka var þar sem 31 hlaupari tók þátt. Við fórum í okkar árlega átak í sólarvörnum og færðum öllum leikskólum sólarvarnir og sendum fræðslu til starfsfólks og foreldra á íslensku ensku og pólsku. Við fengum Rótarí á Austurlandi í súpu og fræðslu um félagið líkt og Frímúrarar höfðu komið í til okkar í febrúar. Við römpuðum upp aðstöðuna

okkar og er nú hjólastólaaðgengi inn í húsið til okkar sem er frábært og hefur það komið að notum. Í maí fór formaður félagsins á aðalfund KÍ. Við tókum þátt í side kick health starfi með því að kynna app fyrir konur sem hafa fengið brjóstakrabbamein. Mjög áhugavert verkefni sem þó fáar konur nýttu sér. Nú svo sendum við frá okkur ályktun og erindi um bílastæðagjöld á Egilsstaðaflugvelli vegna þess að sá kostnaður verður ekki endurgreiddur sem hluti af ferðakostnaði. Á aðalfundi KÍ fékk heilbrigðisstarsfólk samfélagsviðurkenningu KÍ. Það er á landsvísu svo við óskuðum eftir að fá sent viðurkenningarskjal til að veita okkar frábæra heilbrigðisstarsfólki líka.

Júní/júlí: Starfmaðurinn/formaðurinn okkar fór á ráðstefnu í Philadelphiu um arfgeng krabbamein í víðum skilningi. Frábær ráðstefna í alla staði, mikil vitneskja og aukinn áhugi sem fylgdi með heim en ekki síður mikilvægt að stækka tengslanetið og fræðast. Sumarið fór svo í að undirbúa og auglýsa hlauparana sem tóku þátt í Reykjavíkumaraþoni og að undirbúa Styrkleikana sem haldnir voru í annað sinn á Egilsstöðum.

Ágúst: Reykjavíkumaraþon og metfjöldi þátttakenda, eða 15 hlauparar og 1 hlaupari hér heima og metupphæð sem safnaðist. Ekki bara það að leggja á sig að hlaupa heldur líka ferðakostnað og ferðalagið til að geta tekið þátt! Héldum Styrkleikana yfir mánaðamótin, frá 31. Ágúst-1. september.

September: Við fórum í herferð í brjóstaskimun með efni frá Krabbameinsfélagi Höfuðborgarsvæðisins, sendum á hópa, vinnustaði og allar íbúasíður hér á okkar svæði hvatningu um að mæta í skimun. Mæting í skimun hér fyrir austan í október var frábær en miður þó að færri komust að ein vildu svo vonandi verður dögnum fjölgað á þessu ári. Formaður félagsins fékk boð á ráðstefnu í Kaupmannahöfn á vegum Norrænu brjóstakrabbameinssamtakanna. Mjög fróðlegt og áhugavert. Formaðurinn okkar fór einnig á formannafund á Akureyri þar sem við skoðuðum krabbameinsdeildina á SAK ásamt yfirlækni. Áttum góðan fund og ótrúlega gott að hitta fólk í eigin persónu en ekki bak við tölvuskjáinn. Í vor fengum við ábendingu frá aðstandenda um að það vantaði stuðning fyrir börn sem hafa misst foreldri og fórum við beint í að bóka fund með sr. Benjamín og ákváðum að taka upp þráðinn og koma þessu verkefni á laggirnar með haustinu. En tíminn frá því við hittumst dundu áföllin yfir samfélagið okkar hvert á fætur öðru og var áfallateymið meira og minna að störfum í margar vikur samfleytt. Vegna þessa tóku kirkjan, sveitarfélögin og áfallateymið

höndum saman og stofnuðu þetta teymi í lok september með aðstoð frá Matthildi Bjarnadóttur prest í Seljakirkju og verkefnastjóri Arnarins.

Oktober: Bleikur október kom með trukki, og hófum við hann með því að skrifa undir 3ja ára samstarfssamning við Fjarðabyggð. Við tókum þátt í sölnunni á slaufunni og sokkum fyrir KÍ, vorum með bleikan spinningtíma, bleikan vatnsleikfimitíma, Bleikt kvöld, Bleika messu, fengum Lady circle klúbbinn í Fjarðabyggð í súpukvöld og fræðslu, vorum með erindi á kvenfélagsfundi á Reyðarfirði, vorum með fræðsluerindi fyrir starfsfólk á skrifstofum Fjarðabyggðar, Grunnskólann á Reyðarfirði og í Neskaupsstað og svo fyrir starfsfólk Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði. Formaðurinn okkar var beðinn að taka sæti í stýrihóp fyrir framtíðarsýn aðildarféлага KÍ til að veita sem besta þjónustu fyrir alla landsmenn og er sá hópur starfandi og á að skila af sér skýrslu í apríl á þessu ári. Einnig var okkur boðið að taka þátt í vinnustofu um velferð, vinnumarkaðsmál og heilsu á vegum Austurbrúar varðandi að búa til drög að nýrri sóknaráætlun fyrir Austurland til næstu 5 ára.

Nóvember: Formaðurinn fór á flesta framboðsfundi í aðdraganda alþingiskosninga sem hægt var hér eystra en sendi einnig erindi á alla flokka í framboði um hvað þarf að laga varðandi jöfnuð og jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu hér eystra. Ástandið virtist koma fólki í opna skjöldu og margir þekktu ekki hvernig staða mála er á landsbyggðinni.

Desember: Aðventukvöld og krýndum hvunndagshetjurnar okkar.

Það sem gerðist svo flesta mánuði var auðvitað að Lóa okkar Björk Ólafsdóttir, ráðgjafi hjá KÍ kom austur með ráðgjöf fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur og erum við óendanlega heppin með hana og held ég að þeir sem njóti þjónustu hennar séu mjög glaðir með að fá þessa þjónustu hér í heimabyggð.

Við erum dugleg að miðla námskeiðum og fræðslu sem er í boði í gegnum fjarfundi. Tökum á móti krabbameinsgreindum og aðstandendum og berjumst fyrir réttindum og sendum ábendingar um það sem þarf að breyta og bæta.

Viðburðir

- Perluviðburður með Krafti í Neskaupsstað
- Mottumars með 6 viðburðum
- 1.maí hlaup
- Reykjavíkumaraþon

- Styrkleikarnir
- Bleikur október
- Aðventukvöld

Styrkir

Krabbameinsfélag Austfjarða styrkti krabbameinsgreinda félagsmenn á árinu. Félagið leggur sig fram um að ná til krabbameinsgreindra á svæðinu og veita styrki vegna gisti- og aksturskostnaðar þá vegna leigubíla- og/eða bílaleigubíla meðan á meðferð stendur. Styrkupphæðin fyrir árið 2024 var 3.500.643.

Fræðslu- og forvarnastarfsemi

Félagið hefur verið öflugt í að vera með hreyfitengda viðburði til að vekja athygli á ávinningi þess að stunda heilsusamlegan lífstíl.

Í mars vorum við með hádegiserindi um breytt mataræði, fræðslu fyrir þá sem hafa greinst með krabbamein; Lífið eftir krabbamein.

Í apríl sendi félagið sólarvarnir á alla leikskóla á þjónustusvæðinu ásamt fræðsluerindi byggðu á efni frá fræðsludeild KÍ um mikilvægi sólarvarna barna og fullorðinna. Þetta verkefni hefur mælst vel af öllum aðilum sem að koma.

Í október vorum við með fræðslu fyrir hópa, vinnustaði og félagasamtök um krabbamein, skimanir og hlutverk aðstandanda þegar einstaklingur greinist með krabbamein.

Markaðsstarf og kynningarmál

Félagið skrifaði undir samstarfssamning við Fjarðabyggð sem gefur okkur vettvang til sýnileika hjá starfsfólki og íbúum sem og á miðlum sveitarfélagsins.

Félagið fór í átak að safna félagsmönnum og sendi út valgreiðsluseðla á alla íbúa á okkar þjónustusvæði á aldrinum 25-55 ára. Samhliða sendum við út auglýsingar á staðarmiðlum og samfélagsmiðlum á íslensku, ensku og pólsku þar sem við kynntum þetta verkefni.

Félagið fékk umfjöllun í Austurfrétt, staðarmiðlinum í mars vegna viðburða sem voru á vegum þess í tilefni af Mottumars.

Félagið tók þátt í Styrkleikunum og fékk þar frábært tækifæri til að kynna starf félagsins með bæði umfjöllun og svo samræðum við þátttakendur og gesti Styrkleikanna.

Formaður Krabbameinsfélags Austfjarða fékk þann heiður að taka þátt í vinnustofu um velferð, vinnumarkaðsmál og heilsu á vegum Austurbrúar varðandi að búa til drög að nýrri sóknaráætlun fyrir Austurland til næstu 5 ára. Þar var frábært tækifæri til að koma að starfi krabbameinsfélagsins og hvar við þurfum að berjast fyrir jöfnuði í kerfinu og bæta aðstöðu til meðferða hér á okkar svæði.

Félagið sendi frá sér ályktun og erindi um bílastæðagjöld á Egilsstaðaflugvelli vegna þess að sá kostnaður verður ekki endurgreiddur sem hluti af ferðakostnaði.

Facebooksíða félagsins

Fjöldi pósta hafa verið birtir á Facebook síðu félagsins sem er helsti samskiptamáti félagsins við nærsamfélagið. Félagið birti á árinu 229 færslur á facebook síðu sinni sem voru af ýmsum toga, greinar, fróðleikur, fræðsla, auglýsingar um opnun og viðburði og náðu þær færslur til tæplega 29.000 einstaklinga. Fylgjendur síðunnar okkar eru um 1000.

Samstarf

- Félagið er með samstarfssamning við Fjarðabyggð þar sem félagið fær 500.000 krónur á ári og sendum reglulega út fræðslupósta sem sveitarfélagið deilir á starfsmannavef sinn og nær þá fræðslan til allra starfsmanna þess.
- Félagið nýtur einnig samstarfs/velvilja Eskju sem leyfir félaginu að vera endurgjaldslaust í því húsnæði sem við höfum aðstöðu okkar í.
- Gott samstarf við KÍ og kemur Lóa B. Ólafssóttir ráðgjafi um það bil einu sinni í mánuði og veitir okkar skjólstæðingum viðtöl og nýtir þá aðstöðuna hjá okkar félagi.
- Félagið á gott samstarf við Krabbameinsfélag Austurlands og héldum við saman Styrkleika á Egilsstöðum í annað sinn. En einnig vorum við með sameiginlegt fræðsluerindi í Mottumars.
- Vorum í samstarfi við Side kick health með að kynna app fyrir konur sem hafa fengið brjóstakrabbamein.
- Fórum í samstarf við Jurtadís, fyrirtæki á Fáskkrúðsfirði, sem er að búa til náttúruleg krem, sápur og snyrtivörur. Hluti af framleiðslunni er útbúinn sérstaklega fyrir fólk með veiklaða húð tengt krabbameinsmeðferðum og er það verkefni í gangi áfram.



Fjármál

Afkoma félagsins á reikningsárinu var jákvæð um 4.329.425

- Helstu kostnaðarliðir voru: Rekstur þjónustuskrifstofu og styrkir til krabbameinsgreindra.
- Helstu innkomuliðir voru félagsgjöld, styrkur úr velunnarasjóði, samstarfssamningur, minningarkort og styrkir einstaklinga og fyrirtækja.

Lokaorð

Árið var viðburðaríkt, en það bæði gaf og tók eins og gangur lífsins er. Við erum stórt félag á litlu svæði með fáum íbúum en fullt af félagsmönnum. Við þekkjumst persónulega, erum tengd annað hvort beint eða óbeint og því tekur oft svolítið meira á en venjulega þegar einhver greinist og veikist alvarlega. En við stöndum saman, gerum okkar besta til að styðja við bakið á krabbameinsgreindum og aðstandendum þeirra samhliða því að vera sýnileg og sinna forvarnarfræðslu. Við höldum áfram að sinna því starfi sem við erum að sinna og reynum að fjölga verkefnum smátt og smátt og viljum leggja áherslu á nýju ári á fræðslu varðandi heilsutengdar forvarnir og að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl.

Takk fyrir samstarfið.

Stjórnin

Krabbameinsfélag Austurlands

Stofnað 19. Apríl 1970

Fjöldi félagsmanna: 218

Skráðir félagar eru 218 og af þeim hafa 177 greitt félagsgjald fyrir árið 2024. Félögum hefur fjölgað talsvert á árinu. Enda hafa stjórnarmeðlimir lagt mikla vinnu við að auglýsa félagið og fjölga meðlimum.

Formlegir stjórnarfundir á árinu voru sex talsins og voru það bæði staðarfundir í húsnæði félagsins og fjarfundir. Aðalfundur félagsins fyrir árið 2023 var haldin 5.mars 2024.

Í mars mánuði bauð félagið upp á kaffi og spjall í nettó í tilefni Mottumars. Góð leið til að vekja athygli á félaginu. Stjórnarmeðlimir dreifðu sameiginlegum bækling krabbameinsfélags íslands og krabbameinsfélags austurlands.

Í Apríl hélt stjórn fund í Herðubreið á Seyðisfirði til að kynna félagið og starfssemi þess. Mæting á fundinn var því miður ekki góð.

Félagið gaf sólarvörn á alla leikskólana á starfssvæðinu og fékk til þess góðan stuðning frá Lyfju á Egilsstöðum. Eitt af markmiðum Krabbameinsfélagsins er að fækka þeim sem fá krabbamein með öflugum forvörnum. Sólarvarnir skipta miklu máli fyrir alla og sérstaklega fyrir börn, sem eru viðkvæmari fyrir sólargeislum, en skaði af völdum sólar getur leitt til húðkrabbameins síðar á ævinni.

Reglulegir fundir voru yfir sumarið til að undirbúa Styrkleikana sem voru á Egilsstöðum annað árð í röð. Mikið samstarf var með krabbameinsfélagi Austfjarða. Leikarnir, sem fóru fram helgina 31.ágúst til 1.september voru talsvert lágstemdari enn árið áður, en tókust mjög vel.

Talsvert var af viðburðum í október í tengslum við Bleikan október. Sem dæmi má nefna var bleikt yoga, bleikt zumba, bleikt útihlaup, bleikt bíó, bleikt kaffi, bleik messa svo eitthvað sé talið upp. Einnig hélt félagið opin bleikan fund í Hlymsdölum. Ágóði af bleikum viðburðum rann til félagsins.

Jafningjastuðningurinn hefur haldið sínum dampi og hittist hann á tveggja vikna fresti í húsnæði félagsins og hefur aðsókn verið nokkuð jöfn. Nokkrir nýjir bættust í hópinn og aðrir hættu.

Félagið flutti starfssemi sína í annað húsnæði á haustdögum. Félagið er nú til húsa í Tjarnarbraut 39a kjallara (Vonarland).

Allnokkrir einstaklingar sóttu um styrk til félagsins á árinu og voru rúmar 2 milljónir greiddar í dvalarstyrki. (sjá nánar í ársreikningi)

Stæðstu styrkir sem fékk á árinu voru frá Samfrímúrara reglunni uppá 350.000 krónur og frá Alcoa upp á kr 1.000.000 króna.

Stjórn félagsins árið 2024 skipuðu; Kristjana Sigurðardóttir, formaður, Kristjana Björnsdóttir gjaldkeri, Guðmunda Vala Jónasardóttir ritari, Ragnhildur Sveina Árnadóttir og Jóna Björg Sveinsdóttir meðstjórnendur. Varamenn Bryndís Snjólfsdóttir og Elísabet Sigurðardóttir.

Kristjana Sigurðardóttir formaður

Krabbameinsfélag Árnessýslu

Stofnað: 29.maí 1971

Fjöldi félagsmanna: 531

Saga félagsins

Krabbameinsfélag Árnessýslu var stofnað 29. maí 1971

Á árunum um 1970 kom saman hópur fólks úr Árnessýslu undir stjórn Brynleifs H. Steingrímssonar, læknis á Selfossi, til að vinna að undirbúningi stofnunar deildar í Krabbameinsfélagi Íslands. Tilgangur þess var meðal annars að koma á fót leitarstöð fyrir krabbamein í samvinnu við Krabbameinsfélag Íslands og Heilsuverndarstöðina á Selfossi, sem þá var nýstofnuð.

Stofnfundur Krabbameinsfélags Árnessýslu var haldinn 29. maí 1971 og er félagið 23. aðildarfélag Krabbameinsfélags Íslands. Á stofnfundinum voru um tuttugu manns, en stofnfélagar urðu 216. Á næstu árum var félagið duglegt að afla félagsmanna og urðu félagar flestir um 520.

Árið 2001 var áttak í gangi hjá Krabbameinsfélagi Íslands um að opna svæðisskrifstofur úti á landsbyggðinni og var opnuð skrifstofa Krabbameinsfélags Árnessýslu að Kirkjuvegi 8. Var félagið stutt á þeim stað og fékk inni í húsi Rauða krossins í Árnessýslu árin 2003 til fyrri hluta árs 2005. Þá var tekið á leigu skrifstofuherbergi að Eyravegi 15 og innifalin voru afnot af fundarsal. Þar var félagið til ársins 2013 og fékk síðan inni að Skólavöllum 1 næstu tvö árin, þar til það fékk aftur inni hjá Rauða krossinum að Eyravegi 23. Var félagið þar þangað til haust 2020 en þá var húsnæði að Eyravegi 31 tekið á leigu. Starfsmaður var ráðinn í hlutastarf árið 2002 og í dag er starfsmaður í 70% starfi. Sinnir hann rekstri félagsins og heldur utan um starfið.

Margt hefur breyst á síðustu árum varðandi áherslur í starfi krabbameinsfélagsins. Jafnframt því að sinna fræðslustarfi er lögð meiri áhersla á að styðja félagsmenn og halda utan um þá í krabbameinsferlinu. Frá 1996 hefur félagið greitt hluta af kostnaði fyrir þá sem þurfa að dvelja á sjúkrahóteli á meðferðartíma og einnig tekið þátt í kostnaði við félags- og sálfræðipjónustu. Mikil áhersla er lögð á sálrænan stuðning sem og félagslega þáttinn og

stendur félagið fyrir fyrirlestrum og námskeiðum til sjálfshjálpar. Jafningja stuðningshópar og eru starfræktir hjá félaginu og endurhæfing í kjölfar krabbameinsgreiningar.

Krabbameinsfélag Árnassýslu hefur vaxið mikið frá árinu 2016 og hafa áherslur breyst með það að markmiði að vera sýnilegri í samfélaginu, styðja við einstaklinga og fjölskyldur í krabbameinsferlinu auk þess að efla vitundarvakningu varðandi fylgikvilla þess að greinast með krabbamein. Krabbameinsfélag Árnassýslu er eitt af öflugri aðildarfélögum Krabbameinsfélags Íslands hvað varðar starfsemi og nýtur þaðan bæði fjárhagslegra styrkja og faglegs stuðnings.

Fjöldi félagsmanna:

Við lok árs 2024 var fjöldi skráðra félagsmanna 531

Stjórn:

Aðalfundur var haldinn 18.apríl 2024

Þá var kosin stjórn félagsins:

- Formaður: Svanhildur Inga Ólafsdóttir
- Varaformaður: Eygló Aðalsteinsdóttir
- Gjaldkeri: Karen Öder Magnúsdóttir
- Ritari: Guðbjörg Guðmundsdóttir
- Meðstjórnendur: Guðmunda Egilsdóttir
- Meðstjórnendur: Högni Jóhannsson
- Varamaður: Katrín Klemenzardóttir

Starfsmaður: Erla G. Sigurjónsdóttir í 70% starfi

Stjórn félagsins hélst óbreytt frá fyrra ári.

Haldnir voru stjórnarfundir mánaðarlega yfir starfsárið að frátöldum sumarmánuðunum.

Fulltrúar stjórnar tók þátt í tveimur fundum hjá KÍ og formannafundum.

Starfsemi:

Árið 2024 var viðburðarríkt og fjölbreytt.

Endurhæfingarhópur félagsins efldist, þátttaka í starfsemi félagsins jókst og félagsmönnum fjölgaði. Unnið var markvisst að því að kynna starfsemi félagsins, meðal annars með skrifum í

frétta-og samfélagsmiðla, bjóða fyrirtækjum og félagasamtökum að koma í heimsókn í húsnæði félagsins og/eða fá kynningu á þeirra viðburði. Sú vinna gekk vel og hefur skilað aukinni vitund í samfélaginu á þeirri öflugu starfsemi sem félagið heldur úti auk þess sem kynningar hafa auðveldað fólki aðgengi að þjónustu félagsins.

Samstarf við krabbameinsdeild Heilbrigðisstofnunar Suðurlands hefur aukist og betri samfella á milli greiningar, meðferðar og endurhæfingar orðið í krabbameinsferlinu. Hefur það samstarf orðið til þess að einstaklingar nýta stuðning og þjónustu félagsins fyrr í krabbameinsferlinu en áður var. Stjórnarmenn félagsins hafa haft reglulega viðveru á krabbameinsdeildinni og kynnt starfsemi félagsins sem hefur skilað betri upplýsingum og aðgengi nýgreindra að þjónustu félagsins.

Reglulegir og fjölbreyttir fyrirlestrar hafa opnað aðgengi aðstandenda að starfi félagsins þar sem boðið er uppá fræðsluefni sem nýtist fólki almennt, óháð því hvað það er að takast á við í lífnu.

Aukinni eftirspurn eftir sálrænum stuðningi hefur verið mætt með samstarfssamningi við fagfólk í fjölskyldumeðferð og hefur félagið aukið við styrki til félagsmanna til að sækja slíka meðferð.

Endurhæfingarhópur félagsins hefur eflst og stækkað og fleiri félagsmenn nýta sér bæði andlega, félagslega og líkamlega endurhæfingu á vegum félagsins. Öflugir samstarfsaðilar hafa komið að verkefninu sem hefur gefið aukið tækifæri til að efla fjölbreytni endurhæfingarinnar. Á árinu 2024 var skipulögð endurhæfing frá haustmánuðum og fram á sumarmánuði. Endurhæfingin er í dag orðin einn af föstum rekstrarþáttum félagsins.

Jafningjastuðningshópurinn Brosið hittist einu sinni í mánuði, jafningjastuðningshópurinn Upprekjurnar hittast vikulega og halda félagsmenn sjálfir utan um starfsemi hópanna sem hafa sannað gildi sitt og mikilvægi jafningjastuðnings.

Helsta starfsemi og viðburðir ársins 2024.

- Opið hús var áfram þrjá daga í viku og sáu sjálboðaliðar um að manna vaktirnar. Jafnt og þétt hefur gestum fjölgað á opnunartímum auk þess sem nokkrir félagar hafa það sem fastan lið í sinni daglegu rútínu að koma í opið hús. Heimsóknum í opið hús

hefur fjölgað jafnt og þétt yfir árið og eru 10-15 manns að mæta reglulega í opið hús. Gestabók liggur á borðum í opnu húsi og gefur sýn á fjölda gesta yfir árið.

- Mánaðarlega var boðið upp á fræðslu, fyrirlestra eða námskeið yfir starfsárið. Þátttaka hefur almennt verið mjög góð. Engu að síður er þörf á að endurskoða leiðir til að koma upplýsingum um opna viðburði til samfélagsins og efla enn frekar þátttöku.
- Samstarf við fyrirtæki í samfélaginu sem stóðu fyrir góðgerðardögum eða sölu viðburðatengdra afurða yfir árið skilaði góðum styrkjum inn í félagið. Má þar helst nefna styrki sem félaginu voru veittir í tengslum við MottuMars og Bleikan október. Félagasamtök í samfélaginu hafa einnig jafnt og þétt yfir árið veitt styrki til félagsins og hafa tækifæri til kynninga á starsemi félagsins, oft fylgt slíkum styrkveitingum.
- Bleika boðið sem nú er fastur liður í starfsemi félagsins var haldið á Hótel Selfossi í október 2023. Um gríðarlega stóran og glæsilegan viðburð er að ræða sem skipulagður er af félagsmönnum og öll vinna unnin í sjálfboðastarfi. Einstakt samstarf við Hótel Selfoss, veitingamanninn Tómas Þóroddson og skreytingafyrirtækið Tilefni.is gerði það að verkum að öll umgjörð var eins og best var á kosið. Viðburðurinn er allra stærsti fjáröflunarviðburður félagsins og þunginn af fjáröflun felst í sölu happdrættismiða þar sem fjöldi glæsilegra vinninga er í boði. Var þetta í sjötta sinn sem viðburðurinn var haldinn og stjórn félagsins sammála að gott má alltaf bæta og ýmsar hugmyndir að nýjungum komnar á borð fyrir næsta viðburð.
- Félagið fór í Vorferð í júní 2024 austur í Vík í Mýrdal með viðkomu á Skógum þar sem félagsmönnum var boðið að skoða Byggðarsafnið undir skemmtilegri leiðsögn safnvarðar. Félagsmenn fengu njóta þeirrar náttúrufegurðar sem Vík í Mýrdal býr yfir.
- Jólahlaðborð var haldið í Tryggvaskála í desember og var þátttaka mjög góð. Félagsmenn fjölmenntu ásamt mökum eða nánum vinum og nutu matarins saman í góðum félagsskap auk þess sem brugðið var aðeins á leik og hlustað á góða tónlist.

Hópastarf

Hópastarf fyrir einstaklinga 18-45 ára hefur verið starfrækt frá 2022 og hittist hópurinn aðra hverja viku. Ýmist er hist í létt spjall, spilað, fönðrað eða hvað sem fólk vill gera.

Hópurinn Upprekjurnar tók til starfa haust 2023 og hittist 1x í viku, hópurinn er fyrir alla félagsmenn og felst í jafningjastuðningi og félagslegri samveru. Yfir árið 2024 voru að jafnaði átta manns sem nýttu hópinn vikulega.

Hópurinn Smárarnir sem eingöngu er fyrir karlmenn hefur ekki verið virkur á árinu og þörf á að finna hentugri leiðir til að efla þátttöku karlmanna í slíkum jafningjastuðningshópi.

Félagið hefur haldið úti hópi fyrir yngri félagsmenn og hefur hann verið í umsjón sjálfboðaliða félagsins. Hópurinn hittist vikulega og hafa um 3-4 félagsmenn mætt í hverri viku.

Endurhæfingarhópurinn tekur mið af andlegum,- líkamlegum,- og félagslegum þáttum. Hópurinn stundar líkamlega endurhæfingu í aðstöðu Gym800 sem veitir hópnum aðgang að aðstöðunni, félaginu að kostnaðarlausu. Hópurinn sækir jóga einu sinni í viku í Yoga Sálir, stundar ýmskonar iðju (leir, málum, kortagerð ofl.), reglulega hópfunði og sálgæslu. Að jafnaði eru um 10 félagsmenn sem nýta endurhæfingar úrræði félagsins vikulega heilt yfir árið.

Í desember stóð félagið fyrir fjölskyldusamveru þar sem boðið var uppá piparkökumálun. Var samveran vel sótt, um 16 manns mætti og átti góða samveru. Einnig hefur félagið boðið uppá sálgæslu í desember sem er opin öllum félagsmönnum.

Viðburðir

- Félagið tók þátt í Mottumars, samstarf við GK Bakarí á Selfossi og boðið var uppá Mottumars kaffi og meðlæti í opnu húsi.
- Bleikur október var stór og skemmtilegur mánuður. Bleika boðið heppnaðist vel og hafa gestir aldrei verið eins margir.
- Margir fyrirlestrar og námskeið voru haldin á árinu. Sem dæmi má nefna fyrirlestra um um áföll og áfallatengd einkenni, parsambandið, einkenni og meðferð við sogæðabjúg, streitu, réttindamál og húðumhirðu.
- Vorferð í Vík í Mýrdal.

Markaðsstarf og kynningarmál

Heimasíða félagsins

- Heimasíða félagsins er www.krabbameinsfelagarnessyslu.net Uppfærsla var gerð á haustmánuðum 2023 þar sem ut anumhald um fyrri heimasíðu hafði verið af skornum

skammti. Stjórn félagsins sér nú alfarið sjálft um heimasíðuna og gerir það eftir sinni bestu þekkingu og getu.

Facebooksíða félagsins

- Auk heimasíðunnar er Facebooksíða félagsins helsti auglýsinga og samskiptavettvangur félagsins. Í tengslum við brjóstaskimun var samstarf við Krabbameinsfélag Höfuðborgarsvæðisins sem veitti félaginu lið varðandi auglýsingar og hvatningu til að mæta í skimun.
- Félagið heldur úti tveimur síðum, annarsvegar „like“ síðu þar sem 885 manns fylgjast með og hinsvegar lokaðan facebookhóp sem heitir Brosið og 377 einstaklingar eru inn á og hefur þeim fjölgað töluvert á starfsárinu. Brosið er meira notaður sem vettvangur til að koma skilaboðum beint til virkra félagsmanna og like síðan er meira hugsuð sem almennur vettvangur til að auglýsa starfsemi félagsins.
- Greinaskrif í fréttamiðla og á samfélagsmiðla eru markaðsleið sem félagið nýtir reglulega til að koma fréttum af starfsemi félagsins reglulega til samfélagsins.

Samstarf

Félagið er í virku samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands um að veita ráðgjöf og stuðning til einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein og aðstandenda þeirra. Stjórn félagsins og sjálfboðaliðar njóta handleiðslu fagfólks frá Ráðgjafapjónustunni.

Gott samstarf er við krabbameinsdeild Heilbrigðisstofnun Suðurlands og er félagsráðgjafi deildarinnar helsti tengiliður nýgreindra við þjónustu félagsins. Nýgreindir geta óskað eftir símtali frá félaginu og verða sjálfboðaliðar við þeirri beiðni innan mjög skamms tíma.

Fjármál

Félagið hefur notið gríðarlega margra styrkja á starfsárinu 2024 sem varið er í aukna þjónustu og viðburði á vegum félagsins. Áhersla er lögð á að þjónusta og stuðningur sé félagsmönnum að kostnaðarlausu.

- Helstu kostnaðarliðir voru: Laun starfsmanns og launatengd gjöld. Námskeið, endurhæfing, aðkeypt fagleg þjónusta vegna fræðslu og námskeiða, veitingar, styrkir til félagsmanna vegna samtalsmeðferðar.

- Helstu tekjur voru: Gjafir frá fyrirtækjum, gjafir frá einstaklingum, félagssgjöld, gjafir frá félagasamtökum, styrkveiting úr Velunnarasjóði Krabbameinsfélag Íslands, Bleika Boðið.
- Sótt var styrki: Í Velunnarasjóð Krabbameinsfélags Íslands

Lokaorð

Árið 2024 fór hratt og vel af stað í starfsemi félagsins.

Stjórn félagsins tók ákvörðun á fyrsta stjórnarfund í janúar 2024 að leggja áherslu á aðstandendur, efla þjónustu við fjölskyldurnar og efna til viðburða sem gætu höfðað til allra. Þessi ákvöðrun var vel í takti við markmið Bleiku slaufunnar 2024 þar sem kastljósinu var beint að aðstandendum með slagorðinu Þú breytir öllu.

Viðburðir voru almennt mjög vel sóttir, nýjir félagsmenn nýttu sér þjónustuna og sýnileiki félagsins varð enn meiri.

Lögð var áhersla á að bjóða upp á fjölbreytta og gagnlega fræðslu sem allir gátu tengt við.

Leitast var eftir að fá fagfólk úr heimabyggð í sem flest verkefni, fagfólk frá Ráðgjafabjónustu Krabbameinsfélags Íslands en einnig voru fengnir fyrirlesarar annarsstaðar frá.

Starfsemi félagsins eflist með hverju árinu og aukin þátttaka félagsmanna staðfestir að markmið félagsins um að vera sýnilegri og aðgengilegri í samfélaginu, hefur tekist að stóru leyti. Gott má þó alltaf bæta og hefur félagið lagt sig fram við að kynna starfsemina bæði innan minni félagahópa, fyrirtækja sem og í samfélaginu í heild. Á starfsárinu 2024, var aukning á að félagasamtök óskuðu eftir kynningu á félaginu inn á sína fundi eða viðburði. Það er félaginu mikið ánægjuefni að fá slík tækifæri til að kynna starfsemina.

Hvert starfsár býður uppá ný tækifæri til að gera betur, lesa í þarfir og óskir félagsmanna og gera okkar besta til að mæta þeim.

Aukin þjónusta kallar á aukna þátttöku sjálfboðaliða og mikilvægi þess að hlúa vel að sjálfboðaliðunum og efla þá í sínu starfi.

Takk fyrir samstarfið á árinu.

F.h stjórnar Krabbameinsfélags Árnessýslu,

Svanhildur Ólafsdóttir, formaður.

Krabbameinsfélag Borgarfjarðar

Stofnað: 1970

Skýrsla stjórnar.

Á síðasta aðalfundi Krabbameinsfélags Borgarfjarðar sem haldinn var í húsnæði Dvalarheimilis Brákarhlíðar fyrir ári síðan eða 12. mars 2024 gaf öll stjórn félagsins kost á sér til endurkjörs og var það samþykkt samhljóða. Skipa stjórnina þær: Helga Jónsdóttir, Kolbrún Sveinsdóttir, Hafdís Brynja Guðmundsdóttir, Guðlín Erla Kristjánsdóttir og Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir.

Stjórnin fundar reglulega bæði í rauntíma og yfir vefinn. Það hefur reynst okkur afar vel að nýta tæknina og funda með þeim hætti þannig sparast tími og akstur milli staða. Búseta stjórnarmanna dreifist víða í Borgarbyggð og hentar þetta form stjórninni vel. Stjórnin er í afar góðu sambandi og leysir mörg mál með þessum hætti.

Ýmislegt hefur verið gert á árinu og má þar helst nefna:

Fjöldi funda í nefndinni til dagsins í dag hafa verið eftirfarandi: 5 fundir í rauntíma, 4 veffundir, síðan samskipti á messenger spjallþræði milli funda til að vera í sem mestum og bestum samskiptum.

Formannafundir í Krabbameinsfélagi Íslands eru haldnir á Teams og hefur það gefist afar vel. Sá fyrsti á þessu ári 2025 var þann 20. febrúar.

Aðalfundur og málþing KÍ 2024 var 24.-25. maí, þar áttum við fulltrúa á báðum viðburðum. 2 x formannafundir aðildarfélaganna, 1 x spjallfundur um hvað er á döfinni og kynning á fræðslu sem er í boði og fl. frá félaginu sem við njótum að sjálfsögðu góðs af.

Við höfum fundað með Raketlínunni Sigurðardóttir sem er tengiliður KÍ við aðildarfélögin og er hún okkur mjög mikilvægur tengiliður.

Nefndin gerði sér áætlun um viðburði sem félagið vildi hrinda í verk og unnið var eftir henni í framhaldinu.

Verkefni félagsins á árinu.

- Félagið styrkir þá einstaklinga í Borgarbyggð sem greinast með krabbamein og sækja um styrk til félagsins. Á þessu ári hefur félagið styrkt 4 einstaklinga.

Eins og á síðasta ári hefur styrkjum verið þannig háttað að félagsmenn sem sækja um styrk hjá KB fá 100.000 króna styrk og ef viðkomandi er með barn eða börn á framfæri þá er greiddur styrkur sem samsvarar 20.000 kr. á hvert barn. Möguleiki er einnig á að sækja um gististyrk allt að 50.000 kr. Félagið hefur gert kynningarbækling um starfsemi félagsins, þar má meðal annars finna hvernig hægt er að sækja um styrk til félagsins. Bæklingurinn liggur frammi á Heilsugæslunni ásamt fleiri stöðum í Borgarbyggð, einnig má sjá hann á Facebooksíðu Krabbameinsfélags Borgarfjarðar.

Fræðsluerindi og forvarnir.

- Fyrsta fræðsluerindið var haldið í tengslum við síðasta aðalfund þann 12. mars 2024 og fjallaði hann um gildi hreyfingar sem forvörn gegn krabbameinum og í bataferli. Það var Steinar B. Aðalbjörnsson íþróttakennari og sérfræðingur hjá KÍ sem sá um erindið lok fundar. Mjög gott og áhugavert erindi en ljóst að við hefðum viljað að þátttakan hefði verið betri á fundinum, þannig að fleiri hefðu notið þessa áhugaverða fyrirlesturs.
- Í janúar 2025 stóð félagið fyrir fræðslu til ungmennta í Borgarbyggð um skaðsemi nikótíns í formi veibs og notkun nikótínþúða. Allir nemendur í 7.-10. bekk í Grunnskóla Borgarfjarðar, Grunnskólanum í Borgarnesi og nemendur í Menntaskóla Borgarfjarðar fengu þetta fræðsluerindi. Einnig gaf félagið fræðslu til foreldra/aðstandenda um þetta sama málefni og var því streymt til þeirra yfir vefinn. Andrea Ýr Jónsdóttir hjá Heilsulausnum sá um fræðsluna og gerði það einkar vel og fagmannlega.
- Í dag 12. mars er þriðji fræðsluviðburður félagsins á þessu ári og er hann í tengslum við aðalfund félagsins „Fangaðu tímann með jákvæðu hugarfari.“ Vert að hugsa til þess hvað jákvætt hugarfar getur gert fyrir okkur í lífinu í mismunandi aðstæðum og ekki hvað síst sem forvarnargildi. Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir mun í lok fundar fjalla um þetta áhugaverða og mikilvæga viðfangsefni.
- **Bleikur október**
Október mánuður var tileinkaður baráttu gegn brjóstakrabbameini og hvatningu til kvenna um að nýta sér skimun. Félagið stóð fyrir því að lýsa upp kirkjurnar í Hvanneyri og í Reykholti líkt og Borgarneskirkjan hefur verið lýst til nokkurra ára til að

vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi skimunar og sýna samkennd með þeim sem há eða hafa háð hetjulega baráttu. Félagið fór í samvinnu við sóknarpresta héraðsins um bleikar messur, bleikar rökkur-og kyrrðargöngur og erindi þeim tengdum.

Bleikar messur voru haldnar sem hér segir:

Í Reykholti þann 6. október, þar sem Sr. Anna Eiríksdóttir leiddi bænastund og Anna Dröfn Sigurjónsdóttir flutti áhugaverða hugvekju sem hún kallaði „Björninn sefur“ í tilefni þess að hún er að ljúka langri og strangri krabbameinsmeðferð. Virkilega vel gert hjá Önnu Dröfn og víst að málefnið er ekki léttvægt í flutningi.

Á Hvanneyri þann 13. október, Sr. Heiðrún Helga Bjarnadóttir leiddi bænastundina og þar flutti Rósa Marinósdóttir eftirtektarverða og snertandi hugvekju um hvernig það er að vera nán aðstandi þess er greinist.

Í Borgarnesi þann 21. október, Sr. Heiðrún Helga Bjarnadóttir var með messuna og hönnuður bleiku slaufunnar í ár Sigríður Soffía Níelsdóttir danshöfundur með meiru, á og rekur fyrirtækið Eldblóm ræddi við gesti um hvernig það er að berjast við krabbamein og hvernig hugmynd hennar að bleiku slaufunni kviknaði. Hún ritaði bókina „Til hamingju með að vera mannleg“ sem fjallar meðal annars um hvernig er að berjast við krabbamein í heimsfaraldri, en það var útgangspunktur hennar í erindinu.

Þessir viðburðir voru einstaklega vel sóttir og vöktu athygli, rétt eins og við höfðum vonað. Viðburðir sem vert er að endurtaka að okkar mati.

- **Marsmánuður.**

Mottumarsmánuðurinn sem Krabbameinsfélag Íslands hefur tileinkað sérstaklega körlum. Hann er tileinkaður körlum okkar allra, öfum, feðrum, sonum og bræðum. Í ár er áhersla þess sett á tenginguna á milli lífstíls og krabbameina.

Við tökum að sjálfsögðu þátt í honum með þeim hætti að byrja með „Blárri göngu“ hér í dag, halda aðalfund félagsins og hvetja karlmennina okkar til að fara í skimun og þar með vera þátttakendur í þessu framtaki. Krabbameinsfélag Borgarfjarðar hefur merkt inn þrjár 500 metra gönguleiðir til að minna á málefnið, (2 x 250 m) sem félagið hugsar sem nokkurskonar áheita göngur. Mottuleiðirnar verða uppi út marsmánuð á Seleyrinni við Borgarfjarðarbrúna, í Reykholti í Snorrargarði og á Hvanneyri frá Skemmunni að Landbúnaðarháskólanum. Tilvalið er að skreppa og taka

eina til tvær mottuleiðir, allt eftir getu og vilja. Vertu með og hvettu aðra til þátttöku. Hægt er að heita ákveðinni upphæð á hverja mottuleið sem þú gengur (á hvern meter mottunnar/ skeggsins, eða það í heild sinni). Heita á sjálfan þig um að fara í skimun eftir að hafa gengið mottuleiðina eða breyta lífsstíl til hins betra. Mottuleiðirnar verða uppi út marsmánuð á Seleyrinni við Borgarfjarðarbrúna, í Reykholti í Snorrargarði og á Hvanneyri milli Skemmunnar og Landbúnaðarháskólans. Ef einstaklingar vilja heita á félagið okkar er hægt að sjá númer á reikningi félagsins í upplýsingabæklingi á Fb.síðu félagsins.

Gjafir

Félagið hefur reynt að forvitnast um hvort það sé eitthvað sem vantar eða geti breytt aðstöðu er varðar tækjabúnað fyrir Dvalarheimilið Brákarhlíð eða HSV til hagsbóta fyrir okkur íbúa sveitarfélagsins sem nýtist samfélaginu.

Félagið fékk ábendingar og ákveðið var að nýta þær upplýsingar.

Í lok september 2024 var Dvalarheimilinu Brákarhlíð í Borgarnesi færðar að gjöf frá félaginu, þrjár loft-og verkja dýnur. Dýnurnar eru með bylgjuhreyfingum sem meðal annars jafna blóðflæði til vefja og eru taldar hafa góða verkjastillandi eiginleika sem koma sér því vel fyrir heimilisfólk Brákarhlíðar sem á þarf að halda.

Heilsugæslunni í Borgarnesi var einnig færð að gjöf á sama tíma, það var skoðunarbekkur fyrir mæðravernd og krabbameinsleit.

Það er von félagsins að þessar gjafir nýtist vel í þágu samfélagsins í Borgarbyggð.

Styrkir til félagsins

Margir hafa sýnt félaginu velvilja og styrkt það fjárhagslega.

- Freyjukórinn í Borgarfirði gaf félaginu 60.000.- kr. Í tengslum við bleika messu í BGN.
- Félag eldri Borgara í Borgarnesi og nágrenni gaf félaginu 186.500.- kr.
Þau höfðu ákveðið að gefa félaginu það sem var í söfnunarbauknum þeirra og tvöfalda síðan þá upphæð.
- Kvenfélag Borgarnes gaf til félagsins 15.000.- kr.
- Geirabakarí gaf félaginu ákveðna upphæð af hverri seldri bleikri tertu í bleikum mánuði alls 150.000.-

- Kvenfélag Álftaneshrepps gaf ágóða af jólabingói félagsins sem samsvaraði 287.500.- kr.
- Stéttarfélag Vesturlands styrkti félagið um 250.000.- kr.
- Ómar Bjarki Haukson og frú gáfu 55.000.- kr.

Við erum afskaplega þakklát fyrir velvilja í samfélaginu í garð félagsins sem gerir það að verkum að getum látið gott af okkur leiða. Stjórn félagsins sendir öllum þeim sem hafa styrkt félagið bestu þakkir fyrir.

Stjórnin fjallaði á síðasta fundi félagsins um árgjöld og styrki og komst að þeirri niðurstöðu að halda þeim óbreyttum þetta ár, félagsgjaldið er 2000.- kr

Það er hugur í Krabbameinsfélagi Borgarfjarðar sem vill láta gott af sér leiða og vera til staðar fyrir þá sem þess þurfa. Með stuðningi, hjálp ykkar og samfélagsins getum við skapað kröftugt aðildarfélag sem lætur til sín taka. Það skiptir okkur máli að sem flestir séu aðildarfélagar og ef einhverjir eru ekki skráðir í félagið þá er möguleiki á að skrá sig hér hjá okkur á þar til gerð blöð sem liggja hér frammi.

Þetta var helst að segja af starfssemi félagsins, ég þakka ykkur öllum sem hér eru saman komin fyrir að gefa ykkur tíma til að vera með okkur í kvöld, Rósu Marinósdóttur þakka ég góða fundarstjórn og samstarfskonum mínum í stjórn þakka ég frábært samstarf og dugnað.

Krabbameinsfélag Breiðfirðinga

Stofnað: 19. Okt. 2005

Fjöldi félagsmanna: 36

Krabbameinsfélag Breiðfirðinga var stofnað 19. október 2005 að Laugum í Sælingsdal.

Félagsgjald er 3.000 kr. Félagar eru 36. Eitt kvenfélag er styrktaraðili.

Segja má að þessi skýrsla sé að nokkru leyti endurtekið efni frá fyrra ári.

Okkur barst styrkur að upphæð kr. 250.000,- úr sjúkrasjóði Stéttarfélagis Vesturlands.

Einnig kr 10.000,- frá Grétari G Sæmundssyni vegna hamsatólgar sem Anna í Magnússkógi lét hann hafa, en vildi ekki greiðslu fyrir.

Félagsstarfið hefur því verið í lágmarki þetta ár. Stjórnin hefur því aðallega verið í símasambandi, en ekki formlegir stjórnarfundir verið haldnir. Reynt hefur verið að láta félagið virka fyrir þá sem þurft hafa á því að halda, s.s. með fjárhagsaðstoð.

Við höfum alltaf greitt húsaleigu í íbúðunum á Rauðarárstíg fyrir fólk af okkar félagssvæði sem þarf að vera í Reykjavík vegna krabbameinsrannsókna eða meðferðar. Sama gildir um dvöl á sjúkrahóteli Landsspítalans.

Til fjáröflunar seljum við jólakort, minningarkort, og ýmsan varning við ýmis tækifæri.

Einnig höfum við sölubás hjá Handverksfélaginu Össu sem er með sölu í gamla Kaupfélagshúsinu í Króksfjarðarnesi á sumrin og jólasölu í desember. Einnig var jólasala í Árbliki. Þá hafa verslanir á svæðinu selt bleiku slaufuna og Mottu-Mars sokka.

Reykholakirkja er alltaf lýst upp með bleiku ljósi í október og einnig Mjólkurstöðin í Búðardal. Enginn starfsmaður er á launum hjá félaginu.

Stjórn Krabbameinsfélags Breiðfirðinga er þá þannig skipuð árið 2024:

Formaður : Indiana Ólafsdóttir Hellisbraut 16 380 Reykhólahreppi

Gjaldkeri: Ingibjörg Kristjánsdóttir Garpsdal 381 Reykhólahreppi

Ritari: Jónína Magnúsdóttir Gröf 371 Búðardal

Varaformaður : Edda Tryggvadóttir Dalbraut 10 370 Búðardal

Meðstjórnandi: Guðrún Ingvarsdóttir Lækjarhvammi 2 370 Búðardal

Varastjórn: Arnar Eysteinnsson Stórholti Saurbæ 371 Búðardal

Áslaug Finnsdóttir Hömrum 371 Búðardal.

Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs

Stofnað: 13. október 1968

Saga félagsins.

Stofnað: Félagið er stofnað árið 1968. Starfssvæði er Húnaþing vestra. Tilgangurinn var fyrst og fremst að standa fyrir hópskoðunum vegna leitar á legháls- og brjóstakrabbameini. Annað markmið félagsins var að veita almenna fræðslu. Ákveðið var að innheimta ekki árgjöld, þannig að í raun er ekki haldin nein félagaskrá. Í dag styður félagið aðallega við krabbameinsveika einstaklinga fjárhagslega. Núverandi stjórn hefur áhuga á að bjóða upp á að gerast félagi í krabbameinsfélaginu og borga árgjöld. Facebooksíða félagsins er helsti auglýsinga og samskiptavettvangur félagsins.

Stjórn:

- Guðrún Helga Marteinsdóttir, formaður (2020)
- Rannveig Erla Magnúsdóttir, gjaldkeri (2020)
- Þorbjörg Helga Sigurðardóttir, ritari (2018)
- Marín Sigurbjörg Karlsdóttir, meðstjórnandi (2014)
- Elsche Oda Apel, meðstjórnandi (2003)

Endurskoðandi reikninga:

- Aldís Olga Jóhannesdóttir

Starfsemi árið 2024.

Haldinn var aðalfundur mánudaginn 5. maí 2025. Tölvu og símtækni var notuð í aðra fundi og til ákvarðanataka og skrafaráðs. Formaður hefur setið teams fundi á vegum Krabbameinsfélags Íslands. Stjórn útbjó reglur um styrkveitingar til þeirra er til félagsins leita en þær hafa ekki verið til.

Fjárhagsstaða - Gjafir og styrkir

Engar formlegar fjáraflanir voru haldnar á árinu.

Kraftur kom á Hvammstanga á árinu 2024 og var perlað f krafti í maí. Krabbameinsfélagið borgaði þær veitingar sem í boði voru, og þakkar Krafti kærlega fyrir komuna, en fjölmargir tóku þátt í að perla.

Styrkir voru veittir til þeirra einstaklinga sem til okkar leituðu en þeir voru 3 á árinu.

Félagið gaf HVE Hvammstanga -öldrunardeild bjúgpumpu að gjöf á árinu. Gjöfin nýtist þeim sem þar búa sem, til þeirra er koma í sjúkrarými og þeim sem eru í dagþjónustu í héraðinu.

Félaginu bárust fjölmargir styrkir og seld voru minningarkort.

Fjárhagsstaða félagsins er góð í lok árs.

Því miður komst enginn frá stjórn á aðalfund KÍ 2024.

Guðrún Helga Marteinsdóttir

Formaður

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins

Stofnað: 8.mars 1949

Fjöldi félagsmanna: 1.191

Ársskýrsla stjórnar Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins 2024-2025

Flutt á aðalfundi 17. mars 2025

Skýrslan nær yfir síðasta starfsár, frá aðalfundi 18. mars 2024 til aðalfundar 17. mars 2025.

Stjórn og starfsmenn

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins verið þannig skipuð: Formaður Vala Smáradóttir, varaformaður Magnús Gunnarsson, gjaldkeri Jón L. Árnason, ritari Hafrún Dóra Júlíusdóttir og meðstjórnendur Arnar Hauksson, Helga Tryggvadóttir og Jóhanna Sigríður Kristjánsdóttir. Í varastjórn eru Ragnheiður Sigurðardóttir, Kristjana G. Guðbergisdóttir og Steinar Ólafsson.

Stjórnarfundir voru tíu milli aðalfunda og sóttu varamenn þá til jafns við aðalmenn.

Formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri funduðu eftir þörfum.

Þann 1. september síðastliðinn tók Vala Smáradóttir við starfi framkvæmdarstjóra í fullu starfi, en Guðlaug B. Guðjónsdóttir starfar í 100% stöðu sérfræðings fram á sumar. Jóhanna Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur og starfsfólk fyrirtækisins Heilsulausna eru okkur innan handar varðandi tóbaksvarnir og ráðgjöf fyrir skóla, einstaklinga og fyrirtæki.

Félagsmenn eru 1.191, þar af eru 31 ævifélagi og 21 heiðursfélagi.

Fræðslu- og forvarnastarfsemi

Í samstarfssamningi við Krabbameinsfélag Íslands frá því í mars 2014 er kveðið á um fræðslu- og fagráð sem skuli skipað fimm manns og tveimur til vara. Krabbameinsfélag Reykjavíkur óskaði eftir endurskoðun á samningi félaganna í febrúar 2015. Nú hefur verið stofnaður vinnuhópur félaganna sem ætlar er að endurskoða samstarfssamning, hópurinn mun funda núna á vormánuðum.

Útgáfumál og fræðsluverkefni

Árveknisskilaboðin sem eru byggð á „European Code Against Cancer – tólf leiðir til að draga úr líkum á krabbameini“ sem fóru fyrst í birtingu í mars 2023 hafa verið, eitt og eitt, birt reglulega á facebook síðu félagsins í ókostuðum færslum. Árveknisskilaboðunum, sem eru myndskreytt með skemmtilegum persónum, er ætlað að koma á framfæri við almenning ávinningi af ýmiss konar hollum lífsháttum sem skipta máli, t.d. varðandi krabbameinsáhættu og mikilvægi skimana. Í tilefni af Mottumars í ár, þar sem yfirskriftin er „Ertu að grínast með þinn lífstíl“ hafa skilaboðin sem snúa sérstaklega að heilbrigðum lífsvenjum, áfengisneyslu, ljósabekkjum, hreyfingu, mataræði, en einnig mikilvægi þess að þreifa eistu, verið nýttar í kostaðri herferð á samfélagsmiðlum til að styðja við skilaboð Mottumars um mikilvæg þess að lifa heilbrigðum lífstíl, en 4 af hverjum 10 krabbameinum má rekja til óheilbrigðra lífsvenja.

Nú í mars 2025 var loks tilkynnt, eftir áratuga baráttu, að skimun fyrir ristil- og endaparmskrabbameini sé að hefjast hjá Samhæfingarmiðstöð krabbameinsskimana. Skimunaraðferðin felst í sjálfsprófi sem greinir blóð í hægðum, svokölluðu FIT-prófi (Fecal Immunochemical Test). Til að byrja með verður um 200 manns boðin þátttaka í prufuhópi en almennar skimanir munu hefjast um leið og prófunum lýkur. Áætlað er að innleiðingu verði lokið árið 2031. Félagið vill leggja sitt af mörkum við að kynna mikilvægi þessarar forvarnar og styðja við Samhæfingarmiðstöðina varðandi fræðslu.

Verkefninu „Þurr janúar“ var hleypt af stokkunum í desember 2021. Markmið þess er að hvetja þá sem nota áfengi til að endurmeta sína neyslu og viðhorf til áfengis, t.d. með því að sleppa allri áfengisneyslu í einn mánuð á ári. Verkefnið er samstarfsverkefni FRÆ (Fræðsla og forvarnir), IOGT á Íslandi og Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins. Skilaboð voru birt á facebooksíðu verkefnisins daglega í janúar.

Áfram fær ólögleg vefsala áfengis óáreitt að viðgangast af yfirvöldum og lýðheilsusjónarmið lúta í lægra haldi fyrir markaðsöflunum. Guðlaug og Vala sitja í hringborðshópi félagasamtaka sem láta sig áfengisforvarnir varða þar sem ýmist samráð er um hvernig best skal standa að forvarnarbaráttunni gegn aukinni áfengisneyslu.

Vala og Guðlaug sóttu málþing um ungmenni og vímuefnaneyslu sem haldið var í janúar sl. sem Náum áttum, sem samstarfshópur um fræðslu- og forvarnarmál stóðu að.

Enn og aftur kom fram fram frumvarp á síðasta ári frá fyrri ríkisstjórn, varðandi aukið aðgengi að áfengi. Öll þessi frumvörp sem fram hafa komið ganga þvert á öll forvarnasjónarmið, vegna þess að það er viðurkennt að með auknu aðgengi eykst neyslan. Eins og áður sendi Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins inn umsögn um breytingar á áfengislögunum þar sem áréttuð voru tengsl áfengis og krabbameins og mikilvægi góðra forvarna. Mjög er orðið þarft að gerð sé heildstæð stefna í áfengisforvörnum. Ný skýrsla frá WHO sem var birt í febrúar síðastliðinn og bar yfirskriftina „Nordic alcohol monopolies: understanding their role in a comprehensive alcohol policy and public health significance“ hefur þau skýru markmið að greina hvaða hlutverki einkarekin áfengissala á Norðurlöndunum gegnir í áfengisstefnu ríkjanna og hver áhrifin eru á lýðheilsu. Niðurstöðurnar voru að áfengisneysla Norðurlandapjóðanna þar sem áfengissalan er ríkisrekin er að meðaltali mun minni en hjá Evrópuþjóðum þar sem hún er frjálss, eða 7-8 lítrar á hvern íbúa (15 ára og eldri) hjá Norðurlandapjóðunum á móti 11 lítrum hjá samanburðarþjóðunum. Danmörk er með frjálsa áfengisverlsun og er neyslan þar svipuð og hjá samanburðarþjóðunum. Þetta styður enn frekar við þau rök að einkasala ríkisins á áfengi sé lýðheilsumál.

Fræðslurit Krabbameinsfélagsins eru átta talsins en mörg rit eru til viðbótar við þau svo og annað fræðsluefni sem Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins hefur látið útbúa eða aðstoðað við með yfirlestri og fleiru.

Í samstarfi við dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga 11 B er búið að þýða mikið af fræðsluefni deildarinnar yfir á pólsku og verið er að skoða hvaða efni vantar enn að þýða.

Átaksverkefnið „Skepp í skimun“ er samstarfsverkefni Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, Brjóstamiðstöðvar Landspítalans og Félags kvenna í atvinnulífinu sem sett var af stað í bleikum október 2023. Seinasta ár höfum við boðið krabbameinsfélögunum á landsbygginni að nýta skilaboðin á sínum miðlum, eða í gegnum okkar miðla með kostuðum herferðum, þegar brjóstaskimun er í gangi á þeirra svæði. Þetta var gert bæði á vor- og haustmánuðum. Samstarfshópurinn mun halda áfram þróun á verkefninu. Í bleikum október var ákveðið að nota klippur úr fræðslumyndinni „Brjóstamein“ sem sýnd var á RÚV í lok september 2023 og setja í kostaðar herferðir á samfélagsmiðlum og Youtube. Klippurnar vöktu athygli og var dreifingin góð sem og áhorf og viðbrögð. Myndin er aðgengileg á vef RÚV.

Tóbaksvarnir o.fl.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins hefur gegnum árin staðið fyrir reykbindindisnámskeiðum en engin námskeið hafa verið haldin að undanfögnu þar sem fáar beiðnir koma þar um. Félagið vann mjög náið með 3 Ráðgjöf í reykbindindi (Reyksímanum á Húsavík). Því miður var þjónustu Ráðgjafar í reykbindindi sagt upp um áramótin 2021-22. Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins, sem hefur um árabíl sinnt tóbaksvörnum, átti mjög farsælt samstarf við starfsfólk Ráðgjafar í reykbindindi sem voru okkar mestu sérfræðingar í reyk- og tóbaksbindindi. Við vísuðum mörgum þeim sem til okkar leituðu varðandi aðstoð við að hætta tóbaksnotkun til Ráðgjafar í reykbindindi. Sérstaklega þegar reykbindindisnámskeiðum félagsins fækkaði. Jóhanna Kristjánsdóttir, sem var verkefnastjóri þjónustunnar, hefur komið að sem sérlegur ráðgjafi og sinnt fræðslu við hin ýmsu verkefni sem Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins hefur sinnt í tóbaksvörnum. Má þar nefna átak í Mottumars fyrir nokkrum árum, þátttöku í verkefnahópi um að vinna sérstaklega með ófrískum konum sem nota tóbak (og þeirra maka), verkefnið „Nýtt líf án tóbaks“ sem unnið var í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og aðstoð og fræðslu á námskeiðum um rafsígarettunotkun í grunn- og framhaldsskólum. Fyrirspurnum til okkar um aðstoð til reykleysi eða um að hætta nikótínnotkun hefur fjölgað. Langflestar eru frá einstaklingum með fjölþættan vanda. Þar sem Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) tók við verkefnum Ráðgjafar í reykbindindi og fjármagni þá höfum við vísað flestum fyrirspurnum til HH. Jóhanna sinnir þó einstaka ráðgjöf sem kemur inn á borð til okkar og enn tökum við við fyrirspurnum um reykleysinámskeið fyrir fyrirtæki. Í nýrri þingsályktunartillögu um krabbameinsáætlun 2025-2029 er lagt til að aðstoð til að minnka eða hætta notkun áfengis, tóbaks og nikótíns verði eflað með heilsuefandi móttökum.

Við höfum lengi viljað ná til hópa sem af ýmsum félags- og menningarlegum ástæðum hefur gengið lakar að ná til með tóbaksvarnir og reykleysisupplýsingar en annarra. Það yrði gert með því að virkja til samstarfs fyrirtæki/vinnustaði þar sem reykingar eru almennari meðal starfsfólks en almennt er, með samstarfi við ýmsa aðila sem veita atvinnulausum þjónustu og aðstoð, samstarfi við félög fólks af erlendum uppruna sem vegna tungumálatakmarkana eiga erfitt með að notfæra sér upplýsingar og fræðslu á íslensku. Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins og Krabbameinsfélag Íslands stóðu árið 2022 fyrir þjálfunar- og

leiðbeinendanámskeiði fyrir þrjá Pólverja til að halda utan um reykbindindisnámskeið og ráðgjöf fyrir landa þeirra hér á landi sem reykja/nota tóbak og vilja fá aðstoð við að hætta. Vitað er að reykingar eru mjög útbreiddar í pólska samfélaginu hér á landi. Jóhanna S. Kristjánsdóttir, hjúkrunarfræðingur og okkar helsti sérfræðingur í tóbaksvörnum, var sérlegur ráðgjafi og leiðbeinandi og útbjó fræðsluefni til að nýta á námskeiðum og við ráðgjöf. Ásgeir Helgason sálfræðingur og sérfræðingur hjá Krabbameinsfélaginu leiðbeindi varðandi samtalstækni og Nina Slowinska félagsráðgjafi hjá Krabbameinsfélaginu er tengill við pólska samfélagið hér og við leiðbeinendurna. Leiðbeinendurnir hafa eftir námskeiðið allir tekið nokkra einstaklinga í ráðgjöf við að hætta að reykja. Tveir af leiðbeinendunum eru hættir vegna annarra verkefna. Sá þriðji hefur sinnt nokkrum fyrirspurnum. Beiðni um samstarf var send til stjórnar tveggja landsbyggðarfélaganna þar sem óskað er eftir samvinnu við að skipuleggja reykbindindisnámskeið og ráðgjöf fyrir Pólverja hér á landi sem reykja og vilja fá aðstoð við að hætta. Því miður varð ekki af þessu samstarfi.

Félagið stóð fyrir nokkrum árum að verkefninu „Nýtt líf án tóbaks“ í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og fleiri þar sem útbúnar voru stuttar fræðslumyndir sem miða að því að aðstoða ófrískar konur í að hætta að nota tóbak og/eða nikótín. Ráðgjöf í reykbindindi tók að sér að sinna beiðnum frá heilsugæslunni varðandi ófrískar konur. Það er aðstoð, sem er mjög sérhæfð, og byggir á löngu skjólstæðingasambandi.

Fræðsluverkefni okkar varðandi rafsígarettur í grunnskólum tók breytingum þegar eftir að lög um þær tóku gildi og notkun á nikótínþúðum fór að aukast. Margvíslegt samstarf við FRÆ og Ungmennafélag Íslands varðandi útbreiðslu, aðgengi og viðhorf til reyklauss tóbaks er búið að vera í gangi á starfsárinu. Með samstilltu átaki og breiðri nálgun samstarfsaðila viljum við vinna að því að koma böndum á þennan vágast sem reyklaust tóbak er, sérstaklega meðal ungs fólks og tryggja þann góða árangur sem hefur náðst í tóbaksvörnum. Saman fengu samstarfsaðilarnir 1,7 milljón króna styrk úr Lýðheilsusjóði til að sinna fræðslu um reyklaust tóbak. Sumarið og haustið 2022 var nýtt til að undirbúa málþing undir yfirskriftinni „Nikótín og heilsa“ sem haldið var 11. október 2022. Búið er að vinna úr upptökum á fyrirlestrunum á málþinginu þannig að þeir eru aðgengilegir á netinu. Einnig er verið að vinna úr þessu efni og útbúa fræðsluefni fyrir skóla og íþróttafélög.

Fundað hefur verið með ýmsum sem þekkingu hafa á þessum málaflokki svo sem Láru Sigurðardóttur og hjúkrunarfræðingi frá Heilsulausnum og Jóhönnu stjórnarmanni okkar.

Ungmennafélagið hefur virkjað ungmennaráðið til samstarfs. Verkefnið verður unnið áfram, eftir því sem styrkur úr Lýðheilsusjóði leyfir en verkefnið fékk viðbótarstyrk að upphæð ein milljón kr. í úthlutun í febrúar 2023. Því miður hefur verkefnið tafist af ýmsum óviðráðanlegum ástæðum en verkefnið er farið af stað að nýju.

Embætti landlæknis nálgast félagið með ósk um samstarf vegna samevrópsks verkefnið sem snýr að hulduheimsóknum varðandi nikótín. Ákveðið hefur verið að skoða það samstarf frekar.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins, Fræðsla og forvarnir, IOGT og Samtök foreldra gegn áfengisauglýsingum létu Gallup gera könnun í mars 2024 varðandi viðhorf til áfengis og nikótínvara. Mesta notkun nikótíns er í aldurshópnum 18-34 ára. Í könnuninni sögðust 16,0% svarenda hafa tekið þátt í Þurru janúar og 10,8% tekið þátt í Edrúar. Tæplega 56% svarenda telja að það séu mikil tengsl á milli áfengisneyslu og krabbameins en 12% að það séu lítil tengsl. Hluti þessarar könnunar hefur verið gerð árlega frá 2017 (ekki 2023) og gefur okkur tækifæri á að meta breytingar á ýmsum þáttum á milli ára.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins og Heilsulausnir, sem m.a. sinna fræðslu í grunn- og framhaldsskólum, eru í samvinnu fyrst og fremst á sviði tóbaks- og nikótínvarna, en einnig um mikilvægi hreyfingar og mataræðis og heilbrigðra lífshátta almennt.

Eftirlitshlutverk varðandi rafsígarettur og nikótínvörur er núna hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun en var áður hjá Neytendastofu. Við leitum reglulega eftir upplýsingar um stöðu mála varðandi eftirlitið og höfum verið ánægð með hversu vel þessu hlutverki er sinnt. Neytendastofa fer núna með eftirlit með banni við auglýsingum á nikótínvörum og fjölmiðlanefnd tekur fyrir kærur um brot á lögum um tóbak og nikótínvörur í fjölmiðlum. Félagið sendir inn ábendingar til þessara aðila þegar við sjáum eitthvað sem við viljum að tekið sé fyrir.

Í tilefni af alþjóðlega tóbakslausa deginum 31. maí 2024 létum við þýða skilaboð frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) og fleirum um áherslur tóbakslausa dagsins. Áherslan var lögð á skaðleg áhrif markaðssetningar tóbaksframleiðenda á ungmenni. Tugir milljóna ungmenna á aldrinum 13-15 ára nota einhverja tegund tóbaks, þar af um 4 milljónir í Evrópu. Tóbaksframleiðendur hafa einbeittan ásetning til að selja ungu fólki lífshættulegar vörur, sem auk þess eru ávanabindandi og valda fíkn. Þeir sem standa að alþjóðlega

tóbakslausa deginum 31. maí 2024 hvetja ríkisstjórnir og þá sem berjast gegn tóbaksnotkun til að vernda unga fólkið fyrir skefjalausri ásókn framleiðenda tóbaks og til að láta þá bera ábyrgð á því tjóni sem þeir valda. Guðlaug skrifaði grein í tilefni dagsins sem birtist á Vísi.

Norræn félagasamtök í tóbaksvörnum funda reglulega og hafa með sér margvíslegt samráð.

Guðlaug hefur verið fulltrúi Krabbameinsfélagsins í þessu samstarfi en frá sl. hausti tók

Jóhanna Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur og stjórnarmaður við sem fulltrúi okkar.

Samstarf þetta hefur verið ákaflega gefandi. Samráðshópurinn fundaði rafrænt í apríl 2024

og svo var staðfundur í Osló í september sl. Þar var farið yfir stöðu mála í löndunum með

sérstakri áherslu á nýrri nikótínvörur. Löndin eru mislangt á veg komin. Umræða var um

tóbakslausakynslóð og áréttað að horfa þyrfti á alla neyslu tóbaks og nikotíns.

Jóhanna Kristjánsdóttir svaraði árlegum spurningalista frá Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni (WHO) um ýmislegt er snýr að tóbaksvörnum á Íslandi.

Jóhanna Kristjánsdóttir stjórnarmaður okkar situr í fagraði landlæknis um tóbaksvarnir fyrir okkar hönd.

Sveinn Magnússon læknir og heiðursfélagi er að taka saman sögu tóbaksvarna á Íslandi að beiðni félagsins. Ísland var lengi vel leiðandi þjóð í tóbaksvörnum, hlutverk

Krabbameinsfélagsins og ekki síst okkar félags hefur verið stórt í þessari sögu og mikilvægu

forvarnarstarfi. Í ritnefnd með Sveini eru Árni Einarsson, Guðlaug og Jónas Ragnarsson. Sótt

var um styrk til verkefnisins hjá Lýðheilsusjóði árið 2023 sem úthlutaði okkur í mars í fyrra

500.000 kr. til fyrsta áfanga verksins. Verkið er vel á veg komið.

Lýðræðishátíðin, Fundur fólksins

Fundur fólksins, ráðstefna Almannaheilla, var haldin í Hörpu 29. nóvember 2024, daginn fyrir

alþingiskosningar. FRÆ, Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins, Foreldrasamtökin gegn

áfengisauðglýsingum og IOGT á Íslandi stóðu sameiginlega að málstofu undir heitinu: Ávana-

og vímuefni – áskoranir í forvörnum. Er baráttan töpuð? Jóhanna sat í panel fyrir hönd

félagsins.

„Hættan er ljós“

Rúm tuttugu eru síðan átaksverkefnið „Hættan er ljós“ hófst, en það er samstarfsverkefni Geislavarna ríkisins, Embættis landlæknis, húðlækna og Krabbameinsfélagsins. Stefnan hefur verið að stuðla að skynsamlegri hegðun landsmanna í sól og að draga enn frekar úr almennri notkun ljósabekkja. Árlega hefur Gallup gert könnun fyrir átakshópinn og haldið er áfram að fræða um afleiðingar óhóflegra sólbaða. Eftir að hafa sleppt spurningavagni meðal almennings í fyrra var hann sendur út á ný.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að um 5% fólks notuðu ljósabekk einu sinni eða oftar á 12 mánaða tímabili en þetta hlutfall var 6% árið 2022. Meðalfjöldi skipta sem svarendur hafa farið í ljós á sl. 12 mánuðum hefur hins vegar aukist marktækt frá 2022 mælingunni og fer úr 0,2 skiptum á sl. 12 mánuðum í 0,6 skipti og telst þetta marktæk hækkun. Þetta þýðir að þeir sem fara á annað borð í ljós eru að fara oftar núna í ljós en í 2022 mælingunni. Einnig var spurt hvort húðin hafi brunnið af völdum ljósabekkja eða sólar á sl. 12 mánuðum. Þar sjáum við að 83,2% svarenda segja að húðin hafi ekki brunnið og 16,8% að hún hafi brunnið.

Hlutfall þeirra í síðustu mælingu sem sögðu að húðin ekki brunnið var 81% en þessi breyting á milli mælinga telst ekki marktæk. Af þeim sem segjast hafa brunnið hafa 67,8% brennt húð sína í sólarlandaferð, 54,3% á öðru ferðalagi erlendis, 10,6% hafa brennt hana í ljósabekkjum og 18,2% við vinnu á Íslandi en var 10,1% árið 2022.

Verið er að vinna að rannsókn þar sem farið verður yfir kannanir síðustu 20 ára og tengsl við húðkrabbamein skoðuð. Rannsakandi er BS nemi í læknisfræði sem vinnur rannsóknina undir handleiðslu Bárðs Sigurgeirssonar húðlæknis.

Guðlaug hefur svarað erlendum fyrirspurnum og könnunum í samstarfi við Geislavarnir ríkisins.

Bleiki mánuðurinn

Málþing um brjóstakrabbamein var haldið í húsi Krabbameinsfélagsins 22. október 2024 á vegum Brjóstaheilla – Samhjálpur kvenna, Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins og Krabbameinsfélags Íslands. Yfirskrift málþingsins var „Þú breytir öllu“ sem var slagorð bleika mánaðarins. Brynja Björk Gunnarsdóttir formaður Brjóstaheilla – Samhjálpur kvenna setti málþingið. Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja sagði frá „Lýðheilsuvísum og skimun á Suðurnesjum“, Brynja Björk Gunnarsdóttir formaður

Brjóstaheilla, sagði frá Norrænni samvinnu sjálfbóðaliða sem greinst hafa með krabbamein, Lóa Björk Ólafsdóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, sagði frá þeim áskorunum sem aðstandendur krabbameinsgreindra geta staðið gegn og þeim bjargráðum sem aðstandendur geta nýtt sér. Kári Hreinsson forstöðulæknir á svæfinga- og gjörgæslusviði Landspítalans, sagði frá sinni reynslu af því að greinast með brjóstakrabbamein. Haukur Valdimarsson, eiginmaður Brynju Bjarkar og Auður Ösp Ólafsdóttir sögðu sínar reynslusögur af því hvernig er að vera aðstandandi. Fundarstjóri var Eliza Reid, rithöfundur og fyrrum forsetafrú. Góð mæting var á málþingið sem var einnig streymt á miðlum Krabbameinsfélagsins.

Skógarganga

Um 300 manns mættu í skógargöngu Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins og Skógræktarfélag Hafnarfjarðar þann 29. október sl. við Gróðrarstöðina Þöll við Kaldársselsveg, en aldrei hafa fleiri sótt viðburðinn. Magnús Gunnarsson stjórnarmaður í báðum félögunum flutti ávarp. Frá Þöll var gengið um skógarsvæði Skógræktarfélags Hafnarfjarðar undir leiðsögn Steinars Björgvinssonar skógfræðings. Rétt áður en gangann átti að hefjast var stórhrið úti, en rétt áður en lagt var af stað létti til og göngufólk fékk meira að segja smá norðurljósasýningu í kaupbæti. Fjölmennið var leitt í gegnum skógarstíga þar sem hinar ýmsu kynjaverur, lifandi og framliðnar með tilheyrandi hljóðum, hrelltu á skemmtilegan hátt unga sem aldna, en boðið var upp á tvær gönguleiðir að þessu sinni. Að göngu lokinni var boðið upp á heitt súkkulaði og kleinur í húsakynnum Þallar og þrátt fyrir að gert hafi verið ráð fyrir miklum fjölda kláraðist allt heitt súkkulaði og meðlæti áður en síðustu göngumenn náðu í hús. Hugmyndir eru um að breyta fyrirkomulaginu og styðja betur við Skógrækt Hafnarfjarðar við skipulag á viðburðinum.

Nemendur, skólar o.fl.

Formaður og starfsfólk félagsins aðstoða nemendur, kennara framhaldsskóla og háskóla og fleiri við heimildaöflun vegna ýmissa skrifa, rannsókna og kennslu sem tengist krabbameini og forvörnum.

Samstarf félagasamtaka í forvörnum

Samstarf félagasamtaka í forvörnum, SAFF, stendur að ýmsum verkefnum í forvörnum svo sem fræðsluverkefni um kannabis og fræðsluverkefni sem tengist útisamkomum og frítíma fólks. Alls 25 samtök standa að SAFF. Samstarfið byggist á virðingu fyrir fjölbreytni, ólíkri aðkomu samtaka í forvörnum og mismunandi áherslum. Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í stjórn samtakanna.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins, í samstarfi við Fræðslu of forvarnir og SAFF, hefur undanfarin ár staðið, ásamt fleirum, meðal annars, að því að kanna notkun á rafsígarettum og nikótínþúðum, notkun áfengis og viðhorf til þess meðal Íslendinga 18 ára og eldri. SAFF sendir inn umsagnir um hin ýmsu frumvörp sem varða forvarnir; svo sem áfengi, tóbak og nikótínvörur.

SAFF hefur á undanförunum misserum lagt áherslu á að bregðast við síendurteknum frumvörpum um að heimila sölu áfengis í almennum verslunum og leyfa áfengisauglýsingar, meðal annars með því að senda inn umsagnir til Alþingis. SAFF hefur einnig beitt sér fyrir að sett verði löggjöf um rafsígarettur. SAFF stóð á árinu 2024 ásamt fleirum (FRÆ, IOGT, Foreldrasamtökin gegn áfengisauglýsingum og Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins) að því að kanna stöðu ávana- og vímuefnamála og viðhorf til þeirra meðal Íslendinga 18 ára og eldri. Könnunin er hliðstæð könnunum sem gerðar var árin 2017, 2018, 2019, 2020, 2021 og 2022 og því hægt að meta breytingar á ýmsum þáttum á milli ára.

Vefsíðumál og samfélagsmiðlar

Fésbókarsíða Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins er notuð til að koma á framfæri því sem félagið stendur fyrir og til að styrkja stöðu þess. Vefsíða félagsins er í smíðum og verður hún opnuð á vormánuðum.

Stuðningur við sjúklinga

Félagið er í góðu samstarfi við stuðningshópa Krabbameinsfélagsins og aðstoðar þá eftir þörfum, t.d. við gerð fræðslu- og fundarefnis, fréttabréf, ársskýrsla, yfirllestur og fleira.

Félagið er þáttakandi í vinnuhóp um stafvæðingu á stuðningsneti Krafts og Krabbameinsfélagsins, en stuðningsnetið hefur verið hjartað í starfsemi Krafts frá stofnun félagsins árið 1999. Vala stýrir verkefninu sem snýr að því að einfalda aðgengi að jafningjastuðningi fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur, með vettvangi á netinu.

Styrkveitingar

Styrkveitingar félagsins á reikningsárinu voru nítján. Heilbrigðisstarfsfólk fékk styrki vegna sérnáms, fræðsluferða og ráðstefna. Einnig var tóbaksvarnarrit sem gefið var út af Tómasi Guðbjartssyni og fleirum styrkt og sófi keyptur fyrir kaffistofu starfsfólks á dag- og göngudeild blóð og krabbameinslækninga. Eins og síðustu ár styrkum við einnig starfsemi Heilsulausna sem hafa í samstarfi við okkur sinnt fræðslu í skólum.

Happdrættið

Tekjum af happdrætti Krabbameinsfélagsins hefur frá upphafi verið varið í fræðslu. Það má segja að fræðsla um krabbamein og krabbameinsvarnir hafi lengi vel byggst að miklu leyti á happdrættisfé og óumdeilt er að happdrættið á ríkan þátt í þeim mikla árangri sem náðst hefur í tóbaksvörnum marga síðustu áratugi.

Heildarsala happdrættismiða í happdrættunum 2024 var svipuð og árið á undan. Vinningsbíll var til sýnis í sumarhappdrættinu eina viku í Smáralind og þrjá daga í desember í jólahappdrætti. Kynning og auglýsingar voru á samfélagsmiðlum. Sala miða í netverslun Krabbameinsfélagsins er góð viðbót. Sala happdrættismiða til fyrirtækja var hjá fyrirtækinu Markaðsráði.

Á árinu var byrjað að skoða, af alvöru, þann möguleika að gera happdrættið al-stafrænt. Póstburðargjöld hafa hækkað gríðarlega mikið og stafvæðing er nauðsynleg leið til að bregðast við þeim kostnaði. Vala og Jón Óli ráðgjafi happdrættisins fóru í „námsferð“ til Danska krabbameinsfélagsins þar sem þau fengu fræðslu um þeirra happdrætti og þeirra stafrænu vegferð sem hófst árið 2016. Fundurinn var mjög gagnlegur og ýmislegt lært sem hægt er að nýta sér við rekstur happdrættis Krabbameinsfélagsins. Í kjölfarið var svo tvisvar fundað með hugbúnaðarhúsinu Fuglum, en þeir hönnuðu og reka vef happdrættis Háskólans. Í nóvember tóku Vala, Guðlag og Jón Óli þátt í vinnustofu hjá Fuglum þar sem

þarfagreining var unnin fyrir hugbúnaðinn. Það var svo tekin ákvörðun að láta lokaverkefnishóp frá Háskólanum í Reykjavík vinna alla grunnvinnu að forritun hugbúnaðarins í samvinnu við Fugla. Vonir standa til að seinna á árinu 2025 verði tilbúin hugbúnaður sem hægt er að nýta við rekstur happdrættisins.

Í mars 2024 gerði Maskína fyrir okkur könnun á happdrættismarkaðinum á Íslandi með áherslu á okkar happdrætti. Helstu niðurstöður eru að rúmlega 38% svarenda höfðu keypt happdrættismiða Krabbameinsfélagsins einhvern tíma á síðustu fimm árum en um 47% höfðu aldrei keypt.

Í sumar fagnar happdrættið 70 ára starfsemi.

75 ára afmæli félagsins

Í tilefni af 75 ára afmæli félagsins var ákveðið að halda ekki stóra afmælishátíð heldur nýta tækifærið og nota árið í stefnumótun og önnur verkefni féluginu til heilla. Ákveðið var að fara í stefnumótunarvinnu með fyrirtækinu Stratagem og er sú vinna nú á lokametrunum. Ætla má að hægt verði að hefja innleiðingu á nýrri stefnu sem fyrst.

Þann 18. febrúar síðastliðinn var haldinn hátíðarfundur heiðursfélaga í féluginu. Góðmennt var á fundinum og virkilega gaman að hitta þennan góða hóp. Mikið var rætt um ýmis málefni er tengjast féluginu og mikilvægt var að fá innsýn heiðursfélaga inn í starfið framundan.

Fjármál

Afkoma félagsins á reikningsárinu var neikvæð um tæpar 4,5 milljónir króna. Kostnaður við fræðslustarfsemi var tæpar 26,9 milljónir króna. Árið 2024 skilaði happdrættið féluginu rúmum 20 milljónum króna í tekjur. Aðrir tekjuliðir, eru félagsgjöld og styrkir, auk vaxtatekna. Eignarstaða félagsins er góð.

Samstarf við ýmsa aðila

Snertifletir Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins og Krabbameinsfélags Íslands eru fjölmargir.

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn 25. maí 2024. Á fundinum var formaður okkar Vala Smáradóttir kjörinn í stjórn Krabbameinsfélags Íslands. Deginum áður var formannafundur undir yfirskriftinni “Sameinaðir kraftar til meiri árangurs”. Aðrir formannafundir voru haldnir á Akureyri í september og í mars. Guðlaug hefur sótt suma af samráðsfundum starfsmanna aðildarféлага. Vala hefur sótt alla fundi síðan í maí.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins á 15% í húseigninni að Skógarhlíð 8. Á aðalfundi KÍ síðasta vor var sagt frá hugmyndum um mögulegt samstarf við Ljósið sem var þá að leita eftir lóð fyrir framtíðarhúsnæði. Samkvæmt skipulagi eru heimildir til byggingar stærra húss á lóðinni við Skógarhlíð 8. Samþykkt var að nefnd skipuð Höllu Þorvaldsdóttur framkvæmdastjóra KÍ, Helga Björnssyni fjármálastjóra KÍ, Vilhjálmi Egilssyni stjórnarmanni í KÍ og Völu hjá KH myndi skoða málin áfram með Ljósinu. Samhliða þeirri vinnu var óskað eftir ráðgjöf frá Fléttu fasteignaráðgjöf. Í haust kom í ljós að ekkert yrði af samstarfinu við Ljósið þar sem þau höfðu tryggt sér fjármagn fyrir lóð og húsnæði annarsstaðar. Ákveðið var þá af nefndinni að fara í undirbúning með Fléttu og Kanon arkitektum til að sækja um aukið byggingarmagn á lóðinni, umfram það sem leyfi er fyrir, þar sem lóðarleigusamningur var að renna út. Eins og staðan er í dag hefur ekki fengist leyfi fyrir auknu byggingarmagni en nefndin mun vinna áfram að þeim markmiðum.

Guðlaug hefur tekið þátt í tveimur nefndum á vegum KÍ (stefna félagsins til 2030). Þessar nefndir komu með tillögur um hvað mætti fækka krabbameinum mikið út frá góðum lífsháttum og hvernig lifun gæti þá breyst.

Breytingar voru gerðar á lögum Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins árið 2023 til að aðlagja lögin að lögum um almannaeillafélög. Skráningu er því miður ekki lokið og enn á eftir að greiða úr einhverjum flækjum hjá Rsk en vonast er til að skráningin taki gildi á vormánuðum 2025 og að Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins verði þá skráð sem almannaeillafélag.

Guðlaug situr í kjörnefnd Almannaheillasamtakanna.

Guðlaug situr í stjórn Fræðslu og forvarna (FRÆ) og SAFF.

Félagið hefur átt gott samstarf við stuðningshópa Krabbameinsfélagsins, starfsmenn og stjórn Fræðslu og forvarna (FRÆ), starfsmenn Ungmennafélags Íslands, IOGT og fleiri. Einnig má minnast á afar gott samstarf við starfsfólk Arion banka og Jón Óla Sigurðsson varðandi happdrættið og fleira.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins er ásamt nokkrum forvarnarsamtökum (IOGT, FRÆ, Foreldrasamtökin gegn áfengisauðglýsingum), starfsmanni frá Embætti landlæknis og einstaklingum þátttakandi í samstarfshópi um forvarnir. Hópurinn ræðir saman um opinbera stefnumörkun í ávana- og vímuefnamálum og haft er samráð um þau þingmál sem koma fram.

Guðlaug las yfir fyrir Landspítalann spurningalista/banka PRO-CTCAE fyrir fólk í krabbameinsmeðferð (matstæki/einkenni og aukaverkanir) sem kom út í júní síðastliðnum. Félagið styrkti á sínum tíma þýðinguna.

Lokaorð

Það sem hér hefur verið nefnt eru aðeins nokkur dæmi sem sýna fjölbreytnina í starfi félagsins. Ný verkefni taka við af gömlum og viðmið og áherslur breytast en sum verkefnanna eru hinsvegar þannig að við verðum 9 alltaf að hafa augun á boltanum. Sem dæmi má nefna áfengisforvarnirnar, en lengi hafa rannsóknir sýnt fram á skaðsemi áfengis og tengsl áfengisneyslu við ýmsar tegundir krabbameina. Þrátt fyrir þá þekkingu og fyrir þá fræðslu sem til staðar er stöndum við í sífelli baráttu við öfl sem vilja aukið aðgengi að áfengi. Það sama má segja um tóbak og nikotín. Stórkostlegur árangur hefur náðst síðustu áratugi í tóbaksvörnum, og 50 ár eru í ár síðan að tóbaksvarnafræðsla hófst í skólum. En betur má ef duga skal og er stefnuleysi stjórnvalda í tóbaksvörnum bagalegt. Árið 2004 skrifuðu stjórnvöld undir rammasamning við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina um tóbaksvarnir. Samkvæmt honum ber stjórnvöldum meðal annars að koma á stefnu í tóbaksvörnum. Það má því með sannri segja að það sé kominn tími hjá stjórnvöldum að standa við stóru orðin og ljóst að við megum ekki má sofna á verðinum þegar að kemur að tóbaksvörnum.

Eitt þeirra verkefna sem hefur verið í umræðunni í yfir 40 ár og eitt helsta baráttumál félagsins síðustu áratugi eru skimanir fyrir ristil- og endaparmskrabbameini. Það er því virkilega gleðilegt að lýðgrunduð skimun fyrir ristil- og endaparmskrabbameini sé hafin hjá

Samhæfingarmiðstöð krabbameinsskimana. En ristil- og endaparmskrabbamein er þriðja algengasta krabbameinið sem greinist á Íslandi.

Á síðasta ári fagnaði félagið 75 ára afmæli. Það er á slíkum tímamótum sem gott er að staldra við og horfa til baka á það sem vel hefur verið gert, þann árangur sem náðs hefur, þær áskoranir sem félagið hefur tekist á við og það hlutverk sem það hefur gegnt. En einnig horfa til framtíðar. Fyrir hvað stendur félagið, hvert er hlutverk þess, hvernig vill það takast á við áskoranir og hvaða hugrenningartengsl viljum við kveikja þegar fólk heyrir um félagið okkar? Ljóst er að það er áfram verk að vinna þótt áskoranirnar breytist með tíð og tíma. Það var í kjölfarið á þessum vangaveltum sem stjórn ákvað að farið yrði í mikla stefnumótunarvinnu á afmælisárinu og er sú vinna nú á lokametrunum. En það er trú okkar sem að félaginu komum að sú vinna muna skila sér í öflugra félagi, tilbúnu til að takast á við þau verkefni og þær áskoranir sem upp munu koma. Við teljum afar mikilvægt að Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins auk annarra krabbameinsfélaga standa vaktina áfram og styðji við og hvetji til góðra verka um allt land, því verkefnunum lýkur aldrei. Fyrir þinginu liggur tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í krabbameinsmálum 2025–2029, og verður það þá í fyrsta sinn sem virk krabbameinsáætlun er til að vinna eftir á Íslandi. Það er m.a. í okkar verkahring að sinna hagsmunagæslu hvað varðar eftirfylgni með þessum aðgerðum.

Vala Smáradóttir, formaður og framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Krabbameinsfélag Norðausturlands

Stofnað: 18. Ágúst 1970 og endurvakið 2.maí 2006.

Ekki barst ársskýrsla.

Krabbameinsfélag Rangarvallasýslu

Stofnað: 7.maí 1971 og endurvakið 15.apríl 1993

Ekki barst ársskýrsla.

Krabbameinsfélagið Sigurvon

Stofnað: 2001

Starfsemi Sigurvonar árið 2024 gekk vel. Hæst stóð bleikt boð sem félagið hélt í október fyrir fullu húsi. Frítt var inn en með boðinu vildu aðstandendur Sigurvonar þakka samfélaginu fyrir stuðning við félagið og var boðið upp á tónlistaratriði, bingó og ljúfar veitingar. Einn af hápunktunum var ávarp Ólafs Guðsteins Kristjánssnar um reynslu sína af því að vera foreldri stúlku sem greindist með hvítblæði tveggja ára. Hann sagði hlýhug og góðsemi nærsamfélagsins hafa skipt sköpum við þessa erfiðu lífsreynslu sem hann og fjölskyldan hans stóð frammi fyrir. Reynslusagan lét engan ósnortinn og hlaut Ólafur standandi lófaklapp að henni lokinni.

Þá var Helenu Hrund Jónsdóttur, fyrrum formanni Sigurvonar, veitt heiðursslaufa félagsins í bleikum október, fyrir góð störf um árabíl í stjórn félagsins, bæði sem meðstjórnandi og svo við forystu hennar. Hún hefur enn yfirumsjón með einu stærsta verkefni ársins sem er innréttun nýs lyfjabergis Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða sem ætlað er einstaklingum með krabbamein.

Sigurvon hefur í samráði við starfsmenn stofnunarinnar keypt ýmsa innanstokksmuni og aðra hluti sem nýtast munu gestum herbergisins. Nýja lyfjaherbergið leysir að velli gamla herbergið sem Sigurvon og fleiri aðilar sáu um að innrétta fyrir rúmum áratug síðan. Með tilkomu þess bauðst einstaklingum í krabbameinsmeðferð loks að fá lyfjameðferð í heimabyggð. Óneitanlega var um mikla framför að ræða sem sparar bæði tíma og peninga en ekki síst sparar orku fólks því það tekur á, bæði andlega og líkamlega, að ferðast reglulega suður til Reykjavíkur. Var því mikið hagsmunamál hjá stjórn Sigurvonar að stuðla að því að nýja herbergið væri einnig sem best búið.

Hreyfihópur Sigurvonar hóf æfingar í lok maí og var það fimmta sumarið hans.

Hreyfihópurinn er starfræktur fram að Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka í ágúst.

Upphaflega var hópurinn hugsaður til að styðja við bakið á þeim sem hlaupa til styrktar Sigurvon í maraþoninu en það er ekki skilyrði fyrir þátttöku. Hópurinn var mjög virkur í sumar en þátttakendur taka þátt á sínum forsendum undir tilsögn Árna Heiðars Ívarssonar, einkabjálfa og hlaupara með meiru. Hlaupaplanið var gert opinbert í sameiginlegri Facebook-grúppu þannig að allir sem vildu gátu tekið þátt sama hvar þeir voru staddir á Vestfjörðum.

Rúmlega 1,2 milljón króna söfnuðust í áheitasöfnun fyrir Sigurvon í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka. Alls bárust 235 áheit á þá sem hlupu í þágu félagsins. Þar sem eitt meginmarkmið Sigurvonar er að styðja fjárhagslega við þá sem þurfa að leita krabbameinsmeðferðar utan heimabyggðar er stjórnin afar þakklát fyrir framtak þeirra sem hlaupa til styrktar félaginu í Reykjavíkurmaraþoninu. Þau lyfta grettistaki fyrir samfélagið. Jafnframt skiptir miklu máli stuðningur fyrirtækja heima í héraði en sem fyrr hlaut félagið nokkra rausnarlega og ómetanlega styrki. Kann stjórnin þeim öllum miklar þakkir fyrir. Stuðningshópurinn Karlavon hóf annað starfsár sitt en hann er bæði ætlaður karlmönnum sem eru í krabbameinsferð eða búnir að ná bata eftir að hafa glímt við sjúkdóminn. Þeir hittast hálfsmánaðarlega á föstudögum. Hópnum var komið á laggirnar í samstarfi við Vesturafl en er nú starfræktur undir styrkri stjórn Davíðs Björns Kjartanssonar sem situr í stjórn Sigurvonar.

Þá var stuðningshópurinn Vinir í von reglulega yfir vetrartímann en um er að ræða samverustundir krabbameinsgreindra og aðstandenda þeirra. Hittingarnir eru jafnan vel sóttir og mikið skrafað saman.

Krabbameinsfélag Skagafjarðar

Stofnað: 12.júní árið 1966

Fjöldi félagsmanna: 340

Stjórn þess er svo skipuð:

Formaður. Dalla Þórðardóttir,

varaformaður: Þorsteinn Þorsteinsson.

Ritari: Sara Regína Valdimarsdóttir.

Gjaldkeri. Helga Gígja Sigurðardóttir.

Meðstjórnandi: Hrönn Jónsdóttir.

Á árinu 2024 hélt stjórnin þrjá stjórnarfundir, auk þess sem oftlega var rætt í síma eða samband haft með tölvupóstum, til að skipuleggja verkefni.

Viðburðir:

Í marsmánuði voru tveir viðburðir:

- boðað var til samveru með gistingu á Löngumýri. Félagið bauð til þessarar samveru og stóð straum af gistingu svo og upphaldi þátttakenda. Svo fór raunar að enginn þáði gistingu. Síðdegis á föstudegi hófst fyrirlestur í umsjón starfsmanna KAON. Efnið var líðan krabbameinsgreindra, eftirfylgni og heilsusamlegt líferni. Eftir kynninguna voru mjög góðar samræður, spurningar og fólk skiptist á góðum ráðum og eins yfir kvöldverði.
- Á laugardag var kvöldverður. Þátttaka var góð og var þarna bæði krabbameinsgreint fólk sem og makar.
- Í lok marsmánaðar var haldið Blátt boð, með söng og kótilettuveislu. Ekki er að spyrja að ánægju með kótiletturnar. Sönginn fluttu feðgarnir á Hóli í Lýtingsstaðahreppi og undirleikari var Friðrik Þór Jónsson. Tókst þessi viðburður með ágætum.

Hinn 25. október var haldið Bleikt boð, með svipuðu sniði og í bláa boðinu. Boðið er upp á bleikan drykk, salurinn skreyttur bleikum blöðrum og rósum í bleikum litatónum. Njótum við þess vel að hafa innan okkar raða blómabóndann á Starrastöðum, sem raunar er starfsmaður félagsins. Var einnig gerður góður rómur að þessum viðburði. Starfsfólk Löngumýrar bar fram súpu og brauð, Sigríður Garðarsdóttir í Miðhúsum flutti pistil og Blönduhlíðartróíð söng við undirleik Rögnvaldar Valbergssonar.

Í sumar dvöldu krabbameinsgreind í orlofi á Löngumýri. Krabbameinsfélag Skagafjarðar styrkir ferðir fólks hingað, en vel flestir koma að sunnan.

Í framhaldi af formannafundi á Akureyri, hitti stjórn KS tvo stjórnarmenn úr KAON. Þeir báru boð um að Skagfirðingar, sem sæktu lækniþjónustu, lyfjagjöf og annað, væru velkomnir á skrifstofu og að þiggja allt það sem veitt er krabbameinsgreindum og fylgdarfólki. Oft þurfa fylgdarmenn að bíða lungann úr degi, svo að gott er að vita af hlýlegum stað til að hvílast á. Fundurinn var hinn besti, því stjórnirnar skiptust einnig á reynslusögum og lærðu þar af. Stjórn KS kann þeim Pétri Þór og Maron bestu þakkir fyrir.

Styrkir:

Krabbameinsfélagið styrkir sem fyrr fólk sem fer til lækninga út úr héraði.

Um nokkurt árabíl var fastur styrkur kr. 300. 000 en nú þykir , vegna dýrtíðar , vert að hækka framlagið í kr. 400. 000. Félagið hefur reyndar styrkt fólk um hærri fjárhæð í sérstökum aðstæðum.

Félagið styrkti á árinu aðstöðu á Akureyri fyrir fólk sem er þar í lyfjagjöf. KAON hafði forgöngu um að útbúa huggulega aðstöðu á spítalanum og stjórn Krabbameinsfélags Skagafjarðar taldi einboðið að eiga þar að hlutdeild, þar sem svo margt fólk héðan á þess kost að nýta sér deildina á Akureyri. Styrkurinn nam einni milljón króna.

Gjafir:

Sem fyrr nýtur félagið velvilja einstaklinga og annarra. Lionsklúbburinn Höfði á Hofsósi gaf krabbameinsfélaginu kr. 300. 000.

Í firðinum starfa níu kvenfélög og á árinu 2024 lögðu tvo þeirra nokkuð af sínum tekjum til okkar, Kvenfélag Akrahrepps gaf kr. 100.000 og Kvenfélag Staðarhrepps kr. 50.000.

Dalla Þórðardóttir.

Krabbameinsfélag Snæfellsness

Stofnað: 27.september 2005

Aðalfundur félagsins var haldin mánudaginn 11. mars 2024 kl. 20:00 í Sögumiðstöð Grundarfjarðar. Á fundinum urðu breytingar á stjórn félagsins þar sem Guðrún Hrönn, Pétur Steinar og Sólrún gengur úr stjórn. Í þeirra stað komu inn Guðrún Þórðardóttir úr Snæfellsbær, Lís Ásgeirsdóttir og Sigríður G Arnardóttir frá Grundarfirði. Fyrsti fundur nýrrar stjórnar var haldin að heimili Mjallar í Grundarfirði þann 27. mars, en Mjöll situr í varastjórn félagsins. Á þessum fyrsta fundi skipti stjórn með sér hlutverkum og var ákveðið að Eygló Kristjánsdóttir yrði formaður, Svanborg Siggeirsdóttir gjaldkeri og Sigríður G Arnardóttir ritari. Á þessum fyrsta fundi stjórnar var ákveðið að greiða sjúkrabílakostnað fyrir krabbameinsgreinda félaga okkar sem og gistingu á sjúkrahótelinu fyrir einn fylgdarmann þess krabbameinsgreinda. Svanborg og Eygló fóru sem fulltrúar okkar félags á aðalfund Krabbameinsfélags Íslands sem haldin var í húsnæði Krabbameinsfélags Íslands. Annar fundur stjórnar var haldin að Stóra Kambi í Breiðuvík 3. júní, á þeim fundi var ákveðið að hækka hreyfistyrk félagsins í 50.000 kr. sem hægt er að sækja um í allt að þremur árum eftir að krabbameinsmeðferð lýkur. Á fundinum var einnig samþykkt samhljóða að allir krabbameinsgreiddir félagsmenn geti sótt um styrk frá félaginu óháð búsetu. Upp komu hugmyndir um að bjóða uppá einn POP UP tíma fyrir krabbameinsgreinda í hverju bæjarfélagi fyrir sig og rædd hugmynd um að búa til bækling með helstu upplýsingum um starfsemi félagsins. Ákveðið var að hugmyndirnar yrðu frekar útfærðar í spjalli stjórnarmanna. Miðvikudaginn 5. júní tóku Eygló formaður og Guðrún stjórnarmaður á móti veglegum styrk að upphæð 900.000 kr. frá nemendum í Grunnskóla Snæfellsbæjar sem safnað var í góðgerðarviku skólans þar sem nemendur lögðu sig fram um að vinna ýmis góðverk. Nemendum og starfsfólki grunnskólans þökkum við kærlega fyrir veglega gjöf. Við afhendinguna kynnti Eygló lauslega hlutverk og starfsemi Krabbameinsfélags Snæfellsness. Félagið fékk einnig veglega gjöf frá Vökustaur félagi í eigu hjónanna Svölu og Agnars í Stykkishólmi þökkum við þeim kærlega fyrir.

Krabbameinsfélag Snæfellsness átti fimm hlaupara í Reykjavíkumaraþoninu sem haldið var 24. ágúst sl. þær Berglindi Axelsdóttur, Ingu Fanney Jónasdóttur, Jóhönnu Jóhannesdóttur, Sigurbjörgu Jóhannesdóttur og Sigríði Elmu Svanbjargardóttur þökkum við kærlega fyrir að hlaupa í nafni félagsins og safna áheitum.

Svanborg sótti formannafund Krabbameinsfélags Íslands þann 13. september á Akureyri, slagorð félagsins var „þú breytir öllu“, Svanborg koma uppfull af allskonar hugmyndum af fundinum og sagði stjórn meðal annars frá ungri krabbameinsgreindri stúlku sem bjó til glærukynningu fyrir bekkjarfélaga sína um það hvernig hún vill láta koma fram við sig í veikindunum.

Þriðji fundur félagsins var haldin í Fjölbrautaskóla Snæfellinga 17. september, stjórnin hélt áfram með hugmyndina um bækling og setti niður helstu upplýsingar sem við vildum koma á framfæri til samfélagsins um félagið. Áætlað er að bæklingurinn verði á öllum heilsugæslustöðvum á Snæfellsnesi fljótlega eftir áramót. Stjórnin setti upp vetrardagskrá fyrir POP UP tímana og var meðal annars ákveðið að bjóða upp á jóga, vatnsleikfimi og listasmiðju, einn viðburð í hverju bæjarfélagi. Gerð voru drög að viðburði vegna bleiks október og unnið með hugmynd um að búa til gjafapoka fyrir þá sem sækja styrki til félagsins. Stjórn félagsins ákvað að greiða að fullu upp alla útistandandi reikninga félagsmanna sl. tvö ár. Félagið hafði ekki tök á að greiða fulla styrki til félagsmanna en vegna mikillar góðvildar í samfélaginu var tekin ákvörðun um að setja inn í reglur félagsins að hægt sé að sækja um styrk allt að tvö ár aftur í tímann. Fyrsti POP UP tíminn átti að vera 22. Október en þá bauð félagið uppá jóгатíma fyrir krabbameinsgreinda í Crossfit stöðinni á Rífi en því miður þá varð ekki af þeim tíma þar sem skráningin var mjög dræm.

Félagið hélt uppá dag bleiku slaufunnar miðvikudaginn 23. október í Sögumiðstöðinni í Grundarfirði. Mjög góð mæting var á viðburðinn, setið var í öllum sætum og stóðu nokkrir aðilar fyrir utan salinn vegna plássleysis. Þetta kvöld sögðu þau Guðrúnu Hrönn Hjartardóttir, Pétur Steinar Jóhannsson og Júníana Björg Óttarsdóttir okkur sína sögu og tengingu við krabbamein, við þökkum við þeim kærlega fyrir þeirra erindi. Krabbameinsfélagi Snæfellsness hefur verið sýndur mikill fjárhagslegur stuðningur og velvild undanfarin ár og fyrir þann stuðning erum við í stjórn félagsins afar þakklát. Til að sýna þakklæti okkar í verki var ákveðið að veita þeim sem hafa staðið fyrir söfnunarátaki frá því ný stjórn félagsins tók

við þann 11. mars síðastliðinn örlítinn þakklætisvott á þessum bleika degi. Eftirfarandi aðilum þökkum við fyrir þeirra framlag:

- Valgerður Helga Ísleifsdóttir, Anna Björg Jónsdóttir og Steinunn Tinna Þórðardóttir fyrir komdu í Bingó vinan sem haldið var í byrjun október í Grundarfirði.
- Grunnskóli Snæfellsbæjar, skólinn stóð fyrir góðgerðardögum í apríl sem þau kölluðu „Látum gott af okkur leiða“.
- Agnar Jónasson og Svala Jónsdóttir fyrir hönd fyrirtækisins Vökustaur en þau stóðu fyrir söfnun fyrir félagið í maímánuði.

Hlaupurum í Reykjavíkumaraþoninu þökkum við fyrir þeirra framlag og hjónum Jóhannesi Ólafssyni og Kristjönu Hermannsdóttir í Steinprent var þakkað fyrir þeirra stuðning í gegnum árin þegar kemur að prentun og öðru tengt auglýsingum fyrir félagið. Stjórn félagsins er mjög þakklátt öllum þeim sem styrkja félagið og hafa styrkt í gegnum árin á einn eða annan hátt.

Mánudaginn 4. nóvember kl. 18:00 bauð félagið uppá erindið „Áhrif veikinda á fjölskyldur!“ sem Þorri Snæbjörnsson sálfræðingur hjá Krabbameinsfélagi Íslands hélt í Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Þorri fjallaði um þær áskoranir sem aðstandendur og krabbameinsgreindir standa gjarnan frammi fyrir þegar ástvinur greinist með krabbamein. Ágætis mæting var á viðburðinn og var boðið upp á súpu og konfekt með erindinu. Fimmtudaginn 14. nóvember bauð félagið krabbameinsgreindum uppá vatnsleikfimi í sundlaug Stykkishólms og á þann viðburð mættu 5.

Fjórði stjórnarfundurinn var haldin á Zoom 11. desember, þar voru sýnd drög af bæklingi félagsins og ákveðið að helstu atriði yrðu einnig þýdd yfir á pólsku. Gjafapokar félagsins eru tilbúnir og sagt var frá því að sex einstaklingar væru búnir að fá sína poka ásamt einu barni. Í gjafapokanum er teppi, grjónapúði, bók og súkkulaði. Félagið fékk Smiðjuna í Ólafsvík til að hanna fyrir sig gjafapokana. Í janúar sótti félagið um í Velunnararsjóð Krabbameinsfélag Íslands fyrir nokkrum verkefnum sem félagið er að vinna í og í lok febrúar fékk félagið úthlutað styrkum að upphæð 1.620.000 kr. fyrir þremur verkefnum þ.e. gjafapokunum, bæklingi og fyrir viðburði á vegum félagsins. Eygló formaður fór á teams formannafund á vegum Krabbameinsfélags Íslands þann 20. febrúar þar sem farið var yfir mottumarsátakið og aðildarfélögin voru minnt á að vinna eftir siðareglum almannaheilla og að framkvæmdarstjóri Krabbameinsfélagsins óskar eftir meira samtali við aðildarfélögin. Á

Þessum sama fundi kynntu aðildarfélögin hvað þau eru að gera og það sem Eygló tók helt úr því var kótilettukvöld, ýmis námskeið eins og mikilvægi greiningar, næringar- og heilsuráðgjöf, mottumarsmessa, bleikur dagur, hvíldarhelgar o.fl. Þann 21. febrúar bauð félagið krabbameinsgreindum uppá listasmiðju í Sögumiðstöðinni í Grundarfirði. Smiðjuna heldu systurnar Inga og Herdís Björnsdætur þar sem boðið var uppá að læra blandaða tækni í málun, tveir einstaklingar sóttu smiðjuna. Þann 5. mars tóku Eygló formaður og Guðrún varamaður í stjórn á móti styrk frá áhöfn og útgerð Ólafs Bjarnasonar SH 137 en þeir styrktu félagið okkar um 500.000 kr. og hvöttu aðrar útgerðir og fyrirtæki á svæðinu til að gera slíkt hið sama. Í þakklætisskyni var áhöfninni færðir Mottumarssokkar en í ár er áherslan á tenginguna á milli lífsstíls og krabbameina. Í Fjölbrautaskóla Snæfellinga var haldið styrktarbingó fyrir félagið okkar. Crossfit stöðin í Snæfellsbæ tók áskorun áhafnarinnar á Ólafi og vilja láta gott af sér leiða og hvetja til hreyfingar laugardaginn 29. mars þar sem allt þátttökugjald á æfingar þann daginn mun renna óskiptur til félagsins. Viljum við nota tækifærið og þakka öllum þeim sem til okkar hugsa og láta gott af sér leiða í nafni félagsins og fyrir félagið.

Þá hefur stjórn lokið yfirferð á störfum félagsins frá síðasta aðalfundi.

Krabbameinsfélag Suðausturlands

Stofnað 21.apríl 1970 og endurvakið 1.október 2002.

Ekki barst ársskýrsla.

Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga

Stofnað: 1968

Ekki barst ársskýrsla.

Krabbameinsfélag Suðurnesja

Stofnað: 15.nóvember 1953.

Starfsárið var með hefðbundnu sniði að mestu leyti en föstu liðirnir snúast mikið um október og mars en önnur verkefni eru fjáraflanir, söfnun nýrra félagsmanna og kynningarmál. Starfsemin er enn ekki alveg búin að ná sér á strik eftir Covid, engu að síður gengur vel að kynna félagið og sífellt fleiri hafa samband og leita til okkar. Betur má ef duga skal og hefur stjórn félagsins samþykkt að halda fjögur kynningarkvöld í haust þar sem boðið verður upp á föndur og fyrirlestra, markmiðið er að hafa fjölbreytta dagskrá sem hentar bæði aðstandendum og þeim sem hafa fengið greiningu, en tilgangurinn er að mynda jafningjahópa sem hafa möguleika til að hittast utan skrifstofutíma. Dagskráin er tilbúin og búið að bóka salinn en viðburðirnir verða auglýstir í sumarlok og vonast félagið eftir góðum undirtektum frá nærsamfélaginu.

Bleikur október er tileinkaður brjóstakrabbameini og bleika litnum en átakið hefur fest sig í sessi eins og þekkt er. Krabbameinsfélag Suðurnesja hefur í samstarfi við Íþróttafélög Keflavíkur, Njarðvíkur og nú líka Grindavíkur staðið fyrir kynningarátaki í október mánuði. Körfuknattleikslið fyrrnefndra félaga, bæði karla og kvenna hafa hitað upp í bolum frá félaginu sem verður að teljast góða auglýsing því mikið af þeirra leikjum eru sýndir í sjónvarpi enda félögin á Suðurnesjum í fararbroddi í íslenskum körfuknattleik.

Sú hefð hefur myndast að kirkjur svæðisins hafa skipst á að halda bleika messu þar sem Krabbameinsfélag Suðurnesja býður upp á fyrirlestur/reynslusögu einstaklings úr nærsamfélaginu.

Í ár var fenginn einstaklingur sem hefur gengið í gegnum greiningu og meðferð á brjóstakrabbameini og er búsett í Reykjanesbæ og heitir Hólmfríður Jennýjar-Árnadóttir. Hún býr yfir þeirri reynslu sem hver einstaklingur sem greinist með krabbamein finnur fyrir en hugarfar hennar er einstaklega jákvætt og fjallaði hennar inntak um það hvernig hægt er að tækla krabbamein með jákvæðu hugarfari. Það var vel mætt í bleiku messuna sem að þessu sinni var haldin í Keflavíkurkirkju og ber að þakka öllum þeim sem að komu og sérstaklega Sr. Erlu Guðmundsdóttur sem sá um veg og vanda skipulagsmála í samvinnu við starfsmann Krabbameinsfélags Suðurnesja.

Eitt af hefðbundnum liðum október mánaðar hefur verið samstarf Krabbameinsfélags Suðurnesja og HSS (Heilbrigðisstofnun Suðurnesja) en í ár náðist það ekki því verið var að taka móttöku HSS í gegn og átti þeirri vinnu að vera lokið en því miður náðist það ekki. Mjög gott samstarf hefur myndast milli HSS og Krabbameinsfélags Suðurnesja svo þessi liður mun detta inn aftur í haust.

Þar sem einn af lykilþáttum forvarna gegn krabbameini er hreyfing hefur Krabbameinsfélag Suðurnesja lagt áherslu á að virkja samfélagið til þess að hreyfa sig og leggur sig fram um að tengja félagið við sem flest íþróttafélög í nærumhverfinu en eitt þessarra félaga er 3N sem er þríþrautafélag sem heldur úti æfingum allt árið um kring og býður upp á margvíslega hreyfingu. Ein hreyfingin er útihlaup og í samstarfi Krabbameinsfélags Suðurnesja og 3N er haldið Bleika hlaupið sem fór fram 26. október 2024. Hlaupalengdir voru tvær, 5 km eða 10 km og frítt í sund í Vatnaveröld í boði Reykjanesbæjar.

Krabbameinsfélag Suðurnesja hefur verið í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu sem hafa séð um sölu á bolum og varningi í tengslum við Bleikan október og Mottumars en eigendur herra fata verslunarinnar Marion eiga bestu þakkir skilið fyrir einstaka velvild í garð félagsins við sölu á varningi fyrir okkur og ávallt hægt að treysta á þau. Við náðum ekki að fara í átakið að sækja nýja félagsmenn en við höfum sett okkur markmið að vera sýnileg tvo laugardaga á ári í anddyri Samkaupa. Stefnan var sett á fyrsta laugardag í desember og fyrsta laugardag í mars en það náðist ekki að manna þær vaktir en stendur til að gera betur næsta vetur.

Mottumars var eins og október mikill vinnumánuður en Krabbameinsfélag Suðurnesja var í samstarfi við 3N og bauð upp á Mottumars Hlaup og nú í fyrsta skiptið var boðið upp á sérstakt krakkahlaup sem heppnaðist gríðarlega vel. Samstarfið við Reykjanesbæ er að festast betur í sessi en bærinn bauð upp á tónlistaratriði, frítt í Vatnaveröld og seldu einnig vöfflur til styrktar félaginu. Þetta var í annað sinn sem ég sem starfsmaður stend fyrir svona hlaupi í samstarfi við 3N og virkilega gaman að sjá heilu fjölskyldurnar mæta saman og taka þátt. Það er mikil virkni í félögum 3N og samstarfið með þeim Guðnýju Petrínu Þórðardóttur og Berki Þórðarsyni forsvarsfólki 3N einstaklega gott.

Kynningastarfsemi Krabbameinsfélags Suðurnesja í samstarfi við körfuknattleiksfélögin hélt áfram í mars og nú undir áttakinu Mottumars. Forsvarsmenn þessarra félaga eiga miklar þakkir skilið því venjulega eru þeir að selja auglýsingar á sína upphitunarbolu en sýna samfélagslega ábyrgð í verki og kynna Krabbameinsfélag Suðurnesja án þess að rukka fyrir

Það sem er alls ekki sjálfsagt. Þau fyrirtæki sem hafa keypt auglýsingu á upphitunarboli félaganna eru líka að ganga í takt og sýna skilning og samþykkingu að „hvíla“ hefðbundnu upphitunarboli félaganna sem eru þaktir auglýsingum.

Bestu þakkir til allra sem hlut eiga að máli þar en það er of langur listi til að telja upp.

Það sem var nýtt og áhugavert á árinu og ánægjulegt að nefna eru Styrkleikarnir sem Krabbameinsfélag Íslands kynnti fyrir félaginu og stakk upp á að við myndum halda. Með stuttum fyrirvara var ákveðið að halda leikana og dagsetningin 6. - 7. september valin. Á styrkleikum er atriði sem kallast ljósastund og því fannst okkur tilvalið að tengja Styrkleikana við Ljósanætur hátíðina sem var einmitt þessa helgi. Þetta verkefni var virkilega lærdómsríkt og sumt heppnaðist vel og annað ekki. Dögunin sem körfuknattleiksdeild Keflavíkur heldur ávallt á laugardagsmorgni á Ljósanótt reyndist félaginu vel og buðum við nokkrum einstaklingum og fjölskyldum þangað og áttum náðuga stund saman. Veðurguðirnir voru okkur ekki hliðhollir en ljósastundin fór fram í aftaka veðri og máttum við þakka fyrir að geta tendrað kertin í pokunum. Engu að síður var stundin falleg og ræðan hennar Hólmfríðar Jennýjar Árnadóttur áhrifamikil þar sem hún ræddi þakklæti og jákvætt viðhorf krabbameinsgreindra en alltof fáir nutu þessarar stundar vegna veðurofsans. Enn og aftur var það tengingin við Íþróttafélögin sem komu sterk inn en meistarflokkur kvenna og karla í knattspyrnu tóku hring til að sýna stuðning og 3N Þríþrautarfélag mætti á laugardagsmorgninum og tók nokkra upphitunarhringi fyrir laugardagsæfinguna sína. Þó það hafi ekki verið margir sem lögðu leið sína á HS Orku völlinn í Reykjanesbæ þá voru yfir 500 hringir gengnir á vellinum og ekki útilokað að reyna við þetta verkefni aftur í náninni framtíð þó það verði með einhverju öðru sniði því það reyndist erfitt að fá fólk til að skrá sig og skuldbinda sig til þess að ganga í 24. klst. en það var samt ánægjulegt að sjá hversu áhugasamir bæjarbúar voru en auðvitað tekur tíma að kynna og festa í sessi svona viðburð og því ekki útilokað að reyna aftur og nýta reynsluna.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hefur opnað nýja álmu og með tilkomu hennar hefur aðstaða fyrir krabbameinssjúka á Suðurnesjum stórbátnað. Þar er hægt að sækja ýmissa þjónustu eins og blóðprufur, lyfjagjöf og annað.

Starfsmaður Krabbameinsfélags Suðurnesja fór í heimsókn og hélt kynningu á Krabbameinsfélaginu fyrir starfsmenn heimahjúkrunar og dagdeildar lyfjagjafar. Eins og gefur

að skilja eru þarfir krabbameinsgreindra eins ólíkar og þær eru margar en það var gott að hittast og bera saman bækur upp á framtíðina og auka skilning á starfsemi hvors annars.

Krabbameinsfélag Suðurnesja hefur í gegnum tíðina styrkt Heilbrigðisstofnun Suðurnesja með ýmissum tækjakaupum og þrýða nú tveir lyfjagjafa stólar þessa nýju deild sem Krabbameinsfélag Suðurnesja gaf.

Horft er til framtíðar að halda svona kynningafundi oftari en starfsmaður Krabbameinsfélags Suðurnesja færði deildinni ýmissa bæklinga og lesefni frá Krabbameinsfélagi Íslands sem munu liggja frammi á nýju deildinni.

Í lokin er ágætt að nefna að hið hefðbundna starf skrifstofunnar er að standa opin fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Skrifstofan er með opnunartíma milli 16:00 - 19:00 á þriðjudögum og fimmtudögum en annars eftir þörfum og síminn opinn þess á milli. Stefnt er að því að halda fjóra viðburði næsta haust til að finna út þörfina fyrir félagsstarfi utan skrifstofutíma. Vonandi mun það mælast vel fyrir og verða vel sótt.

Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu

Stofnað: 6. Maí 1971, endurvakið 22.nóvember 2004 og aftur 8. Maí 2009.

Skýrsla stjórnar – formaður

Við höfum setið saman í stjórn núna í 2 ár svo það er komið að því að kjósa aftur um okkar sæti.

Við lögðum strax upp með að efla starfsemi félagsins, gera okkur sýnilegri og auka fræðslu í heimahéraði.

Með þau markmið að leiðarljósi settum við upp dagskrá fyrir árið

- taka þátt í bleikum október og þá vill svo vel til að það eru hátíðir heima í héraði bæði í Vík og á Klaustri þar sem við gátum tekið þátt, verið með kynningarbása og selt varning til styrktar Krabbam.fél en einnig að hitta fólk og eiga samtál.
- Ljósaganga var á dagskrá í Vík 1.nóv. og tókst vel. Þetta var 3.gangan og í er gengið inn í myrkrið með ljós og í Vík er hægt að mynda fallegan ljósafoss þegar fólkið gengur niður í halarófu með ennisljós eða annan ljósgjafa. Það var fjölmenn ganga í Vík sem var farin upp á Reynisfjall í haustblíðu og kom í ljós að tvær konur sem hafa tekið þátt í öllum göngunum okkar voru þar nú á táknrænni hátt, báðar nýgreindar og að byrja sitt meðferðarferli. Og allir komu heilir niður aftur, rjóðir í kinnunum og þáðu kakó og kleinur.
- Við fengum netfyrirlestur frá Ingrid Kuhlman í lok október. Hún fjallaði um streitu og seiglu m.a. Mjög áhugavert erindi.
- Við stefndum líka að því að taka þátt í Mottumars- vera með einhvers konar fræðslu eða árvekni í tengslum við hann. Að þessu sinni fengum við fyrirlestur eða eiginlega uppistand hjá Ragnhildi Vigfúsdóttur sem hét: viltu vera fýlupúki eða gleðigjafi. Það var ljómandi góð mæting og gerður góður rómur að erindinu. Eftir hann var boðið uppá marenstertu frá Halldórskaffi/Kolbrúnu svo gestir gátu sest saman og spjallað um efni fyrirlestursins við Ragnhildi.
- Báðar nefndu þær að við þurfum að skoða hverju við getum sjálf stjórnað í viðbrögðum okkar við áföllum og veikindum. Það getur skipt höfuðmáli um úrvinnsluna.
- Við viljum leggja áherslu á að sú fræðsla sem er miðlað á okkar vegum nýtist fólki í alls konar aðstæðum, ekki endilega þeim sem takast á við krabbamein.

Við höfum mætt mikilli velvild í samfélaginu og fyrir það viljum við sérstaklega þakka. Í tengslum við fyrirlestrana voru kvenfélögin í sýslunni diggir þátttakendur og greiddu niður með okkur fyrir þá. Það munar um minna og gaman að finna þennan stuðning. Það er einmitt svona sem við viljum sjá félagið okkar vaxa og vekja athygli á málefnum sem skipta okkur öll máli eins og heilsunni.

Félaginu bárust einnig styrkir í formi minningarkorta.

Af heilum hug viljum við þakka velgjörðarfólki fyrir stuðninginn og gerum okkar besta til að nýta féð til að styrkja félagið okkar og félagsmenn. En það hefur tíðkast undanfarin ár að styrkja þá sem þurfa að fara í meðferð í Reykjavík til uppihalds. Við viljum benda fólki á að hafa samband við okkur og sækja um slíka styrki ef á þarf að halda.

Við tengdum okkur líka inn í Krabbameinsfélag Íslands. Formaður sat einn formannafund þess á síðasta ári og þau vekja athygli á atburðum á okkar vegum inni á heimasíðu sinni.

Við útbjuggum Facebook síðu í nafni félagsins okkar. Þar getum við miðlað upplýsingum og viðburðum og fólk getur sent okkur skilaboð.

Haldnir voru nokkrir stjórnarfundir, bæði í nærveru og fjarveru. Vegna vegalengda okkar á milli nýtum við tæknina töluvert til að hafa fundi.

Krabbavörn Vestmannaeyjum

Stofnað: 25. Apríl 1949, endurvakið 03.05.1990

Fjöldi félagsmanna 521

Krabbavörn Vestmannaeyja stendur á gömlun grunni, það var stofnað af Einari Guttormssyni lækni 25.04.1949, félagið var þá deild innan Krabbameinsfélags Íslands og fór 1/3 hluti af innkomu félagsins til KÍ. Eftir að hafa starfað um tíma féll starfsemi félagsins niður en var endurvakið 03.05.1990. og hefur starfað nær óslitið síðan.

Krabbavörn Vestmannaeyja er grasrótasamtök sem vinna þarft verk og nýtur starfið velvildar og þakklætis í samfélagi Vestmannaeyja. Félagið er starfrækt eingöngu á styrkjum og öll vinna í nafni félagsins er sjálfboðavinna.

Á síðasta ári voru skráðir 521 félagsmenn í félaginu.

Stjórn:

Aðalfundur var haldinn 8. apríl 2025

Þá var kosin ný stjórn félagsins þar sem Margrét Þóra Guðmundsdóttir hætti sem ritari og Sigurbjörg Kristín Óskarsdóttir sem formaður:

- Formaður: Þórunn Margrét Sigurbergsdóttir
- Varaformaður: Valgerður Þorsteinsdóttir
- Gjaldkeri: Olga Sædís Bjarnadóttir
- Ritari: Guðrún Gísladóttir
- Meðstjórnendur: Kristín Valtýsdóttir, Fjóla Róbertsdóttir
- Varamenn: Vera Björk Einarssdóttir

Félagið þakkar fráfarandi formanni og ritara fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Á starsfsári 2024 voru haldnir 3 stjórnarfundir.

Stjórn tók þátt í 2 fundum hjá KÍ

Stjórn tók þátt í 11 viðburðum/fundum fyrir hönd félagsins á árinu.

Starfsemi:

Starfsemi félagsins var í góðum farvegi þetta starfsárið, unnið að föstum viðburðum sem hafa tilheyrt félaginu til margra ára ásamt öðrum uppákomum eins og rökkurgöngu 29. febrúar, ljósagöngu sem farin var á Eldfell.

Hópastarf

Á starfsári 2024 var opið hús á þriðjudögum frá 13-15, hafa þessir fundir alltaf verið mjög vel sóttir, einnig voru fundir á miðvikudagskvöldum þar sem karlklúbbur Krabbavarnar hittist. Þar mætir fólk sem hefur gengið í gegnum krabbamein, fólk sem er í krabbameinsmeðferð og aðstandendur krabbameinssjúklinga.

Viðburðir

Í upphafi árs var farið í að vinna að undirbúningi rökkurgöngunnar sem var farin 29. febrúar og mættu þar hópur fólks. Eins og fyrr þá kom þátttaka á óvart sem sýnir velvild fólks til félagsins.

Innanbæjarferð var farin með góðum hópi innan félagsins og þar var ýmislegt gert og skoðað, farið var í Kertaverksmiðjuna Heimaey sem er verndaður vinnustaður einnig var Landakirkja heimsótt ásamt því að Laxey var skoðuð og starfsemi félagsins kynnt.

Í maí var perlað að Krafti og var frábær mæting þar sem fólk á öllum aldri mætti til að perla saman.

Krabbavörn Vestmannaeyja afhenti þ. 28. maí formlega gjöf til HSU í Vestmannaeyjum.

Tvo lyfjagjafastóla með eftirfarandi aukahlutum Lamp, IV pole Patient table og USB port ásamt lyfja dælum

Rafmagns skrifborð, skrifborðstóll, móttökustóll, fjögur teppi / yfirbreiðslur, tvö hitateppi fyrir axlir, tvo fótaverma, tvö sjónvörp ásamt tveim þráðlausum heyrnatólum, gardínur, veggfestur armur útdraganlegur, veggfest hvítt tjald, ljósmynd eftir Óskar Pétur Friðriksson og listaverkið “ Það er Von ” eftir Helgu Jónsdóttur

Krabbavörn Vestmannaeyja hefur staðið fyrir ýmiskonar fjáröflunum á meðal einstaklinga og fyrirtækja í Vestmannaeyjum ásamt ýmsum uppákomum, safnað fé til kaupa á þeim munum sem hér eru upptaldir.

Það er ósk Krabbavarnar að aðstaðan veiti bæði því fólki sem þarf að nýta sér lyfjagjafaherbergið sem og því starfsfólki sem við það starfar notalegan tíma í erfiðum aðstæðum.

Ýmsir aðilir hlupu okkur til styrktar í Reykjavíkumaraþoninu.

Í ágúst var golfmót Úlla open haldið og allur ágóði af mótinu rann til Krabbavarnar.

Í septembermánuði keppti Sæmundur Guðmundsson á heimsmeistaramót í kraftlyftingum sem haldið var í S-Afríku sett var af stað áheitasíða þar sem fólk gat heitið á kappann til styrktar féluginu, þess má geta að Sæmundur sem er 72 ára varð heimsmeistari í klassískum kraftlyftingum.

12. október var bleikur leikur þar sem ÍBV og UMF Selfoss tókust á en miðasala inná leikinn rann öll til Krabbavarnar. Einnig var Kubeneh sem er „second hand“ verslun með bleikan varning og öll innkoma af honum rann til félagsins.

Listamaðurinn Viðar Breiðfjörð var með myndina Bátar, bíll og hús á uppboði og rann sala myndarinnar til Krabbavarnar.

Veitingastaðirnir Einsí Kaldi og Vöruhúsið voru með bleika daga þar sem hluti innkomu féll til Krabbavarnar.

Sú nýbreytni var þ.23.október að ljósaganga var farin á Eldfell og varð úr því líkt sjónarspil.

Í byrjun nóvember var haldið kótilettukvöld, Gunni og Pétur færðu féluginu styrk en þess má geta að þeir félagar hafa styrkt félagið í nokkur ár með þessum viðburði.

Hin árlega Áramótaganga var á sínum stað en þar greiðir fólk gjald til að taka þátt í göngunni sem rennur til Krabbavarnar.

Námskeið

Engin námsekið voru haldin árið 2024

Styrkir

- Félagið styrkti 40 einstaklinga á árinu.
- Félagið hefur greitt meðferðastyrki, styrki vegna íbúðar og sjúkrahótelskostnaðar einnig eru greiddir útfarastyrkir.
- Styrkir samtals á síðasta starfsári nam 7.827.798kr.

Fræðslu- og forvarnastarfsemi

Karlablúbburinn hefur farið í félög með fyrirlestur um karllæg krabbamein og kynningu á félaginu.

Útgáfumál og fræðsluverkefni

Engin útgáfa á fræðsluefni

Markaðsstarf og kynningarmál

Facebooksíða félagsins

- Yfir 100 póstar hafa verið birtir á Facebook síðu félagsins árið 2024. Síðan er með 1,5K sem líkar við síðuna og 1,6K fylgjendur.
- Áframdeilingar á efni Krabbameinsfélags Íslands

Bæjarblöðin hafa verið dugleg að fjalla um starfsemi félagsins og styrkt félagið á þann hátt.

Samstarf

Krabbavörn hefur verið í samstarfi við veitingastaðina Vöruhúsið og Einsa kalda, ÍBV íþróttafélag, Friðarból sem sér um áramótagönguna presta Landakrikju ásamt einstaklingum sem koma að viðburðum tengda félaginu.

Fjármál

- Afkoma félagsins á reikningsárinu var jákvæð.
- Helstu kostnaðarliðir voru: styrkir til félagsmanna
- Helstu innkomuliðir voru styrkir
- Sótt var styrki til: engir styrkir voru sóttir árið 2024

Lokaorð

Árið 2024 var gjöfult ár fyrir félagið hvað varðar styrki til félagsins á einn eða annan hátt, félagið er lánsamt að hafa alla þá styrktaraðila sem hugsa til þess og bæjarbúa alla sem sýna félaginu hlýhug.

Kærleikur er magnað verkfæri, sem félagið finnur fyrir í samfélaginu og erum við ævinlega þakklát fyrir það.

Takk fyrir samstarfið.

Stjórnin

Brakkasamtökin

Stofnað: 2015

Fjöldi félagsmanna: 188

Saga félagsins

Stofnað:

Brakkasamtökin voru stofnuð árið 2015 og hafa starfað síðan þá með hagsmunabaráttu BRCA arfbera að leiðarljósi. Stofnun samtakanna spratt upp frá því að nokkrir eldhugar sem fundu mikla þörf á bættri þjónustu við þá sem lifa með aukinni áhættu á krabbameini tóku sig saman og lögðu drög að samtökunum. Brakkasamtökin voru svo stofnuð formlega eftir að haldnir höfðu verið margir hittingar þar sem jafningjastuðningur var í fyrirrúmi.

Brakkasamtökin hafa frá upphafi lagt mikla vinnu í að koma út fræðslu og vitundarvakningu um arfgeng krabbamein í bæði ræðu og riti. Haldnir hafa verið fræðslufundir með flestum fagaðilum sem koma að erfðarannsóknunum, eftirliti og áhættuminnkandi aðgerðum sem og staðið fyrir fundum með jafningjastuðning að leiðarljósi.

Brakkasamtökin hafa unnið stíft að því að koma sjónarmiðum arfbera á framfæri, m.a. í tengslum við að efla skimun og eftirlit fyrir þá sem bera BRCA eða aðrar meinvaldandi breytingar sem auka líkur á krabbameinum.

Fjöldi félagsmanna: 188

Stjórn:

Aðalfundur var haldinn 22. febrúar 2024 og ný stjórn var kjörin

Formaður: Jóhanna Lilja Eiríksdóttir

Gjaldkeri: Hrefna Eypórsdóttir

Meðstjórnendur: Inga Rut Gunnarsdóttir, Katrín Agnes Ellertsdóttir, Steinunn Markúsdóttir.

Haldnir voru 6 stjórnarfundir á árinu, en margir vinnufundir um málefni samtakanna.

Starfsemi:

- Aðalfundurinn var haldinn 22. Febrúar 2024 og á honum fengum við fróðlega erindi. Annars vegar kynningu á Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins og hins vegar kynningu á rannsókninni Áhrif BRCA2 999del5 stökkbreytingarinnar á ónæmissvar arfbera.

- Í kringum aðalfundinn fórum við á nokkra fundi. Fund með Intuens, fund með Höllu Þorvaldsdóttur, framvæmdarstjóra Krabbameinsfélags Íslands og fund með Framför – félag karla með blöðruhálskirtilskrabbamein. Einnig voru vinnudagar í sambandi við nýju heimasíðuna.
- Árið 2024 hefur verið viðburðaríkt en mikil vinna hefur farið í innri vinnu á nýrri heimasíðu. Vel hefur gengið að vinna með fyrirtækinu Snædal sem setti upp heimasíðuna og sér um að þjónusta hana. Heimasíðan var opnuð formlega 22. febrúar 2024.
- Samtökunum var boðið á fund með Velferðarnefnd Alþingis til þess að kynna samtökin og baráttumálin.
- Samtökin hafa tekið þátt í og aðstoðað við 2 rannsóknir sem eru í gangi um BRCA. Sú fyrri heitir: Fjölbætt greining á utanfrumuerfarefni arfbera, kímlínustökkbreytinga á DNA í viðgerðagenum. Sú seinni heitir: Áhrif BRCA2 999del5 stökkbreytingarinnar á ónæmissvar arfbera
- 14. febrúar var erindi um BRCA og aðrar krabbameinsvaldandi erfðabreytur og eftirlit með brjóstum fyrir og eftir brjóstnám, eggjastokkum fyrir og eftir eggjastokkanám, húð, brisi og blöðruhálskirtli. Áhættuminnkandi aðgerðir og notkun hormóna. Þar kom fram að konur með BRCA eiga rétt á að hitta sinn brjóstaskurðlækni árlega og fá skoðun. Ef sá læknir er ekki lengur starfandi þá geta þær pantað tíma hjá öðrum brjóstaskurðlækni. Það var ánægjulegt því þetta er málefni sem stjórn samtakanna hefur lagt mikla áherslu á.
- Samtökun voru með 2 jafningjafundi á árinu og tókust þeir mjög vel. Annar var í Reykjavík og hinn á Reyðarfirði.
- Samtökin stofnuðu styrktarsjóð sem heitir Iðunnarbrunnur. Nafn sjóðsins heiðrar minningu Iðunnar Geirsdóttur, sem var ein af stofnfélögum samtakanna. Iðunn lést úr krabbameini langt fyrir aldur fram þann 21. apríl 2018. Dóttir Iðunnar, Berglind Eir Ásgeirsdóttir, hafði lofað sjálfri sér þegar hún var yngri að ef mamma hennar myndi missa hárið aftur myndi hún gera það með henni. Það var svo í apríl 2018 sem hún lét raka af sér hárið og safnaði áheitum til styrktar Brakkasamtökunum. Mamma hennar hafði veitt henni innblásturinn til að styrkja samtökin sem hún var innilega stolt af. Berglind safnaði um 500.000 krónum sem runnu til samtakanna og var ákveðið að það yrði stofnfé styrktarsjóðsins. Fjármögnun sjóðsins verður með innkomu áheita á

samtökin í Reykjavíkumraðunni Íslandsbanka. Einnig verða öll framlög einstaklinga, fyrirtækja og félaga vel þegin. Styrktarsjóðurinn er fyrst og fremst hugsaður til að koma til móts við gistikostnað kvenna af landsbyggðinni vegna áhættuminnkandi aðgerða og þurfa að dveljast lengi að heiman. Samtökin taka þátt í að niðurgreiða kostnað á íbúðum og dvöl á sjúkrahótel, íbúð KÍ eða verkalýðsíbúðum.

- Formaður samtakanna sótti aðalfund Krabbameinsfélags Íslands sem var haldinn í Reykjavík í maí.
- Reykjavíkumraðun Íslandsbanka er mikilvæg fjáröflun og auglýstu samtökin eftir hlaupurum sem svöruðu kallinu. Það voru 9 hlauparar sem hlupu og var þetta mesta upphæð sem hefur safnast fyrir samtökin í Reykjavíkumraðuninu. Samtökin eru einstaklega þakklát þeim sem hlupu fyrir okkur. Við pöntuðum boli í fyrsta sinn og vorum með hvatningarstöð með Krabbameinsfélagi Íslands.
- Formannafundur á Akureyri með Krabbameinsfélagi Íslands í september sem formaður samtakanna sótti og var virkilega vel heppnaður.
- Force ráðstefna í Bandaríkjunum, er stór ráðstefna sem er haldin annað hvert ár og er um arfgeng krabbamein í víðum skilningi og kemur að öllum flötum krabbameina. Þangað fóru þrír frá samtökunum og var það mikil upplifun sem skilar sér í því að núna erum við að skipuleggja ráðstefnu sem áætluð er í september 2025.
- Þann 27. Október voru Genatónleikar og spjall. Höfundarnir Esther, Keli og Robin töluðu þar um tónverkið en í tónverkinu er stökkbreytt erfðaeftni í BRCA2 geni hljóðgert. Viðburður sem var haldinn í samstarfi við Krabbameinsfélagið.
- Samtökin tóku þátt í verkefni sem var dagatal á vegum verslunarinnar Sassy í tilefni af Bleikum október. Samtökin aðstoðuðu við að finna fyrirsætur til að sitja fyrir í dagatalinu sem og að nokkrar úr stjórn sátu fyrir á dagatalinu.
- Formanni samtakanna var boðið af Brjóstahreitt á ráðstefnu í Kaupmannahöfn. Ráðstefnan var hjá norrænu Brjóstakrabbameinssamtökunum og var í þetta sinn haldið af dönsku brjóstakrabbameinssamtökunum. Mjög fróðleg og góð ráðstefna.
- Kosningar og vinna við baráttumálin tóku mest af okkar tíma, enda mörg málefni sem við höfum getað komið í gegn en þó eru nokkur eftir. Tími einu sinni á ári hjá brjóstaskurðlækni fyrir þær sem eru búnar í áhættuminnkandi aðgerðum er t.d. orðið að veruleika.

- Á árinu er búið að fylgja eftir málefnum sem varða skimanir fósturvísa, kostnað við ferðir í eftirlit og gistinótt sem þarf að greiða nóttina eftir áhættuminnkandi brjóstnám á Klíníkinni. Stjórnin hefur verið dugleg að ýta á ýmsa aðila s.s. Brjóstamiðstöðina, heilbrigðisráðherra og alþingismenn.

Útgáfumál og fræðsluverkefni

- Samtökin fengu fyrirlestra frá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins og einnig fengum við kynningu á rannsókninni Áhrif BRCA2 999del5 stökkbreytingarinnar á ónæmissvar arfbera.
- 14. febrúar var erindi um BRCA og aðrar krabbameinsvaldandi erfðabreytur og eftirlit með brjóstum fyrir og eftir brjóstnám, eggjastokkum fyrir og eftir eggjastokkanám, húð, brisi og blöðruhálskirtli. Áhættuminnkandi aðgerðir og hormónataka.

Markaðsstarf og kynningarmál

Heimasíða félagsins

- Ný heimasíða var opnuð á aðalfundi samtakanna, 22. febrúar 202

Facebook síða félagsins

- Það hafa verið birtir 85 póstar á Facebook síðu félagsins. Síðan er með 1500 vini sem fylgjast með starfinu.

Instagram

- Instagramsíða samtakanna er með 400 fylgjendur.

Samstarf

Samtökin hafa verið í samstarfi við Klíníkina og Kristján Skúla Ásgeirsson.

Brjóstamiðstöðina og Svanheiði Lóu Rafnsdóttur.

Erfðadeild Landspítalans og Vigdís Stefánsdóttur erfðaráðgjafa.

Einnig verið í samstarfi við verslunina Sassy og Krabbameinsfélagið Framför.

Fjármál

Afkoma félagsins á reikningsárinu var jákvæð um 3.633.542 kr.

- Helstu kostnaðarliðir voru við ferðakostnað stjórnar og ráðstefnur.
- Helstu innkomuliðir voru félagsgjöld og úr Reykjavíkumaraþoni.
- Sótt var um styrki í Velunnarasjóð Krabbameinsfélags Íslands.

Lokaorð

Árið hefur verið skemmtilegt og það er mikið fram undan hjá okkur, Við ætlum að halda áfram að berjast fyrir bættu aðgengi að fræðslu, upplýsingum og utanumhaldi fyrir okkar hóp.

Herferðin Þreifaðu þann þriðja er komin af stað og ráðstefna áætluð í september.

Takk fyrir samstarfið.

Stjórnin

Rafræn samþykkt / undirritun á ársskýrslu stjórnar

Jóhanna Lilja Eiríksdóttir

Hrefna Eypórsdóttir

Inga Rut Gunnarsdóttir

Katrín Agnes Ellertsdóttir

Steinunn Markúsdóttir

Vestmannaeyjar 2. Apríl 2025

Brjóstaheill – Samhjálp Kvenna

Stofnað: 1979 og sem formlegt félag sjálfboðaliða árið 2001

Fjöldi félagsmanna: um 100

Félagið var stofnað árið 1979 sem sem formlegt félag sjálfboðaliða árið 2001.

Fjöldi félagsmanna: Um 100

Stjórn:

Formaður: Brynja Björk Gunnarsdóttir

Varaformaður: Anna Sigríður Arnardóttir

Ritari: Dóra Júlíussen

Gjaldkeri: Thelma Hólm Másdóttir

Meðstjórnendur: Heiða Birgisdóttir, Hildur Baldursdóttir, Guðrún Kristín Svavarsdóttir

Bakhjarlar stjórnar: Guðrún Sigurjónsdóttir

Starfsemi: Brjóstaheill – Samhjálp kvenna er aðili að Europa Donna, evrópusamtökum

brjóstafélaga og starfa með samtökunum. Við erum einnig í góðum og nánum samskiptum

við norrænu brjóstasamtökin. Annað hvert ár er haldin norræn ráðstefna brjóstasamtaka á

norðurlöndum en 2024 var hún haldin í Kaupmannahöfn og sóttu 2 stjórnarkonur

ráðstefnuna, 2 konur frá Braccasamtökunum og 3 sjálfboðaliðar. og fengum hlýjar móttökur

og mörg áhugaveð erindi voru haldin ásamt erindum formanna Norðurlanda.

Næsta ráðstefna verður haldin 2026 í osló. Verkefnið „Kastað til bata“ nú 16 ára en verkefnið

„kastað til bata“, samstarfsverkefni okkar og Ráðgjafapjónustu KÍ er haldið ár hvert og hefur

löngu sannað gildi sitt. Þar býðst konum sem greinst hafa með brjóstakrabbamein að fara í

laxveiði, undir stjórn þrautreyndra veiðimanna sem leiðbeina konunum við veiðina. Einnig

eru í för sjálfboðaliðar frá Brjóstaheillum – Samhjálp kvenna, konunum til stuðnings. Þessar

ferðir hafa tekist eindæmum vel og hafa konurnar sem farið hafa haldið hópinn, stutt hver

aðra og hafa einnig boðið sig fram sem sjálfboðaliðar í framhaldinu.

Ár hvert sækjum við erlendar ráðstefnur, námskeið og fundi á vegum Europa Donna en

sökum heimsfaraldursins var slíkum heimsóknum slegið á frest og hafa verið haldnar sjaldnar

en hist á zoom fundum og sótt ráðstefnur yfir netið.

Bleika málþingið var haldið í október s.l. í húsnæði KÍ og var haldin bæði í húsnæði KÍ og var streymt beint á netinu og komu þar fram margir áhugaverðir fyrirlestrar og er til upptaka af málþingi á vef krabbameinsfélagsins.

Námskeiðið „Mín leið“ sem er að breskri fyrirmynd, ætlað konum sem greinst hafa með brjóstakrabbamein og hafa lokið meðferð var haldið á vor- og haustmánuðum og var mikil ánægja með þessi námskeið og eru þau komin til að vera að okkar mati. Þetta námskeið er samstarfsverkefni Landspítalans, Ráðgjafabjónustu KÍ og Brjóstaheilla – Samhjálpur Kvenna.

Næsta verkefni teljum við vera sambærilegt námskeið ætlað konum með krónískt brjóstakrabbamein og leggjum mikla áherslu á að ráðist verði í þar

Við höldum úti facebook síðu sem er mjög vinsæl meðal kvenna sem greinst hafa með brjóstakrabbamein og geta konur sótt það jafningjastuðning og ráðgjöf. Einnig óskað eftir samtali ef þörf er á.

Brynja Björk Gunnarsdóttir

Formaður

Framför – félag BHKK greindra

Stofnun 12. Febrúar 2007 og endurreist 8. apríl 2019

2024 Ársskýrsla & Annáll

Árið 2024 hófst með því að ná saman þeim Bláu treflum sem ekki seldust. Því lauk um miðjan janúar og þegar upp var staðið átti Krabbameinsfélagið Framför 5.850 barmnælur eftir í lok árs.

Ýtt var mjúklega á fyrirtæki, sem seldu Bláa trefilinn í skannasölu að gera upp og það gekk vel. Sala þessara góðu fyrirtækja var í heildina 4.740.500 krónur þar sem Lyfja var með rúma 1,6 milljón í sínum 35 búðum, Apótekarinn+Lyf&Heilsa með rúma 1,5 milljón í 26 búðum, N1 með 827.000 í 32 bensínstöð og Olís 742.500 í 21 sölustað. Þeim var þakkað kærlega fyrir og þessi fyrirtæki vildu vera með áfram. Þar fyrir utan kom inn 80.000 í vefsölu hjá Framför.

Nettó hagnaður af sölu Blá trefilsins fór því úr um 208.000 árið 2022 í tæpar 2 milljónir 2024 en höfum í huga að þetta er uppbygging, sem byggðist á gríðarlega öflugum og vönduðu starfi Þráins Þorvaldssonar fráfarandi formanns og Guðmundar Haukssonar fráfarandi framkvæmdastjóra.

Bretta upp ermar og upp með sokkana

Þá var bara að bretta upp ermar því Framför er ekki bara að safna í sjóði, heldur að byggja upp starf sem miðar af þörfum okkar karlanna, maka og aðstandenda. Ekki síður hagsmunagæsla ásamt árvekni og samvinnu við alla sem geta lagt hönd á plóg í baráttunni. Í mars var Guðmundur Páll Ásgeirsson formaður í Framför með erindi á sameiginlegu málþingi Krabbameinsfélags Íslands. Okkar framlag var meðal annars kynning á hugmynd um Batasamfélag jafningja sem Krabbameinsfélagið Framför er með sem kjarna í sinni starfsemi. Meðal þess er að efla samband við Brakkasamtökin, fá í gegn ýmis réttindi svo sem niðurgreiðsla á bindum, hvernig hægt að nýta gervigreind, auka samstarf og samvinnu við Krabbameinsfélag Íslands, Landspítalann, Sorgarmiðstöðina, Píeta og ekki síst Ljósið, þar á meðal frábært samband við Blöðruhálsafélag, sem Jakob Garðarsson hefur stýrt í mörg ár. Svo má ekki gleyma öflugri tengingu við UOMO – samtök sjúklingafélaga í Evrópu fyrir karla og blöðruhálskrabba. Ekki heldur alþjóðasamtökunum ASPI um Virkt eftirlit, sem okkar eigin Þráinn hefur átt stóran þátt í byggja upp.

Meðal stærri verkefna var að vinna að Árvækni og snemmgreiningu en þar hefur UOMO átt stærstan þátt í að Evrópusambandið hefur áttað sig á mikilvægi þess að greina blöðruhálskrabba snemma til að minnka kostað ríkja við afleiðingar þess að „vera of seinn“ en hlutverk sjúklingafélaga eins og Framför snýst um að halda og vernda lífsgæði því einmitt lífsgæði er erfitt að reikna í tölum en ætti þó að vera mikilvægast af öllu.

Félagsstarfið

Hellir, félagsmiðstöð krabbameinsfélagsins Framför, var opnuð með pompi, prakt og brauðtertum í mars. Það dugðu ekkert annað en nokkrar brauðtertur sem nýr framkvæmdastjóri lofaði alveg óvart og slapp ekki frá því. Það var við hæfi að Bjarni Guðmundsson tæki fyrstu sneiðina og var myndaður af Árna Sæberg ljósmyndara Morgunblaðsins. Það var frekar þunnt skorið hjá Bjarna enda myndavélin á lofti en þegar búið að leggja henni fóru sneiðarnar úr því að vera millimetra þunnar í að vera „þumlungaþunnar“. Úr varð baksíðugrein í Morgunblaðinu.

Það er ekki bara kaffi og beinakex í boði í Hellinum því margar spurningar koma fram og ýmis fróðleikur úr öllum áttum – mest frá körlunum, sem mæta og styðja þannig aðra. Það var því farið í að setja upp „bókasafn“ þar sem upplýsinga sem er aflað, sýnishornum reddað og allt lagt fram fyrir hvern að taka. Nú liggja 27 upplýsingar/sýnishorn á borðum og bætist enn við. Sem dæmi um umræðuefni og úrvinnslu komu fram spurningar sem sendar voru Rafni Hilmarssyni yfirlækni krabbameinsdeildar Landspítalans. Hann svaraði samdægurs. Svona snör svör eru merki um hversu gott samband er við lækna og reynt verður að fá hann í heimsókn en hann hefur lýst yfir áhuga á því.

Reglulega komu gestir í Hellinn. Eins og hinn virti grasalæknir Einar Loga Einarsson sem var ekki bara með stutt erindi heldur ílengdist í nokkra tíma í spjalli, stórskemmtileg heimsókn Ingimundar Bergssonar framkvæmdastóra SVFR og eiganda Veiðikortsins en hann komst ekki upp með annað en að bjóða okkur veiðikort á góðu verði og upplýsa um „leyni-veiðistaði“ í Elliðavatni. Lárus Jón Björnsson sjúkráþjálfari kom og fór á kostum, svo vel að nú geta „okkar“ menn snúið sér beint til hans.

Svo fengum við stuðning

Veftímaritið Hellisbúinn var gefið út um miðjan apríl. Það verkefni er öðrum þræði fjáröflun þar sem seldar eru auglýsingar og styrktarlínur en í tímaritinu þetta árið voru 18 greinar af ýmsum toga.

Krabbameinsfélag Íslands veiti í apríl 2024 Krabbameinsfélaginu Framför veglegan styrk 2024 sem nam rúmum 5 milljónum til að byggja upp starfsemi okkar með meiri hitting auk þess að Framför kynnti félagið og málefni þess sem víðast.

Auk þess gáfu Lionsklúbbar 450.000 krónur en sjóður, sem vildi ekki vera nafngreindur gaf félaginu 2 milljónir. Eina sem þetta góða fólk vill í staðinn er að vera upplýst um að þessum fjármunum sé vel varið. Það mun Framför gera.

Svo var aftur farið að vinna

Aðalfundur UOMO var haldinn í Mílan á Ítalíu í lok maí og sóttu hann Guðmundur Hauksson varaformaður og fyrrverandi framkvæmdastjóri ásamt Stefáni Stefánssyni núverandi framkvæmdastóri. Á fundinum fór UOMO yfir stöðu mála, kynntar voru niðurstöður ýmissa rannsókna, kosið í stjórnir og fleira. Mesta athygli vakti að UOMO hefur verið í góðu sambandi við Evrópusambandið, sem ætlar að leggja meiri áherslu á skimun. Kostnaður við ferðina var að mestu greiddur af UOMO og sem fyrr eru alþjóðleg lyfjafyrirtæki helsti bakhjarl þeirra.

Aðalfundur Krabbameinsfélagsins Framför var haldin í Hverafoldinni 4. júní 2024. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf, þar á meðal kosning stjórnar auk þess að farið var yfir stöðu fjármála, fjáraflana, skýrsla um námskeið Stefáns Stefánssonar á UOMO í Þýskalandi, alþjóðlegar rannsóknir og málefni. Helstu breytingar í stjórn voru að Þráinn Þorvaldsson fór í varastjórn, Guðmundur Hauksson varð varaformaður og Hólmfríður Sigurðardóttir kom inn í stjórnina.

Samkvæmt venju eru haldnir Framkvæmdanefnafundir alla þriðjudaga þar sem farið er yfir stöðu verkefna og hvað þarf að vinna í.

Alþjóðlegt samstarf er mikilvægt og stendur traustum fótum með góða tengingu við Europa-UOMO auk persónulegra kynna við helstu forsvarsmönnum evrópskra félaga með sama hlutverk og Framför.

Í lok ágúst fór Guðmundur Páll Ásgeirsson á norrænan formannafund í Helsinki þar sem farið var yfir helstu áherslur í starfi norrænu félaganna og rökstuðning Euomo fyrir þróun skipulegarar skimunar fyrir krabbameini í blöðruhálskirtli ó Evrópu. Frá EUomo komu bæði formaðurinn Gunther Carl og formaður vísindaráðs samtakanna Hein Van Poppel og héldu fyrirlestra.

Guðmundur Páll formaður og Stefán framkvæmdastjóri til Akureyrar á formannafund stuðnings- og aðildafélaga Krabbameinsfélags Íslands. Þar kynntu félögin starfsemi sína og

þótti mörgum fundargestum forvitnilegt að heyra hvað Framför er að gera. Nokkrir báðu um frekari kynningu og í vor er ætlunin að hittast sem flest félög til að kynna starfsemina og sjá hvar Framför getur komið að gagni.

Makafélagið – Traustir makar – var endurvakið í nóvember þegar Hólmfríður Sigurðardóttir hélt fyrsta fund félagsins í aðstöðunni í Hverafold þegar hún meðal annars kynnti niðurstöður rannsóknar UOMO. Í fyrstu umferð komu um 6 konur, sem var gott því sígandi lukka er best – rétt eins og var í Hellinum í byrjun. Nú er komin hópur, sem mun þróa félagið og byggja upp en góðar vonir eru bundnar um framhaldið undir skellegri stjórn Hólmfríðar. Reiknað er með að hittast einu sinni í mánuði byrjun auk þess að vera í samtali við konurnar.

Og komumst í heimsfréttirnar ...

Við upphaf sölu á Bláa trefilsins í nóvember kom Björn Skúlason maki Höllu Tómasdóttur forseta í heimsókn til að taka við fyrstu nælunni.

Afar góð heimsókn, Björn var hinn kátasti, tók á móti nælunni, settist svo niður með Hellismönnum, var mjög áhugasamur um félagið, spurði mikið og auðvitað voru Hellisbúarnir til svara en það voru líka Guðmundur Páll formaður og Þráinn Þorvaldsson fyrrverandi formaður til svara – þar kom forsetamakinn ekki að tómun kofunum.

Í nóvember hélt Framför aftur vinnustofuna Kynlíf&ánánd og fékk félagið Indíönu Rós Ægisdóttir kynfræðing og Lárus Jón Björnsson sjúkraþjálfara til að stýra þeirri vinnustofu.

Lárus þessi er líklega sá öflugasti á sínu sviði og hefur sérhæft sig í körlum með blöðruhálskrabba ... enda kallar hann sig á góðum degi „Lalla neðanbeltis“. Tíu pör komust að og einhver voru á biðlista en vinnustofan heppnaðist mjög vel að mati þess, sem þetta skrifar og var á meðal þátttakenda.

Svo vel gekk að Lárus hefur komið á fundi í Hellinum, sem við köllum oft félagsmiðstöðina okkar eða hittingin. Reiknað er með að halda og rækta tengingu við tvíeykið og halda fleiri vinnustofur árið 2025.

Enn var safnað og við virðumst komnir á blað

Í desember var sótt um styrk til Heilbrigðisráðuneytisins samkvæmt auglýsingu um styrki vegna verkefna á sviði heilbrigðismála. Þar á t.d. að a) útbúa fræðsluefni og standa fyrir fræðslustarfsemi, b) vera málsvara og standa vörð um hagsmuni félagsmanna og c) bjóða uppá stuðning og ráðgjöf. Félagið okkar er heldur betur að gera þessa hluti og gott betur. Gert verður heyri kunnugt um hvort við fáum eitthvað út úr þessu um miðjan janúar 2025.

Hápunktur félagsins hvað varðar kynningu á starfsemi Framför, árvekni og að vekja fólk til umhugsunar var síðan í nóvember, sem er mánuður helgaður krabbameini í blöðruhálskirtli. Þar á meðal var árleg útgáfa Bláa trefilsins, 8 síðna blað kálfs með 14 greinum, sem var fylgiblað í aldreifingu með fimmtudagsblaðis Morgunblaðsins í byrjun nóvember. Þegar leið að lokum ársins 2024 fóru að birtast tölur úr áttakinu Bláa treflinum. Tekjur í skannasölu hjá vinum okkar í Lyfju, Apótekarinum/Lyf&Heilsu, N1 og Olís var minni en 2023 en á móti kom að sala á auglýsingum í fylgiblaði Morgunblaðsins var talsvert meiri auk þess að auglýsingakostnaður var lægri. Líklega verður á pari niðurstaðan 2023 og 2024 en það er mikilvægt að reyna meta hve vel tekst að kynna Krabbameinsfélagið Framför og hvað það stendur fyrir því, jú, við erum að þessu brölti fyrir okkur og okkar fólk.

Reykjavík 1. janúar 2025

Stefán Stefánsson

framkvæmdastjóri

Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk með krabbamein

Stofnað: 1.október 1999

Fjöldi félagsmanna: 1.152

Ársskýrsla stjórnar Krafts, lögð fram á aðalfundi félagsins 22.apríl 2025

Stjórn Krafts

Stjórn Krafts, starfsárið 2024-2025, skipa: Viktoría Jensdóttir formaður, Hannes Rúnar Hannesson varaformaður, Róbert Jóhannsson ritari, Vilborg Anna Garðarsdóttir gjaldkeri, Magnús Hafliðason meðstjórnandi, Jens Bjarnason varamaður, Brynhildur Arna Jónsdóttir varamaður og Elín Sandra Skúladóttir og Arnar Sveinn Geirsson saman sem einn varamaður. Á síðasta aðalfundi fékk stjórn félagsins leyfi aðalfundar til að setja í stjórn tvo aðila fyrri stjórnar inn sem einn varamann. Var það gert til að viðhalda þekkingu milli stjórna þar sem alveg ný stjórn var kjörin til starfa á síðasta aðalfundi. Stjórnarfundir voru 11 talsins á starfsárinu frá síðasta aðalfundi í apríl 2024.

Starfsmenn Krafts

Í upphafi árs 2024 störfuðu 3 starfsmenn í 100 % starfi hjá félaginu það eru Kristín Lilja Sigurðardóttir fjáröflunarfulltrúi, Þórunn Hilda Jónasdóttir markaðs og kynningarfulltrúi og síðar þjónustu- og viðburðarstjóri og Hulda Hjálmarsdóttir framkvæmdastjóri. Katrín Þórhildur Petersen bættist svo í 100% stöðu í maí í stöðu markaðsstjóra Krafts í stað Þórunnar Hildu sem færði sig yfir í starf þjónustu- og viðburðarstjóra.

Þá er félagið með nokkra fasta verktaka í sérverkefnum hjá félaginu. Atli Már Sigurðsson íþróttifræðingur – þjálfari FítónsKrafts, Hrefna Lind Einarsdóttir – umbrot á blaði, Laila Sæunn Pétursdóttir, markaðsráðgjafi og verkefnastjóri, Rakel Erna Skarphéðinsdóttir – grafískur hönnuður, Guðlaug Ragnarsdóttir, umsjónarmaður AðstandendaKrafts og náms - og starfsráðgjafi, Róbert Jóhannsson, umsjónarmaður StrákaKrafts og Viktoría Jensdóttir, umsjónarmaður StelpuKrafts.

Félagar Krafts

Fjöldi félagsmanna í Krafti eru 1.152. Á síðasta starfsári bættust við 103 félagsmenn. Um það bil 67% félagsfólks eru kvenkyns og 33% eru karlkyns.

Stuðningsnetið

Þorri Snæbjörnsson, sálfræðingur, er umsjónarmaður Stuðningsnetsins, sem er samstarfsverkefni Krafts og Krabbameinsfélagsins. Fromlegt stuðningsnet var stofnað árið 2009 með þeim hætti sem það er í dag. Á starfsárinu hefur sálfræðingur fengið 19 beiðnir um jafningjastuðning, samanborið við 21 beiðni árið 2024 og var eitt stuðningsfulltrúanámskeið haldið á árinu. Það er áhyggjuefni hversu fáar stuðningsbeiðnir berast í Stuðningsnetið og fáir nýta sér þessa þjónustu.

Kraftur hefur á starfsárinu verið í samtali við Krabbameinsfélagið um hvernig hægt sé að nútímavæða Stuðningsnetið með innleiðingu á sjálfvirknivæðingu og möguleika á að útvíkka þjónustuna enn frekar. Mikilvægt og aðkallandi er að einfalda umsóknarferlið og úrvinnslu við umsóknir. Stjórn félagsins hefur lagt áherslu á að ráðist verði í þá vinnu að nútímavæða Stuðningsnetið og eru fyrstu drög á teikniborðinu hjá Stefnu, samstarfsaðila sem hefur tekið að sér fyrsta fasa í hönnunarvinnu.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Það er áframhaldandi verkefni að gera vefinn enn betri og þjónustuvænni. Liður í því er að gera meira efni aðgengilegt á ensku og fleirum tungumálum en félagið hefur fundið fyrir mikilli þörf á því í ljósi fjölbreyttara samfélags. Þá er rík þörf á því að bæta inn fræðsluefni og viðhalda fræðsluefnum. Áætlanir voru um á síðasta starfsári að ráða starfsmann í fræðslumál til að styðja við þessi verkefni en sú ráðning tafðist og verður skoðað á árinu.

Samfélagsmiðlar spila stórt hlutverk í allri markaðssetningu félagsins, hvort sem um ræðir fræðslu eða upplýsingar um þjónustu til félagsmanna, upplýsingar um starfssemi Krafts, miðlun á reynslusögum félagsmanna eða auglýsingar á söluvarningi félagsins.

Helstu samfélagsmiðlar eru nýttir við markaðssetningu; Facebook, Instagram, TikTok og LinkedIn.

Fylgjendur Krafts á samfélagsmiðlum;

- Facebook eru yfir 15.692 en voru um 15.522 fyrir ári síðan (yfir 80% konur).
- Instagram eru 7.491 en voru 6.800 fyrir ári síðan.
- Tik Tok eru 681 en voru 343 í fyrra. Félagið byrjaði þar 27. janúar 2023
- LinkedIn eru 96 en voru 57 fylgjendur, félagið byrjaði þar 20. Nóvember 2022

- Félagið er með aðgang á X (áður Twitter) en hefur ekki verið virkt þar í nokkur ár

Þá er félagið með 14 Facebook-hópa sem notaðir eru sem upplýsingaveitur til félagsmanna og sem umræðuvettvangur, en misjafnt er milli hópa hve virkir þeir eru hverju sinni.

Útgáfustarfsemi

Kraftsblaðið kemur út einu sinni á ári og er blaðið sent til allra félagsmanna og er því dreift að auki á heilsugæslustöðvar og helstu læknastofur ásamt öllum deildum Landspítalans og sjúkrahúsa á landsbyggðinni. Árið 2024 var heldur veglegra en undanfarin ár þar sem um 25 ára afmælisblað var að ræða. Blaðinu var dreift á N1 stöðvar víðsvegar um landið. Þá er blaðið aðgengilegt á rafrænu formi á heimasíðu félagsins ásamt öllu útgáfuefni. Eins og undanfarin ár var styrktarlínum og auglýsingum safnað í blaðið og safnaðist 5.807.000 kr. Afföllin voru um 2%, þ.e. styrkir sem fengust ekki greiddir. Þóknun Takk fyrir öflun styrkja var 1.567.890 kr, sem er 27% skv samningi við þau. Kostnaður við blaðið var 3.084.873 kr.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins 2024 var Laila Sæunn Pétursdóttir. Í ritstjórn voru Róbert Jóhannsson og Þórunn Hilda Jónasdóttir. Blaðið var prentað í 2.500 eintökum og kom út í júlí 2024.

Í desember var gefið út jólakort sem var sent á alla félagsmenn og samstarfsaðila. Kostnaður við það var 889.282 kr, en póstkostnaður var þar stærsti kostnaðarliðurinn (608.795 kr).

Þjónusta og viðburðir fyrir félagsmenn Félagið leggur sig fram við að bjóða upp á fjölbreytta þjónustu fyrir félagsmenn sína og aðlaga hana að hópi okkar félagsmanna hverju sinni. Við sendum þeim reglulega fréttabréf um dagskrá félagsins og minnum á þjónustu félagsins sem hægt er að nýta sér. Við leggjum okkur fram við að senda félagsmönnum okkar handskrifuð afmæliskort sem send eru vikulega í pósti til fólks. Kraftur býr einnig yfir áhugaverðu bókasafni sem félagsmönnum stendur til boða að fá lánaðar bækur.

Félagskort

Rafrænu félagskortin héldu áfram. Félagskort Krafts gefur félagsmönnum tækifæri á því að auðkenna sig hjá ýmsum samstarfsaðilum félagsins og fá þannig sérkjör á vörum og þjónustu. Nokkrir nýir samstarfsaðilar og bættust við á tímabilinu sem veita afslætti og sérkjör. Félagskortin sýna einnig hvort félagsmenn séu með lyfjastyrk hjá Apótekanum.

FítónsKraftur

FítónsKraftur starfar í formi námskeiða, viðburða, fjarþjálfunar og útivistar sem stuðlar að bættri heilsu og vellíðan fyrir félagsmenn. Á síðastliðnu ári buðum við upp á fjölbreytta dagskrá fyrir félagsmenn okkar. Má þar nefna námskeiðið Fyrstu skrefin í ræktina, Flothettu námskeið og göngunámskeið. Við buðum einnig upp á salibunuferð með Zipline í Kömbunum og Buggybílaferð.

Stuðningsviðtöl

Sérstök stuðningsviðtöl fyrir félagsmenn eru reglulega veitt, sérstaklega fyrir nýja félagsmenn. Fara viðtölin fram ýmist í gegnum síma eða á skrifstofu Krafts. Getur fólk óskað eftir viðtali í gegnum heimasíðu félagsins og hefur starfsmaður þá samband og býður viðtal í gegnum síma eða að koma á skrifstofu Krafts. Viðtölin eru því ýmist bókuð með fyrirvara en einnig kemur fólk án þess að panta tíma. Starfsmenn Krafts hafa annast þessi viðtöl og eru þetta um 4 viðtöl í mánuði að jafnaði.

Stuðningshópar

Kraftur heldur úti stuðningshópum fyrir unga krabbameinsgreinda og aðstandendur. Eftirfarandi stuðningshópar hafa verið starfræktir á starfsárinu.

StelpuKraftur

Stuðningshópur fyrir ungar konur sem greinst hafa með krabbamein sem hittast annan hvern miðvikudag. Hópurinn hefur verið undir handleiðslu Huldu Hjálmarsdóttur og Viktoríu Jensdóttur síðastliðið ár. Boðið er upp á margvíslega viðburði og uppbyggjandi fræðslu.

Kostnaður við starf hópsins árið 2024 var 716.530 kr.

StrákaKraftur

Stuðningshópur yfir unga stráka sem greinst hafa með krabbamein sem hittist annan hvern miðvikudag. Hópurinn var undir handleiðslu Róberts Jóhannssonar. Boðið er upp á margvíslega viðburði og uppbyggjandi fræðslu. Ásókn í StrákaKraft hefur verið mjög stopul í gegnum tíðina og er stefnt á að fara í greiningarvinnu til að finna með hvaða hætti væri hægt að þjónusta þennan hóp betur.

Kostnaður við starf hópsins árið 2024 var 239.744 kr.

AðstandendaKraftur

Stuðningshópur fyrir aðstandendur krabbameinsgreindra. Hefur hópurinn verið að hittast annan hvern fimmtudag síðastliðinn starfsvetur. Er þetta vettvangur fyrir aðstandendur til að fræðast og deila reynslu meðal jafningja. Guðlaug Ragnarsdóttir var með umsjón með hópnum. Við buðum upp á fjölbreytta fræðslufyrirlestra og fengum inn fagaðila með erindi.

Kostnaður við starf hópsins árið 2024 var 514.396 kr.

NorðanKraftur

Stuðningshópur fyrir unga krabbameinsgreinda og aðstandendur á Akureyri. Hópastarfið er unnið í góðu samstarfi við Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis. Boði var upp á nokkur fræðsluerindi sem voru misvel sótt.

Kostnaður við starf hópsins árið 2024 var 219.949 kr.

Hópurinn fékk styrk að fjárhæð 500.000 kr á árinu.

Gjafapoki Krafts

Kraftur gefur nýgreindum gjafapoka með gagnlegum upplýsingum og gjöf frá félaginu. Er gjafapokinn afhentur inn á helstu krabbameinsdeildum Landspítalans. Markmiðið með gjafapokunum er að veita stuðning og bjóða fólk velkomið í klúbbinn sem enginn vill vera meðlimur í. Á síðasta starfsári fengum við Unbroken og Bláa Lónið í samstarfs með okkur sem gefur varning í gjafapokann.

Náms- og starfsráðgjöf

Guðlaug Ragnarsdóttir að veitir félagsmönnum Krafts náms- og starfsráðgjöf. Enn sem komið er hefur þessi þjónusta ekki verið mikið nýtt hjá félagsmönnum okkar.

Minningarsjóður

Tilgangur Minningarsjóðsins er að styrkja aðstandendur til að standa straum af útfararkostnaði þegar félagsmaður fellur frá vegna krabbameins eða afleiðingum þess. Allur ágóði af sölu minningarkorta félagsins rennur óskiptur í sjóðinn. Stjórn samþykkti í byrjun þessa starfsárs að hækka styrkinn úr 300.000 kr. í 350.000 kr. En stjórn félagsins tekur ákvörðun um styrkupp hæð til félagsmanna einu sinni á ári þegar ársreikningur félagsins liggur fyrir. Á árinu 2024 veitti Kraftur styrki úr minningarsjóðnum að fjárhæð 1.600.000 kr.

Styrktarsjóður Krafts

Styrktarsjóður Krafts er ætlað að standa straum af kostnaði sem fellur utan greiðsluþátttöku sem og öðrum tekjumissi sem getur hlotist vegna veikinda viðkomandi. Úthlutað var úr Styrktarsjóð félagsins tvisvar á síðasta starfsári. Í vor úthlutun félagsins voru 5 einstaklingar sem fengu samtals 2.500.000 kr. Í haustúthlutun 2024 fengu 8 aðilar samtals um 3.500.000 kr. Samtals 6.000.000 kr. Úthlutunarnefnd Styrktarsjóðsins fer með úthlutanir úr sjóðnum og samanstandur hún af þremur fulltrúum.

Styrkur til lyfjakaupa / Lyfjakort

Lyfjastyrkur til félagsmanna eru í formi lyfjakorta sem sótt er sérstaklega um til félagsins. Með lyfjakortunum fá félagsmenn öll krabbameinslyf, sem og önnur tengd lyf, þeim að endurgjaldslausu hjá Apótekanum. Árið 2023 var endurnýjaður var samningur við Apótekarann sem gildir til desember 2025. Virk lyfjakort í apríl 2024 voru 70 talsins.

Helstu viðburðir á starfsárinu

Perlað af Krafti

Á starfsárinu voru haldnir 49 perluviðburðir víðsvegar um landið. En farið var hringinn í kringum landið í vitundarvakningu félagsins þar sem haldnir voru viðburðir á Akureyri, Neskaupstað, Selfossi, Akranesi og Borgarnesi. Samtals voru yfir 5.000 manns sem perluðu um 17.600 armbönd á síðasta ári. En lang stærsti perluviðburðurinn var í Hörpu þar sem um 1.500 manns mættu og perluðu 3.581 armband.

Kröftug strákastund

Í mars 2024 var haldin Kröftug strákastund á Kexinu í umsjón Matta Osvald, heilsufræðings og markþjálfar Ljóssins og Róberts Jóhannssonar umsjónarmanni StrákaKrafts. Sóli Hólm, Tómas Þór, Rafn Heiðdal, Skúli Andrússon og Hilmar Orri sögðu frá sinni reynslu. Í lok stundarinnar komu tónlistamennirnir Valdimar og Örn Eldjárn og tóku nokkur lög en um 50 strákar mættu á stundina.

Páskabingó Krafts

Árlegt Páskabingó Krafts fór fram 19. mars 2024. Lalli Töframaður sá um Páskabingóið af sinni einstakri snilld og töfraði fram hverja töluna á fætur annarri. Þetta er annað árið í röð

sem Lalli sér um bingóið. Það mættu um 100 manns og var mikil spenna og gleði yfir bingóinu en viðstaddir höfðu kost á því að vinna egg frá Góu, Freyju eða Nóa Siríus. Allir sem komu fengu líka lítið páskaegg þegar þeir fóru.

Sumargrill Krafts

Sumargrillið var haldið í Guðmundarlundi 20. júní og mættu um 200 manns. Sirkus Íslands sá um andlitsmálun og blöðrudýr, börnin gátu skellt sér á bak á Krakkahestum, hoppukastalar og Instamyndir voru á svæðinu. Hamborgarabúlla Tómasar grillaði borgara ofan í alla viðstadda og Ölgerðin sá um drykki. Ísbíllinn mætti á svæðið og sáu sjálfboðaliðar um að poppa fyrir hópinn í glæsilegri poppvél frá Sirkus Íslands. Leikhópurinn Lotta mætti með skemmtilegt atriði og að lokum kom Herra Hnetumsjör og tók nokkur vel valin lög og sendi alla syngjandi glaða heim.

Aðventukvöld Krafts

Kraftur hélt Aðventukvöld 5. desember 2024 og mættu um 140 manns. Boðið var upp á veitingar undir dagskrá kvöldsins. Jólasveinar mættu á svæðið og gáfu öllum börnum glaðning og allir áttu séns á happdrættisvinningum.

Fjölskylduviðburðir

Kraftur hefur boðið félagsmönnum sínum og fjölskyldum þeirra upp á reglulega fjölskylduviðburði. Við buðum fjölskyldum í Fjölskylduland, SKOPP, bíó, Húsdýragarðinn, kertamálun og kósý í Höfuðstöðinni og í Minigolfgarðinn. Einnig buðum við upp á fjölskylduferð í Viðey í júlí þar sem boðið var upp á söng, leiki og grillaða hamborgara.

Fjármál, sala og styrkir

Mikil áhersla er lögð á ábyrga fjármálastjórn og ráðadeild í rekstri. Kraftur byggir afkomu sína alfarið á frjálsum framlögum frá einstaklingum og fyrirtækjum. Helstu kostnaðarliðir Krafts eru húsaleiga, laun og launatengd gjöld og rekstur þjónustupátta fyrir félagsmenn sína sem og kostnað vegna viðburða og námskeiða.

Mánaðarlegir styrkir

Mánaðarlega styrktarsamfélag Krafts heldur áfram að eflast og eru nú samtals 2.830 einstaklingar sem greiða að meðaltali 1.830 kr. á mánuði. Heildartekjur ársins af

mánaðarlegum styrktaraðilum var 56.086.324 kr. og er vöxtur upp á 14% milli ára. Rúmlega 80% styrkjenda eru konur og 20% karlar.

Styrkir til Krafts

Árið 2024 hlupu 147 einstaklingar fyrir Kraft og söfnuðu áheitum í Reykjavíkummaráðoninu sem voru samtals 9.645.594 kr. Þar að auki safnar félagið styrkjum í gegnum Takk fyrir þakkarauglýsingu.

Kraftur keypti aðgang að Billboard auglýsingum til að þakka hlaupurunum og þeim sem styrktu þá fyrir þeirra framlag. Einnig voru samfélagsmiðlar nýttir til að birta auglýsinguna og styrktarlínurnar. Alls safnaðist 3.438.000 kr. í gegnum það verkefni.

Á Fit & Run Expo var varningur seldur fyrir 261.935 kr án vsk.

Kostnaður við Reykjavíkummaráðonið var 1.414.180 kr, þar af er þóknun Takk fyrir öflun styrkja (27% af öflun, eða 928.260 kr), gjaldi fyrir Billboard auglýsingar, hönnun á auglýsingu, þátttöku á Fit & Run Expo og kostnaður við gjafapoka og hvatningarstöð Krafts.

Heildar hagnaður af Reykjavíkummaráðoninu var 12.074.549 kr.

Að auki bárust Krafti ýmsir styrkir á tímabilinu;

Að auki bárust Krafti ýmsir styrkir á tímabilinu, hér er ótæmandi upptalning:

- Gunnhildur Stefánsdóttir gaf félaginu 181.000 kr.
- Team Tinna félagsamtök ákváðu að styrkja Kraft um 300.000 kr.
- Hvítasunnusöfnuðurinn gaf 53.000 kr. Sem var afrakstur af súpúsölu sem þau voru með samhliða perluviðburði.
- Jóhann Þórarinsson afþakkaði gjafir á 50 ára afmælinu sínu og bað fólk um að styrkja Kraft í staðinn. Samtals safnaðist um 630.000 kr.
- Félag Austfirskra kvenna í Reykjavík veittu styrk að fjárhæð 300.000 kr.
- Ladies Circle 9 í Keflavík gaf félaginu ágóða af vöfklusölu, samtals 20.000 kr.
- Foreldrafélag Víkurskóla veitti 300.000 kr styrk.
- Mansoor Malik styrkti félagið um 50.000 kr með því að safna áheitum fyrir að hjóla til styrktar Krafti.
- Sleggja atvinnubílar styrktu félagið um 100.000 kr.
- GI rannsóknir styrktu félagið um 200.000 kr.

- Landsbankinn veitti félaginu styrk að fjárhæð 500.000 kr fyrir NorðanKraft.
- Kvenfélag Garðabæjar styrktu félagið um 250.000 kr
- Landsbankinn hélt góðgerðargólfmót og styrkti félagið um 380.000 kr
- Sólveig Óskarsdóttir styrkti félagið um 3.000.000 kr.

Vefverslun og sala varnings

Sala varnings Krafts fer fram á ýmsum stöðum; á skrifstofu félagsins, í gegnum umboðssölu, á viðburðum, í gegnum reikningsviðskipti og í vefverslun. Á árinu 2024 var heildarsala í vefverslun um 11,7 milljónir. Voru 3.343 vörur keyptar í 1.617 pöntunum. Samanborið við fyrra ár þar sem voru 5.193 vörur keyptar í 2.697 pöntunum. Er það um 60% færri pantanir í vefverslun á milli ára. Söluhæsta varan var nýja gull litaða perluarmbandið, en einnig var góð sala á öðrum perluarmböndum. Sala á viðhafnarútgáfu armbandsins í samstarfi við Veru Design, Teningar lífsins seldist einnig mjög vel ásamt servíettunum og ilmkertunum. Sala á varningi í gegnum umboðssölu gekk vel á árinu og var um 50% aukning þar. Innkoma fór úr 3,4 milljónunum (án vsk) á árinu 2023 og í 6,7 milljónir (án vsk) á árinu 2024.

Samstarf við VERU DESIGN

Á vormánuðum ársins 2023 kom út Lífið er núna skartgripalína Krafts sem unnin var í samstarfi við VERU DESIGN. Voru þetta þrjár tegundir af armböndum og eitt hálsmen, sem hægt var að fá bæði í gulli og silfri. Allur ágóði af sölu skartgripalínunnar rennur til Krafts. Skartið er í boði í vefverslun Krafts sem og hjá öllum umboðsaðilum VERA DESIGN um allt land. Hagnaður af sölu umboðsaðila og VERA DESIGN er ca á pari við það sem skartgripalager Krafts kostar. Svo öll bein sala Krafts rennur nánast 100% til félagsins. Á árinu 2024 var hagnaður af umboðssölu skartgripa 2.337.708 kr., en félagið greiddi 1.729.363 kr (án vsk) í innkaup á lager félagsins til sölu.

Árvekni - og fjáröflunarátak Krafts

Árlega stendur Kraftur fyrir árvekni- og fjáröflunarátaki þar sem markmiðið var að vekja athygli á ungu fólki sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendum og á um leið fjárhagslegan stuðning fyrir félagið. Þetta árið var ákveðið að fara í söluátak á gylltu Lífið er núna armbandi þar sem félagið fagnar líka 25 ára afmæli á þessu ári.

Vertu perla - Berðu Lífið er núna armbandið

Frá 19. janúar til og með 12. febrúar 2024 stóð Kraftur fyrir áttakinu Vertu perla - Berðu Lífið er núna armbandið. Átakið vakti mikla athygli og vorum við sýnileg víðsvegar í þjóðfélaginu. Fólk fékk innsýn inn í heim félagsmanna okkar, þeim áskorunum sem þau standa oft frammi fyrir sem og hvaða þýðingu Lífið er núna armbandið hefur fyrir þau og að sjá aðra bera armbandið.

Perluðum við víðsvegar um landið svo sem í Hörpu, Akureyri, Neskaupstað, Höfn, Selfoss, Akranesi og Borgarnesi. Jafnframt voru fullt af velviljuðum fyrirtækjum og skólum sem peruðu með okkur af krafti. En um 3100 sjálfbóðaliðar peruðu með Krafti um 10.000 armbönd á tímabilinu og í heild seldum við 8.224 armbönd.

Teningar lífsins var viðhafnarútgáfa af perluarmbandinu sem framleitt var af VERA DESIGN í tilefni af 25 ára afmælis Krafts í ár. Hægt var að fá armbandið í gull eða silfur útgáfu og var það til sölu í vefverslun Krafts og hjá umboðsmönnum VERA DESIGN. Heildarhagnaður vegna þessa var um 3,6 milljón króna.

Heildar hagnaður og styrkir fyrir vitunarkninguna námu um 24, 6 milljón í krónum sem munu nýtast í þágu ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandenda.

Baráttudagur gegn krabbameinum var 4. Febrúar. Fengum við framhaldsskólana með okkur í lið með því að deila myndböndum á samfélagsmiðlum þar sem þau sýndu hvernig þau taka höndum saman gegn krabbameinum og sérstök mynd var útbúinn að til að vekja athygli á baráttudeginum með því að fá áhrifavalda til að deila þeim á sína áhrifavalda. Fékk þessi myndi mikla og góða dreifingu.

Lífið er núna dagurinn var haldinn í annað sinn 8. febrúar og hófst af krafti með eldgosi á Reykjanesinu. Á Lífið er núna daginn var fólk hvatt til að klæðast appelsínugulu, fagna lífinu og deila því á samfélagsmiðlum. Þótt dagurinn sjálfur hafi aðeins fallið í skuggann á eldgosi fékk Kraftur nokkura umfjöllun í fjölmiðlum fyrir daginn.

Fræðslu-og hagsmunamál

Á árunum 2023 og 2024 átti Kraftur sæti í vinnuhóp á vegum Heilbrigðisráðuneytisins vegna Krabbameinsáætlunar 2030 þar sem vinnuhópurinn vann að aðgerðaráætlun stjórnvalda í heilbrigðisþjónustu við krabbameinsgreinda.

Lokaorð

Á síðasta starfsári urðu talsverðar breytingar á innri starfsemi Krafts með tilkomu nýrrar stjórnar. Starfsmannahópurinn tók breytingum og hlutverk voru skýrð betur. Félagið hefur vaxið hratt undanfarin ár. Slíkum vexti fylgir þörf á að hafa stefnu, staðlað verklag og skýr hlutverk svo félagið geti haldið áfram að vaxa og dafna.

Fjárhagsstaða félagsins er traust. Stjórn hefur í samvinnu við starfsfólk unnið að stefnumótun til að ákveða hvar við viljum efla starfsemina og hverju við viljum mögulega breyta eða hætta. Kraftmiklir tímar eru framundan og með vel mönnuðu félagi getum við nú aukið þjónustu við félagsmenn Krafts.

Félagið væri ekki á þessum stað án eldhuga í stjórn, sjálfbóðaliða og starfsmanna sem hafa lagt sitt af mörkum í gegnum tíðina. Þetta eru aðilarnir sem skapa frumkvæði og drifkraft félagsins.

Eitt af þeim verkefnum sem við gátum hafið í ár vegna þessa eldmóðs hjá starfsmönnum og sjálfbóðaliðum var “Óskabrunnurinn”, sem gefur þeim sem eru hvað veikastir tækifæri á því að óska sér einhvers til þess að létta sér lífið.

Fyrir hönd stjórnar Krafts þakka ég öllum sem hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu félagsins á árinu. Kraftur er lítið félag með stórt hjarta sem slær í takt með félagsmönnum sínum.

Áritun stjórnar

Formaður Krafts staðfestir með undirritun sinni ársskýrslu þessa fyrir starfsárið 2024.

Reykjavík, 22. apríl 2025.

Ný rödd

Stofndagur: 20. Desember 1980

Fjöldi félagsmanna: 21

Ný rödd er stuðningsfélag þeirra sem misst hafa raddbönd og barkakýli vegna krabbameins. Heimsóknir til sjúklinga fyrir og eftir aðgerðir ásamt stuðning og jafningjafræðslu eru fastir liðir í starfseminni. Rannsóknir sýna að þeir sem taka þátt í stuðningshópum líður oft betur og upplifa aukin lífsgæði. Þeir eru líklegri til að hafa meiri von og eru oft ákveðnari í því að takast á við viðfangsefnið.

Stjórn:

Aðalfundur var haldinn 16. Apríl 2024

Stjórn félagsins er sem hér segir:

- Formaður: Ragnar Davíðsson
- Meðstjórnandi: Jón Erlendur Guðmundsson
- Meðstjórnandi: Ómar Einarsson
- Varamaður: Stefán Kr. Sverrisson
- Endurskoðandi: Jónas Ragnarsson
- Endurskoðandi til vara: Gunnjóna Una Guðmundsdóttir
- Framkvæmdastjóri/Starfsmaður: Ragnar Davíðsson

Haldnir voru 5 stjórnarfundir á árinu.

Fulltrúar Nýrrar raddar tóku þátt í Aðalfundi ÖBI og formannafundum ÖBI

Starfsemi:

Starf Nýrrar raddar, sem er stuðningsfélag þeirra sem misst hafa raddbönd og barkakýli vegna krabbameins var með hefðbundnu lagi. Fundir eru haldnir í húsi Krabbameinsfélags Íslands að Skógarhlíð. Ný heimasíða félagsins var tekin í notkun á síðasta ári og henni viðhaldið á árinu. Sérstök facebook síða var stofnuð fyrir félaga sem gagnast ágætlega við jafningjafræðslu og miðlun upplýsinga. Að venju heimsóttum við sjúklinga fyrir og eftir aðgerðir auk fastra liða í starfsemi, jafningjafræðslu og kynningar á notkun hjálpartækja.

Útgáfumál og fræðsluverkefni

- Sérstök handbók fyrir þá sem þurfa í aðgerð og barkakýlisbrotnám var gefin út á árinu. Í þessari handbók eru mjög ítarlegar leiðbeiningar fyrir sjúklinga, aðstaðandendur, umönnunaraðila og þá sem áhuga hafa til að kynna sér þessi málefni frekar. Bókin var þýdd á íslensku með leyfi höfundar Dr. Itzhak Brook lækni í USA, sem þurfti að undirgangast barkakýlisbrotnám 2016 og í kjölfarið safnaði saman og gaf út þessa hagnýtu handbók.

Markaðsstarf og kynningarmál

Heimasíða félagsins

- Fræðsluefni er uppfært reglulega á heimasíðu félagsins.

Samstarf

- Ný rödd er í góðu samstarfi við Krabbameinsfélagið. Ný rödd er einnig aðili að Öryrkjabandalagi Íslands frá 2015. Formaður og stjórnarmenn sækja fundi hjá ÖBÍ og taka virkan þátt um hagsmunamál skjólstæðinga. Fulltrúi Nýrrar raddar er í laganefnd ÖBÍ og í uppstillingarnefnd hjá KÍ. Gott samstarf á milli félagsins og talmeinafræðinga Landspítala

Lokaorð

Ný rödd hefur verið virkur þátttakandi hjá undirbúningsteymi Landspítala vegna skurðaðgerða í tengslum við barkakýlisbrotnám. Þáttur Nýrrar raddar í því sambandi er miðlun jafningja-fræðslu til sjúklinga og aðstandenda. Að venju heimsóttum við sjúklinga fyrir og eftir aðgerðir. Samfélagsmiðlar hafa verið nýttir í meira mæli en áður í því skyni að ná betur til þeirra sem ella eiga erfitt um vik að sækja reglulega félagsfundi. Þó svo miðlun upplýsinga sé einfaldari með notkun t.d. facebookar, þá er áhyggjuefni ef það leiði til minnkandi þátttöku á félagsfundum. Það má ekki gleyma að hefðbundin samskipti þar sem fólk hittist og blandar geði geta verið mikilvæg og uppbyggjandi fyrir marga.

f.h. stjórnar

Ragnar Davíðsson, formaður

Perluvinir

Stofnað: árið 2015

Skýrsla stjórnar.

Á aðalfundi sem haldinn var 13. maí 2025 stjórn Perluvina endurkjörin. Í stjórn eru Kristín Einarsdóttir formaður, Kjartan Gunnarsson og Þórhalli Einarsson. Á starfsárinu voru haldnir fundir að jafnaði einu sinni í mánuði nema sumarmánuðina. Í desember var haldinn jólafundur þar sem snætt var saman ásamt mökum á veitingastaðnum Vox.

Kristín sótti fund IMF um nýjustu lyf og meðferðir við mergæxli í Madrid í júní 2024 og fund Norrænu samtaka um mergæxli í Stokkhólmi í nóvember þar sem aðallega var rætt um CAR-T meðferð.

Árleg ráðstefna International Myeloma Foundation (IMF) í samvinnu við Perluvini, Landspítala og Háskóla Íslands var haldinn 25. október 2024 á Hotel Reykjavík Nordica. Rúmlega 80 manns sóttu ráðstefnuna. Serdar Erdogan fulltrúi IMF tjáði okkur að hér eftir myndi IMF ekki styrkja sambærilega ráðstefnu nema annað hvert ár. Þótt IMF hefði ákveðið að styrkja ekki ráðstefnu á árinu 2025 þá ákváðu Perluvinir að halda hálf dags ráðstefnu 17. október. Sótt var um styrk til Krabbameinsfélagsins sem veitti 250 þús króna styrk til ráðstefnunnar sem haldinn verður í húsi Íslenskrar erfðagreiningar Sturlugötu 8 Reykjavík en við fáum aðstöðuna endurgjaldslaust.

Reikningar og félagsgjöld.

Perluvinir hafa engar tekjur og eru því engir reikningar lagðir fram. Ekki hafa verið innheimt félagsgjöld fram til þessa og svo verði áfram.

Reykjavík 13. maí 2025

Stómasamtök Íslands

Stofnuð: árið 1980

Fjöldi félagsmanna: 350

Starfsárið 2024-2025 var nokkuð hefðbundið, og tókst að halda uppi nokkuð eðlilegu starfi þrátt fyrir að fundarsókn félagsmanna sé ennþá með lélegra móti. Á móti kemur að all nokkrir fylgjast með félagsfundum gegnum útsendingu á Facebook. Það náðist að halda fjóra almenna félagsfundi á starfsárinu en aðalfundur samtakanna var haldinn í maí eins og lög gera ráð fyrir. Nokkrir stjórnarfundir voru haldnir og voru þeir hafðir að mestu með mætingu stjórnarmanna á fundarstað. Jólahlaðborð samtakanna var haldið í desember og var mæting töluvert betri en árið á undan annað árið í röð. Í endaðan mars mánuð og byrjun apríl var síðan haldið námskeið fyrir nýja stómaþega eins og gert var síðast 2021 og tókst það nokkuð vel. Tæplega tuttugu manns skráðu sig á námskeiðið sem tók tvo eftirmiðdaga og gáfu flestir því þokkalega einkunn. Ef til vill þarf þó að snerpa á nokkrum atriðum sem þarna eru til umfjöllunar.

Innlent samstarf:

- Formaður samtakanna sat í kjörnefnd Krabbameinsfélagsins og mætti að auki á formannafundi. Tveir fulltrúar okkar voru síðan á aðalfundi KÍ. Þrír fulltrúar samtakanna sóttu aðalfund ÖBÍ.

Erlent samstarf:

- Aftur tókst að senda stómavarning til Afríku og fóru þangað tvær sendingar, hvor um sig ríflega 100 kg. Samtökin fengu hins vegar ekki náð fyrir augum úthlutunarnefndar í utanríkisráðuneytinu annað árið í röð og var því ekki hægt að fara til Uganda með fullmótað prógram tilstyrktar stómaþegum þar í landi. Formaður fór þó til Uganda með íslenska stóma hjúkrunarkonu með sér og nokkra aðila frá Kenýa og víðar frá Afríku og leiddi þar starf sem tók ríflega viku og tókst með ágætum.
- Formaður samtakanna var áfram forseti Evrópusamtakanna, EOA, og leiddi stjórnarstörf. Stjórnarfundir fóru bæði fram í gegnum netið og sömuleiðis var haldinn fjölmennur fundur í Naíróbí í Kenýa þar sem aðilar frá öllum meðlimum EOA í mættu til.

- Norrænn formannafundur var síðan haldin í Kaupmannahöfn í september og tókst með miklum ágætum. Frændur okkar á Danir héldu góðan fund þar sem mörg málefni voru rædd, þar á meðal forsetakjör í EOA og voru allir viðstaddir mjög ánægðir með alla framkvæmd

Útgáfumál:

Eins og á fyrra ári kom fréttabréf samtakanna ekki út en heimasíðan hefur tekið við hlutverki þess sem og aðrir samskiptamöguleikar í gegnum netið. Facebook síða á vegum samtakanna hefur verið notuð töluvert á árinu til að miðla upplýsingum og streyma fundum. Öll útgefin fréttabréf er einnig að finna á pdf formi á heimasíðu samtakanna, www.stoma.is

Almennt:

Í lok starfsársins voru félagsmenn ríflega 350 talsins, flestir á höfuðborgarsvæðinu en einnig er stór hópur virkur á Eyjafjarðarsvæðinu. Fundur með Eyfirðingum var haldinn seint í apríl og fór formaður norður til skrafs og ráðagerða. Þar fyrir utan dreifast stómaþegar um allar byggðir landsins. Fjárhagur félagsins er ágætur í lok starfsársins. Er þar helst að þakka styrkjum frá Krabbameinsfélaginu og Öryrkjabandalaginu.

Virðingarfyllt,

Jón Þorkelsson, formaður Stómasamtaka Íslands.



Krabbameinsfélagið